

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu, auk áorðinna breytinga.

1. gr.

Innleiðing.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2007, frá 27. október 2007, öðlast eftirfarandi EB-gerðir gildi hér á landi:

- a) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu.
- b) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 frá 5. desember 2005 um framkvæmdarráðstafanir, er varða tilteknar afurðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og er varða skipulag opinbers eftirlits samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004, um undanþágu frá reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 og breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004.
- c) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005 um bráðabirgðafyrirkomulag við framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004 og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004.
- d) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1662/2006 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu.
- e) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1664/2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 að því er varðar framkvæmdarráðstafanir vegna tiltekinna afurða úr dýraríkinu, sem ætlaðar eru til manneldis, og um niðurfellingu tiltekinna framkvæmdarráðstafana.
- f) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1666/2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2076/2005 um bráðabirgðafyrirkomulag við framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004.

2. gr.

Fylgiskjöl.

Reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. eru birtar sem fylgiskjöl I, II, III, IV, V og VI við reglugerð þessa.

3. gr.

Hugtakið „aðildarríki“.

Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við EES-samninginn skal túlka hugtakið „aðildarríki“ í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. gr. þannig að það taki til EFTA-ríkjanna auk ríkja sem það tekur til samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002, enda sé ekki kveðið á um annað í öðrum ákvæðum þessarar reglugerðar. Beita skal ákvæðum 11. mgr. bókunar 1 við EES-samninginn við túlkun þessa ákvæðis.

4. gr.

Samþykki opinbers eftirlitsaðila.

Þegar ofangreindar reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar kveða á um tiltekið „samþykki“ opinbers eftirlitsaðila fullnægja slíkir aðilar lagaskyldu sinni með útgáfu starfsleyfis nema annað sé sérstaklega tekið fram.

5. gr.

Viðbætur.

Eftirfarandi viðbætur verða á efnisákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004:

- a) Orðið „Noregur“ bætist við á eftir orðinu „Svíþjóð“ í 8. gr.
- b) Eftirfarandi bætist við í öðrum undirlið 6. mgr. í B-lið I. þáttar II. viðauka: „NO“ og „IS“.
- c) Eftirfarandi bætist við í 8. mgr. í B-lið I. þáttar II. viðauka: „EFTA“.

6. gr.

Eftirlit.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirlit Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995.

7. gr.

Skynmatseiginleikar lagarafurða.

Um ferskleikaviðmiðanir við skynmatsrannsóknir á lagarafurðum skal farið eftir viðauka A.

8. gr.

Þvingunarúrræði og viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

9. gr.

Lagastoð.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerðin öðlast gildi 1. mars 2010. Þó taka efnisákvæði ofangreindra reglugerða ekki til kjöts, mjólkur, eggja og hrárra afurða úr þessum matvælategundum fyrr en 1. nóvember 2011.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til 1. mars 2011 eru fiskiskip undir 15 brúttóntonnum undanþegin þeirri skyldu að hafa samning við faggilta skoðunarstofu, sbr. 79. gr. laga nr. 149/2009.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 25. janúar 2010.

Jón Bjarnason.

Baldur P. Erlingsson.

VIÐAUKI A
Matsreglur.

Flokkun eftir ferskleika samkvæmt eftirfarandi reglum byggist á því að skoða og meta viss einkenni sem eru sérstök fyrir hverja tegund eða svipaðar tegundir.

Matsreglurnar taka þó ekki til smámagns sem sjómenn á dagróðrabátum selja beint til smásala eða neytenda.

A. Bolfiskur og flatfiskur (fisktegundir sem safna fitu að mestu leyti í lifrina): Svo sem ýsa (*Melanogrammus aeglefinus*), þorskur (*Gadus morhua*), ufsi (*Pollachius virens*), karfi (*Sebastes*

teg.), lýsa (*Merlangius merlangus*), langa (*Molva molva*), lýsingur (*Merluccius merluccius*), bramafiskur (*Brama brama*), skötuselur (*Lophius piscatorius*), spærlingur (*Trisopterus esmarki*), stórglyrnir (*Boops boops*), geddur (*Esocidae teg.*), hafáll (*Conger conger*), knurrarar (*Trigla teg.*), röndungar (*Mugil teg.*), skarkoli (*Pleuronetes platessa*), sandkoli (*Limanda limanda*), þykkvalúra (*Microstomus kitt*), marbendill (*Lepidopus caudatus*), hlýri (*Anarhichas minor*), keila (*Brosme brosme*), lýr (*Pollachius pollachius*), lúða (*Hyppoglossus hyppoglossus*), flundra (*Platichthys flesus*), flúrus (*Solae teg.*), stórkjöftur (*Lepidorhombus teg.*), steinbítur (*Anarhichas lupus*).

B. Feitfiskar (fisktegundir sem safna fitu að verulegu/mestu leyti í holdið): Svo sem túnfiskur (*Thunnus thynnus*), hvíti túnfiskur (*Thunnus alalunga* (*Germo alalunga*)), stóreygði túnfiskur, glápara (*Thunnus eða Parathunnus obesus*), kolmunnur (*Micromesistius poutassou eða Gadus poutassou*), síld (*Clupea harengus*), sardína (*Sardina pilchardus*), stinglax/röndungur (*Aphanopus carbo*), ansjósur (*Engraulis teg.*), makrill (*Scomber scombrus*), makrill, spænskur (*Scomber japonicus*), brynstirtla (*Trachurus trachurus*).

C. Brjóskefiskar: Svo sem hámys (*Holocep halimorpha*), háfar og skötur (*Elasmobranchii*).

D. Smokkfiskar: Svo sem beitusmokkur (*Todarodes sagittatus*), kolkrabbar (*Cephalopoda*).

E. Krabbadýr: Svo sem rækja (*Pandalus borealis*), leturhumar (*Nephros norvegicus*), sandrækja (*Crangon crangon*), töskukrabbi (*Cancer pagurus*).

A. BOLFISKUR OG FLATFISKUR

MATSÞÁTTUR	HÆFUR TIL MANNELDIS *	ÓHÆFUR TIL MANNELDIS **
Roð	Farið að tapa lit og verða matt.	Mött áferð.
Slím	Mjólkurliða.	Ógagnsætt.
Augu	Flöt. Ópalleit hornhimna. Augasteinn mattur.	Íhvolf. Hornhimna mjólkurliða. Augasteinn gráleitur.
Tálkn	Brúnleit, farin að upplitast. Slímið þykkt og ógagnsætt.	Slímið gulleit og mjólkurliða.
Kviðhimna (í slægðum fiski)	Blettótt, auðvelt að losa hana frá þunnildum.	Laus frá þunnildum.
Lykt úr tálknunum og kviðarholi á bolfiski og kola	Minnir á súrmjólki, súrt brauð. Fitubræk, lykt af gerjun, vottur af þráa.	Súr. Súr.
Þéttleiki holds	Nokkuð lint, minnkandi fjöðrun. Vaxkennd og mött áferð.	Lint. Hreistur losnar auðveldlega af roði. Yfirborð farið að skorpnna.

Sérstakar kröfur varðandi hausaðan skötusel.

Blóðæðar í þunnildum.	Nokkuð breiðar og brúnleitar.	Allar breiðar, brúnleitar og holdið orðið gulleitt.
-----------------------	-------------------------------	---

* Lágmarkskröfur.

** Eða skemmdareinkennin meiri.

B. FEITFISKUR

MATSPÁTTUR	HÆFUR TIL MANNELDIS *	ÓHÆFUR TIL MANNELDIS **
Roð	Gljálaut, matt, litur daufur, roðið myndar fellingar ef fiskurinn er sveigður.	Litur mjög daufur, farið að losna frá holdinu.
Slím	Mjólkurleitt.	Gul-grátt, ópalleitt.
Hold	Vottur af losi.	Los.
Tálknborð	Brúnleit eða áberandi blóðflæði út frá æðum.	Gulleit.
Augu	Flöt, augasteinn ógreinilegur, blóðlitur umhverfis auga.	Íhvolf. Miðjan sokkin, augasteinn grár, sjónhimnan mjólkurleit.
Lykt úr tálknum	Minnir á bjór- eða gerlykt, egg sem farið er að fúlna eða brennisteinsfnyk.	Rotnunar- eða súrlykt.

* Lágmarkskröfur.

** Eða skemmdareinkennin meiri.

(Haft skal til athugunar að fiskur í miklu æti verður þrjár áður en skemmdarlykt kemur af honum.)

C. BRJÓSKFISKAR

MATSPÁTTUR	HÆFIR TIL MANNELDIS *	ÓHÆFIR TIL MANNELDIS **
Augu	Flöt, mött.	Íhvolf, gulleit.
Útlit/slím	Nokkurt slím í kjafti og í tálknopum, kjálkar lítillaga útflattir.	Mikið slím í kjafti og tálknopum.
Lykt	Lítilsháttar ammoníakslykt, súrlykt.	Sterk ammoníakslykt.

Sérstakar kröfur varðandi skötur.

MATSPÁTTUR	HÆFAR TIL MANNELDIS *	ÓHÆFAR TIL MANNELDIS **
Roð	Litarbreyting byrjuð, gljái horfinn, slím ópalleitt.	Upplitað, skorpið, slím orðið þykkt.
Hold	Meirt.	Áberandi los, skvapkennt.
Útlit	Börðin lin.	Börðin slapandi.
Kviðarhol	Hvítt og matt með rauða eða gula bletti.	Gulir eða grænir blettir, rauðir blettir í holdinu.

* Lágmarkskröfur.

** Eða skemmdareinkennin meiri.

D. SMOKKFISKUR

MATSÞÁTTUR	HÆFUR TIL MANNELDIS *
Roð	Upplitað, losnar auðveldlega frá holdinu.
Hold	Aðeins byrjað að meirna, ljósbleikt eða ljósgult.
Armar	Ekki erfitt að ná þeim af.
Lykt	Bleklykt.

* Lágmarkskröfur.

E. KRABBADÝR**1. Rækjur.**

MATSÞÁTTUR	HÆF TIL MANNELDIS
Lágmarkskröfur	Yfirborð skeljar skal vera rakt og gljáandi. Rækjur skulu renna lausar og aðskildar þegar þær eru færðar milli íláta. Ekkert aukabragð skal vera af vöðvanum. Rækjan skal vera laus við hvers konar utanaðkomandi óhreinindi, s.s. sand eða slím.
Útlit	
1. Rækja í skel (Crangon crangon)	Litur breytilegur frá föl-rauðbleikum yfir í blárauðan með hvítum blettum. Kviður ætti að vera ljós en þó má vera vottur af gráum lit á skelinni.
2. Djúpsjávarrækja (Pandalus borealis)	Bleik en hausinn gæti verið byrjaður að sortna.
Hold	Losnar treglega úr skelinni og smávægilegar holdtægjur fylgja henni. Farið að meirna, svolítið seigt.
Brotin rækja	Smávægilegt magn af brotinni rækju má finnast.
Lykt	Lítið eitt súr. Engin þanglykt.

2. Leturhumar, lágmarkskröfur.

MATSÞÁTTUR	HÆF TIL MANNELDIS
Skel	Vottur af litarbreytingu, nokkrir svartir blettir og skelin gráleit, einkum milli liða á halanum.
Tálkn	Tálkn dökkgrá og græn slikja á efra borði skeljarinnar.
Lykt	Vottur af súrlykt.
Hold (hali)	Ópalleitt og matt.

Fylgiskjal I.**Leiðrétting á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu***(Stjórnartíðindi Evrópusambandsins L 139 frá 30. apríl 2004)*

Reglugerð (EB) nr. 853/2004 verði svohljóðandi:

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 853/2004**frá 29. apríl 2004****um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum b-lið 4. mgr. 152. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽²⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 852/2004 ⁽⁴⁾ mæltu Evrópuþingið og ráðið fyrir um almennar reglur fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja um hollustuhætti sem varða matvæli.
- 2) Þar eð sum matvæli geta haft sérstaka hættu í för með sér fyrir heilbrigði manna er nauðsynlegt að setja sérstakar reglur um hollustuhætti. Þetta á einkum við matvæli úr dýraríkinu enda hefur oft verið tilkynnt um örverufræðilega og efnifræðilega hættu vegna þeirra.

- 3) Í tengslum við sameiginlega stefnu í landbúnaði hafa margar tilskipanir verið samþykktar í því skyni að setja sérstakar heilbrigðisreglur um framleiðslu og setningu þeirra afurða, sem eru tilgreindar í I. viðauka við sáttmálann, á markað. Með slíkum heilbrigðisreglum hefur verið dregið úr hindrunum í viðskiptum með viðkomandi afurð sem hefur stuðlað að uppbyggingu innri markaðarins og jafnframt hefur tekist að tryggja öfluga vernd lýðheilsu.

- 4) Þessar reglur byggjast á sameiginlegum meginreglum sem varða lýðheilsu og snúa einkum að ábyrgð framleiðenda og lögbærra yfirvalda, kröfum sem varða skipulag, rekstur og hollustuhætti starfsstöðva, málsmeðferð við samþykki starfsstöðva (við veitingu starfsleyfis fyrir starfsstöðvum) og kröfum um geymslu og flutning og að heilbrigðismarkum.

- 5) Þessar meginreglur eru sameiginlegur grunnur að hollustuháttum við framleiðslu matvæla úr dýraríkinu og gera það kleift að einfalda nógildandi tilskipanir.

- 6) Æskilegt er að ná fram frekari einföldun með því að láta sömu reglur gilda um allar afurðir úr dýraríkinu þegar því verður við komið.

- 7) Einnig er unnt að einfalda þá kröfu, sem er sett fram í reglugerð (EB) nr. 852/2004, að stjórnendur matvælafyrirtækja, sem stunda framleiðslu, vinnslu og dreifingu matvæla á einhverju stigi að lokinni frumframleiðslu og tengdri starfsemi, skuli innleiða, beita og viðhalda aðferðum sem byggjast á meginreglum um greiningu á hættu og mikilvæga stýristaði.

- 8) Í heild sinni eru þessi atriði gild ástæða fyrir endursamningu þeirra sérstöku reglna um hollustuhætti sem er að finna í nógildandi tilskipunum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 365 E, 19.12.2000, bls. 58.⁽²⁾ Stjtið. EB C 155, 29.5.2001, bls. 39.⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 15. maí 2002 (Stjtið. ESB C 180 E, 31.7.2003, bls. 288), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. október 2003 (Stjtið. ESB C 48 E, 24.2.2004, bls. 23), afstaða Evrópuþingsins frá 30. mars 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 16. apríl 2004.⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 3.

- 9) Meginmarkmiðið með endursamningnum er að tryggja neytendum öflugna vernd með tilliti til öryggis matvæla, einkum með því að láta sömu reglur gilda um stjórnendur matvælafyrirtækja hvarvetna í Bandalaginu, og að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðsins fyrir afurðir úr dýraríkinu og stuðla þannig að því að markmið sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar ná fram að ganga.
- 10) Nauðsynlegt er að halda ítarlegum reglum um hollustuhætti, sem varða afurðir úr dýraríkinu, og jafnvel að herða þær ef það reynist nauðsynlegt til að tryggja vernd neytenda.
- 11) Reglur Bandalagsins gilda ekki um frumframleiðslu til einknota á heimilum eða um vinnslu, meðhöndlun eða geymslu matvæla á heimilum til einkaneyslu. Þegar um er að ræða beina afhendingu stjórnenda matvælafyrirtækis á litlu magni frumframleiðsluvara eða tiltekinna kjöttegunda, sem hann framleiðir, til neytanda eða smásöluvafyrirtækis á staðnum er auk þess eðlilegt að vernda lýðheilsu með landslögum, einkum vegna náinna tengsla framleiðandans og neytandans.
- 12) Kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 852/2004 nægja að jafnaði til að tryggja öryggi matvæla í starfsstöðvum sem stunda smásöluvarfsemi sem tekur til beinnar sölu eða afhendingar matvæla úr dýraríkinu til neytenda. Þessi reglugerð gildir almennt um heilðustarfsemi (þ.e. þegar smásöluvafyrirtæki rekur starfsemi í þeim tilgangi að afhenda matvæli úr dýraríkinu til annarrar starfsstöðvar). Að undanskildum sérstökum kröfum um hitastig, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skulu kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 852/2004 engu að síður nægja varðandi heilðustarfsemi sem felst eingöngu í geymslu eða flutningum.
- 13) Aðildarríkin skulu hafa nokkuð svigrúm, innan ramma landslaga, til að rýmka eða takmarka beitingu krafanna í þessari reglugerð sem varða smásölu. Þó mega þau ekki takmarka beitingu þeirra nema þau telji að kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 852/2004 nægi til að ná markmiðum um hollustuhætti sem varða matvæli og að afhending smásöluvafyrirtækis á matvælum úr dýraríkinu til annarrar starfsstöðvar sé óveruleg, staðbundin og takmörkuð starfsemi. Slík afhending á því aðeins að vera litill hluti af viðskiptum fyrirtækisins og skulu starfsstöðvarnar, sem fá afurðir frá því, vera í næsta nágrenni við það og afhendingin skal einungis ná til tiltekinna tegunda vara eða starfsstöðva.
- 14) Í samræmi við 10. gr. sáttmálans skulu aðildarríkin gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að stjórnendur matvælafyrirtækja ræki þær skyldur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 15) Ef tryggja á öryggi matvæla er nauðsynlegt að geta rakið feril þeirra. Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem bera ábyrgð á starfsstöðvum sem eru háðar samþykki í samræmi við þessa reglugerð, skulu sjá til þess að allar afurðir úr dýraríkinu, sem þeir setja á markað, beri annaðhvort heilbrigðismerki eða auðkennismerki, auk þess sem þeir skulu hlíta almennum reglum í reglugerð (EB) nr. 178/2002⁽¹⁾.
- 16) Matvæli, sem eru flutt inn í Bandalagið, skulu uppfylla almennu kröfurnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 178/2002, eða vera í samræmi við reglur sem eru jafngildar reglum Bandalagsins. Í þessari reglugerð eru fastsettar sérstakar kröfur um hollustuhætti er varða matvæli úr dýraríkinu sem eru flutt inn í Bandalagið.
- 17) Samþykkt þessarar reglugerðar skal ekki draga úr þeirri vernd sem felst í viðbótarábyrgðum sem voru samþykktar fyrir Finnland og Svíþjóð við inngöngu þeirra í Bandalagið og staðfestar með ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 94/968/EB⁽²⁾, 95/50/EB⁽³⁾, 95/160/EB⁽⁴⁾, 95/161/EB⁽⁵⁾, 95/168/EB⁽⁶⁾, 95/409/EB⁽⁷⁾, 95/410/EB⁽⁸⁾ og 95/411/EB⁽⁹⁾. Í reglugerðinni skal kveðið á um málsmeðferð sem gerir kleift, á tilteknum aðlögunartíma, að veita ábyrgðir til aðildarríkja þar sem í gildi er samþykkt, landsbundin eftirlitsáætlun sem er jafngild, að því er varðar matvæli úr dýraríkinu, þeim áætlunum sem voru samþykktar fyrir Finnland og Svíþjóð. Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum dýrasjúkdóma sem berast í fólk með matvælum⁽¹⁰⁾ er kveðið á um sams konar málsmeðferð að því er varðar lifandi dýr og útungunaregg.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1). Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1642/2003 (Stjtið. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 4).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 371, 31.12.1994, bls. 36.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 53, 9.3.1995, bls. 31.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 105, 9.5.1995, bls. 40.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 105, 9.5.1995, bls. 44.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 109, 16.5.1995, bls. 44.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 243, 11.10.1995, bls. 21.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 243, 11.10.1995, bls. 25.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 243, 11.10.1995, bls. 29.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 325, 12.12.2003, bls. 1.

- 18) Því þykir rétt að kröfum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og varða skipulag og hollustuhætti, gildi um allar tegundir starfsstöðva, þ.m.t. lítil fyrirtæki og færanleg sláturhús.
- 19) Sveigjanleiki er æskilegur svo að beita megi áfram hefðbundnum aðferðum á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar matvæla og í tengslum við kröfur sem gilda um skipulag starfsstöðva. Sveigjanleiki er sérstaklega mikilvægur á svæðum sem líða fyrir sérstakar, landfræðilegar takmarkanir, m.a. á afskekktustu svæðum sem um getur í 2. mgr. 299. gr. sáttmálans. Sveigjanleiki má þó ekki stefna í hættu markmiðum sem sett eru um hollustuhætti sem varða matvæli. Enn fremur skal sú málsmeðferð, sem gerir aðildarríkjunum kleift að nýta sér sveigjanleika, vera að fullu gagnsæ vegna þess að öll matvæli, sem eru framleidd í samræmi við reglur um hollustuhætti, verða að öllu jöfnu í frjálsri dreifingu í Bandalaginu. Í henni skal kveðið á um, ef það er nauðsynlegt til þess að jafna ágreining, umfjöllun innan fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra, sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 178/2002, og að framkvæmdastjórnin skuli samræma ferlið og gera nauðsynlegar ráðstafanir.
- 20) Skilgreiningin á vélúrbeinuðu kjöti skal vera almenn og ná til allra aðferða við vélúrbeiningu. Vegna þess hve hröð tæknifróunin er á þessu sviði er rétt að hafa skilgreininguna sveigjanlega. Með hliðsjón af áhættumati á þeim afurðum sem fást með mismunandi aðferðum skulu tæknikröfur, er varða vélúrbeinað kjöt, þó vera mismunandi.
- 21) Stjórnendur matvælafyrirtækja eiga í samskiptum, þ.m.t. á sviði fôðurmála, og á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar eru tengsl á milli umfjöllunar um dýraheilbrigði, velferð dýra og lýðheilsu. Þetta útheimtir viðunandi boðskipti á milli mismunandi hagsmunaaðila í matvælaferlinu, allt frá frumframleiðslu til smásölu.
- 22) Ef tryggja á tilhlýðilegt eftirlit með villtum veiðidýrum, sem hafa verið felld og sett á markað í Bandalaginu, þarf að afhenda skrokka dýranna og innfyli til opinberrar skoðunar eftir slátrun á starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr. Þó þykir rétt, til að viðhalda ákveðnum veiðihæðum án þess að tefla öryggi matvæla í tvísýnu, að kveða á um þjálfun fyrir veiðimenn sem setja villt veiðidýr á markað til mannelis. Þessi þjálfun á að gera veiðimönnum kleift að gera fyrstu athugun á villtu veiðidýri á vettvangi. Ekki er nauðsynlegt, við þessar aðstæður, að krefjast þess að þjálfadír veiðimenn afhendi öll innfyli til skoðunar eftir slátrun á starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr ef þeir framkvæma þessa fyrstu athugun og sjá ekkert afbrigðilegt og engin hættumerki. Aðildarríkin skulu þó hafa leyfi til að setja strangari reglur á yfirráðasvæðum sínum til að taka tillit til sérstakra áhættuþátta.
- 23) Í þessari reglugerð skulu settar viðmiðanir fyrir hrámjólk er gildi uns samþykktar hafa verið nýjar kröfur er varða setningu hennar á markað. Þessar viðmiðanir skulu vera viðbragðsmörk en í því felst að stjórnendur matvælafyrirtækja, sem fara yfir mörkin, verða að gera ráðstafanir til úrbóta og tilkynna það lögbæru yfirvaldi.
- Þessar viðmiðanir skulu ekki vera hámarksgildi þannig að ekki megi setja mjólk með hærri gildi á markað. Þetta felur í sér að í ákveðnum tilvikum er óhætt að nota hrámjólk til mannelis þótt hún uppfylli ekki viðmiðanirnar ef gerðar eru viðeigandi ráðstafanir. Að því er varðar hrámjólk og hrárjóma, sem eiga að fara beint til mannelis, þykir rétt að gera hverju aðildarríki kleift að viðhalda eða gera viðeigandi heilbrigðisráðstafanir til að tryggja að markmiðunum í þessari reglugerð verði náð á yfirráðasvæði þess.
- 24) Það þykir rétt að hafa viðmiðun fyrir hrámjólk, sem er notuð til framleiðslu á mjólkurafurðum, þrisvar sinnum hærri en viðmiðun fyrir hrámjólk sem er safnað á býlum. Viðmiðun fyrir mjólk, sem er notuð til framleiðslu á unnum mjólkurafurðum, er algildi en viðmiðun fyrir hrámjólk, sem er safnað á býlum, er meðalgildi. Þótt kröfum um hitastig, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, sé fullnægt dugir það ekki til að stöðva allan gerlavöxt við flutning og geymslu.
- 25) Sú endursamning, sem hér á sér stað, hefur í för með sér að unnt er að fella gildandi reglur um hollustuhætti úr gildi. Það er gert með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/41/EB frá 21. apríl 2004 um niðurfellingu tiltekinnar tilskipana sem varða hollustuhætti í tengslum við matvæli og heilbrigðisskilyrði við framleiðslu og markaðssetningu tiltekinnar afurða úr dýrarikinu sem eru ætlaðar til mannelis⁽¹⁾.
- 26) Að auki koma reglurnar um egg í þessari reglugerð í stað reglnanna í ákvörðun ráðsins 94/371/EB frá 20. júní 1994 varðandi tiltekin heilbrigðisskilyrði fyrir markaðssetningu ákveðinna eggjategunda⁽²⁾ sem niðurfelling II. viðauka við tilskipun ráðsins 92/118/EBE⁽³⁾ ógildir.
- 27) Löggjöf Bandalagsins um hollustuhætti sem varða matvæli skal grundvallast á vísindalegri ráðgjöf. Í því skyni skal samráð haft við Matvælaöryggisstofnun Evrópu hvenær sem nauðsyn ber til.

(¹) Stjtið. ESB L 157, 30.4.2004, bls. 33.

(²) Stjtið. EB L 168, 2.7.1994, bls. 34.

(³) Tilskipun ráðsins 92/118/EBE frá 17. desember 1992 varðandi kröfur um heilbrigði dýra og manna sem hafa áhrif á viðskipti innan og innflutning til Bandalagsins á vörum sem umræddar kröfur í sérreglum Bandalagsins sem um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 89/662/EBE, og í tilskipun 90/425/EBE hvað varðar lifandi smitefni, gilda ekki um (Stjtið. EB L 62, 15.3.1993, bls. 49). Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 445/2004 (Stjtið. ESB L 72, 11.3.2004, bls. 60).

- 28) Til að tekið verði tillit til framfara á sviði vísinda og tækni skal tryggja nána og skilvirka samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna innan fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.
- 29) Kröfunum í þessari reglugerð skal ekki beitt fyrr en allir hlutar hinnar nýju löggjafar um hollustuhætti sem varða matvæli hafa öðlast gildi. Enn fremur er rétt að kveða á um að a.m.k. 18 mánuðir líði frá gildistöku nýju reglnanna þar til þeim verður beitt svo að viðkomandi fyrirtækjum gefist tími til að laga sig að þeim.
- 30) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28 júní 1999 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við beitingu framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýrarikinu er gildi fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja. Þessar reglur koma til viðbótar reglunum sem mælt var fyrir um í reglugerð (EB) nr. 852/2004. Þær gilda um óunnar og unnar afurðir úr dýrarikinu.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um matvæli sem innihalda bæði afurðir úr jurtarikinu og unnar afurðir úr dýrarikinu nema það sé sérstaklega tekið fram. Unnar afurðir úr dýrarikinu, sem eru notaðar við tilreiðslu þessara matvæla, skulu þó framleiddar og meðhöndlaðar í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð.

3. Þessi reglugerð gildir ekki um:

- a) frumframleiðslu til heimilisnota,
- b) tilreiðslu, meðhöndlun eða geymslu matvæla til einkaneyslu,
- c) beina afhendingu framleiðanda á litlu magni frumframleiðsluvara til neytanda eða smásöluvæðingartækis á staðnum sem afhendir vöru beint til neytenda,

d) beina afhendingu framleiðanda á litlu magni kjöts af alifuglum og nörturum, sem er slátrað á býlinu, til neytanda eða smásöluvæðingartækis á staðnum sem afhendir slíkt kjöt beint til neytenda sem nýtt kjöt,

e) veiðimenn sem afhenda villt veiðidýr eða kjöt af villtum veiðidýrum í litlu magni beint til neytenda eða til smásöluvæðingartækja á staðnum sem afhenda beint til neytenda.

4. Aðildarríkin skulu setja reglur, samkvæmt landslögum, um þá starfsemi og aðila sem um getur í c-, d- og e-lið 3. mgr. Þessar landsbundnu reglur skulu tryggja að markmiðum þessarar reglugerðar verði náð.

5. a) Þessi reglugerð gildir ekki um smásölu nema annað sé sérstaklega tekið fram.

b) Þessi reglugerð gildir þó um smásölu þegar um er að ræða starfsemi sem er stunduð í þeim tilgangi að afhenda matvæli úr dýrarikinu til annarrar starfsstöðvar nema:

i) starfsemin sé einungis geymsla og flutningur en þegar svo er gilda samt sérstakar kröfur um hitastig sem mælt er fyrir um í III. viðauka

eða

ii) afhending smásöluvæðingartækisins á matvælum úr dýrarikinu sé eingöngu til annarra smásöluvæðingartækja og sé, í samræmi við landslög, óveruleg, staðbundin og takmörkuð starfsemi.

c) Aðildarríkjunum er heimilt að samþykka landsbundnar ráðstafanir til að geta beitt kröfunum í þessari reglugerð gagnvart smásöluvæðingartækjum á yfirráðasvæðum sínum sem reglugerðin gildir ekki um skv. a- eða b-lið.

6. Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um:

a) viðeigandi reglur um dýraheilbrigði og lýðheilsu, þ.m.t. strangari reglur sem settar eru um forvarnir og varnir gegn tilteknum, smitandi heilahrönnunarsjúkdómum og um útrýmingu þeirra,

b) kröfur er varða velferð dýra

og

c) kröfur er varða auðkenningu dýra og rekjanleika afurða úr dýrarikinu.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi skilgreiningar á hugtökum:

- 1) skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 178/2002,
- 2) skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 852/2004,
- 3) skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka
og
- 4) skilgreiningar á tæknihugtökum í II. og III. viðauka.

II. KAFLI

SKYLDUR STJÓRNENDA MATVÆLAFYRIRTÆKJA

3. gr.

Almennar skyldur

1. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu fara að viðeigandi ákvæðum II. og III. viðauka.
2. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu ekki nota önnur en drykkjarhæft vatn eða, ef það er heimilt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 852/2004 eða þessari reglugerð, hreint vatn til að hreinsa óhreinindi af yfirborði afurða úr dýrarikinu nema notkun efnanna hafi verið samþykkt í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 12. gr. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu einnig fullnægja öllum skilyrðum fyrir notkun sem kunna að verða samþykkt með sömu málsmeðferð. Þótt stjórnandi matvælafyrirtækis noti samþykkt efni leysir það hann ekki undan þeirri kvöð að uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð.

4. gr.

Skráning og samþykki fyrir starfsstöðvum

1. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu ekki setja afurðir úr dýrarikinu, sem eru framleiddar í Bandalaginu, á markað nema þær hafi verið tilreiddar og meðhöndlaðar í starfsstöðvum:
 - a) sem uppfylla viðeigandi kröfur í reglugerð (EB) nr. 852/2004, kröfur í II. og III. viðauka við þessa reglugerð og aðrar viðeigandi kröfur í lögum um matvæli
 - og
 - b) sem lögbært yfirvald hefur skráð eða, sé þess krafist í samræmi við 2. mgr., samþykkt.

2. Með fyrirvara um 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004 skulu starfsstöðvar, sem meðhöndla afurðir úr dýrarikinu sem heyra undir kröfur sem mælt er fyrir um í III. viðauka við þessa reglugerð, ekki starfa nema lögbært yfirvald hafi samþykkt þær í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar, að undanskildum starfsstöðvum sem eingöngu fást við:

- a) frumframleiðslu,
- b) flutningastarfsemi,
- c) geymslu afurða sem þurfa ekki geymslu við hitastýrð skilyrði
eða
- d) aðra smásölustarfsemi en þá sem þessi reglugerð gildir um skv. b-lið 5. mgr. 1. gr.

3. Starfsstöð, sem er háð samþykki í samræmi við 2. mgr., skal ekki starfa nema lögbært yfirvald hafi, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýrarikinu sem eru ætlaðar til manneldis ⁽¹⁾:

- a) að lokinni vettvangsheimsókn, veitt starfsstöðinni samþykki til starfrækslu
eða
- b) veitt starfsstöðinni skilyrt samþykki.

4. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu starfa með lögbærum yfirvöldum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 854/2004. Einkum skulu stjórnendur matvælafyrirtækja sjá til þess að starfsstöð hætti rekstri ef lögbært yfirvald dregur samþykki sitt til baka eða, ef um skilyrt samþykki er að ræða, framlengir það ekki né veitir fullt samþykki.

5. Þessi grein skal ekki koma í veg fyrir að starfsstöð setji matvæli á markað á tímabilinu frá því að beiting þessarar reglugerðar hefst og þar til fyrsta skoðun lögbærs yfirvalds fer fram í framhaldi af því, ef starfsstöðin:

- a) er háð samþykki í samræmi við 2. mgr. og setti afurðir úr dýrarikinu á markað í samræmi við löggjöf Bandalagsins rétt áður en beiting þessarar reglugerðar hófst
eða
- b) er af þeirri tegund starfsstöðva sem ekki var krafist samþykkis fyrir áður en beiting þessarar reglugerðar hófst.

(¹) Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 83.

5. gr.

Heilbrigðis- og auðkennismerkingar

1. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu ekki setja afurð úr dýraríkinu á markað ef hún hefur verið meðhöndluð í starfsstöð sem er háð samþykki í samræmi við 2. mgr. 4. gr. nema hún beri annaðhvort:

a) heilbrigðismerki sem er sett á í samræmi við reglugerð (EB) nr. 854/2004

eða

b) kveði reglugerðin ekki á um notkun heilbrigðismerkis, auðkennismerki sem er sett á í samræmi við I. þátt II. viðauka við þessa reglugerð.

2. Stjórnendum matvælafyrirtækja er einungis heimilt að setja auðkennismerki á afurð úr dýraríkinu ef afurðin hefur verið framleidd í samræmi við þessa reglugerð í starfsstöðvum sem standast kröfur í 4. gr.

3. Stjórnendum matvælafyrirtækja er ekki heimilt að fjarlægja heilbrigðismerki sem er sett á kjöt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 854/2004 nema þeir hluti kjötið í sundur eða vinni það eða meðhöndli á annan hátt.

6. gr.

Afurðir úr dýraríkinu frá löndum utan Bandalagsins

1. Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem flytja inn afurðir úr dýraríkinu frá þriðju löndum, skulu sjá til þess að innflutningur eigi sér ekki stað:

a) nema sendingarlandið, sem er þriðja land, sé tilgreint í skrá, sem er samin í samræmi við 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004, yfir þriðju lönd þaðan sem innflutningur er leyfður á þeirri afurð,

b) i) nema starfsstöðin, sem afurðin var afgreidd frá og þar sem hún var framleidd eða tilreidd, sé tilgreind í skrá, sem samin er í samræmi við 12. gr. reglugerðar nr. 854/2004, yfir starfsstöðvar þaðan sem heimilt er að flytja inn þá afurð, eftir atvikum,

ii) nema, þegar um er að ræða nýtt kjöt, hakkað kjöt, unnar kjötvörur, kjötafurðir og vélúrbeinað kjöt, þessar afurðir hafi verið framleiddar úr kjöti frá sláturhúsum og stykkjunarstöðvum, sem eru tilgreind í skrá sem eru samdar og uppfærðar í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004, eða samþykktum stöðvum Bandalagsins

og

iii) nema, þegar um er að ræða lifandi samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsnigla, framleiðslusvæðið sé tilgreint í skrá sem er samin í samræmi við 13. gr. þeirrar reglugerðar, eftir atvikum,

c) nema afurðin uppfylli:

i) kröfumar í þessari reglugerð, þ.m.t. kröfumar í 5. gr. um heilbrigðis- og auðkennismerkingar,

ii) kröfumar í reglugerð (EB) nr. 854/2004

og

iii) öll innflutningsskilyrði sem mælt er fyrir um í samræmi við löggjöf Bandalagsins um eftirlit með innflutningi afurða úr dýraríkinu

og

d) nema kröfumar í 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004, er varða vottorð og skjöl, hafi verið uppfylltar, eftir atvikum.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er einnig heimilt að flytja inn lagarafurðir í samræmi við sérákvæði sem mælt er fyrir um í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004.

3. Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem flytja inn afurðir úr dýraríkinu, skulu sjá til þess:

a) að afurðirnar séu tiltækar fyrir eftirlit við innflutning í samræmi við tilskipun 97/78/EB ⁽¹⁾,

b) að innflutningur sé í samræmi við ákvæði tilskipunar 2002/99/EB ⁽²⁾

og

c) að öll starfsemi undir þeirra stjórn, sem á sér stað að innflutningi loknum, fari fram í samræmi við kröfumar í III. viðauka.

4. Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem flytja inn matvæli sem innihalda bæði afurðir úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu, skulu sjá til þess að unnu afurðirnar úr dýraríkinu, sem eru í þessum matvælum, uppfylli kröfumar í 1. til 3. mgr. Þeir skulu geta sýnt fram á að þeir hafi gert þetta (t.d. með viðeigandi skjölum eða vottorðum sem þurfa ekki að vera með því sniði sem tilgreint er í d-lið 1. mgr.).

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum (Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9). Tilskipuninni var breytt með aðildarlögunum frá 2003.

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til mannelis (Stjtið. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11).

III. KAFLI

VIÐSKIPTI

7. gr.

Skjöl

1. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá til þess að vottorð eða önnur skjöl fylgi með sendingum afurða úr dýraríkinu sé þess krafist í samræmi við II. eða III. viðauka.

2. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 12. gr., er heimilt:

a) að ákveða fyrirmyndir að skjölunum

og

b) að kveða á um notkun rafrænna skjala.

8. gr.

Sérstakar ábyrgðir

1. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu hlíta reglunum í 2. mgr., að því er varðar salmonellu, hyggist þeir setja eftirfarandi matvæli úr dýraríkinu á markað í Svíþjóð eða Finnlandi:

a) kjöt af nautgripum og svínunum, þ.m.t. hakkað kjöt en þó ekki unnar kjötvörur og vélúrbeinað kjöt,

b) kjöt af alifuglum af eftirfarandi tegundum: alihænsnum, kalkúnunum, perluhænsnum, öndum og gæsnum, þ.m.t. hakkað kjöt en þó ekki unnar kjötvörur og vélúrbeinað kjöt

og

c) egg.

2. a) Þegar um er að ræða kjöt af nautgripum og svínunum og kjöt af alifuglum skulu hafa verið tekin sýni úr sendingunum í afgreiðslustöðinni og gerð á þeim örverufræðileg prófun, í samræmi við löggjöf Bandalagsins, með neikvæðum niðurstöðum.

b) Þegar um er að ræða egg skulu pökkunarstöðvar ábyrgjast að sendingarnar séu úr hópum, sem gerð hefur verið örverufræðileg prófun á, í samræmi við löggjöf Bandalagsins, með neikvæðum niðurstöðum.

c) Þegar um er að ræða kjöt af nautgripum og svínunum þarf ekki að gera prófunina, sem kveðið er á um í a-lið, á sendingum sem eiga að fara til starfsstöðvar til gerilsneyðingar eða dauðhrensunar eða meðferðar sem hefur svipuð áhrif. Þegar um er að ræða egg þarf ekki að gera prófunina, sem kveðið er á um í b-lið, á sendingum sem eiga að fara til framleiðslu á unnum afurðum með vinnsluáðferð sem tryggir eyðingu salmonellu.

d) Ekki þarf að gera prófanirnar, sem kveðið er á um í a- og b-lið, á matvælum sem eru upprunnin í starfsstöð sem fellur undir eftirlitsáætlun sem, í samræmi við málsmeðferðina í 2. mgr. 12. gr., er viðurkennd sem jafngild þeirri eftirlitsáætlun, sem var samþykkt fyrir Svíþjóð og Finnland, að því er varðar viðkomandi matvæli úr dýraríkinu.

e) Þegar um er að ræða kjöt af nautgripum og svínunum og kjöt af alifuglum skal viðskiptaskjal eða vottorð, sem samrýmist fyrirmynd sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins, fylgja matvælunum og skal þar tilgreint:

i) að eftirlitið, sem um getur í a-lið, hafi gefið neikvæðar niðurstöður

eða

ii) að kjötið eigi að nota á þann hátt sem um getur í c-lið

eða

iii) að kjötið komi frá starfsstöð sem fellur undir d-lið.

f) Þegar um er að ræða egg skal vottorð fylgja sendingunum þar sem tilgreint er að prófanirnar, sem gerðar voru og um getur í b-lið, hafi gefið neikvæðar niðurstöður eða að nota eigi eggin á þann hátt sem um getur í c-lið.

3. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 12. gr., er heimilt:

a) að uppfæra kröfurnar í 1. og 2. mgr., einkum í því skyni að taka tillit til breytinga á eftirlitsáætlunum aðildarríkjanna eða til að samþykkja örverufræðilegar viðmiðanir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 852/2004

og

b) að rýmka reglurnar, sem mælt er fyrir um í 2. mgr., að því er varðar matvæli sem um getur í 1. mgr., þannig að þær nái, í heild eða að hluta, til allra aðildarríkja eða svæða aðildarríkis þar sem í gildi er eftirlitsáætlun sem hefur verið viðurkennd sem jafngild þeirri eftirlitsáætlun, sem var samþykkt fyrir Svíþjóð og Finnland, að því er varðar viðkomandi matvæli úr dýraríkinu.

4. Að því er þessa grein varðar hefur hugtakið „eftirlitsáætlun“ merkinguna áætlun um eftirlit sem hefur verið samþykkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2160/2003.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

9. gr.

Framkvæmdarráðstafanir og bráðabirgðafyrirkomulag

Mæla má fyrir um framkvæmdarráðstafanir og bráðabirgðafyrirkomulag í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 12. gr.

10. gr.

Breyting og aðlögun á II. og III. viðauka

1. Heimilt er að aðlaga eða uppfæra II. og III. viðauka í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 12. gr., að teknu tilliti til:

- a) samningar leiðbeininga um góðar starfsvenjur,
- b) reynslu sem fengist hefur af því að koma á kerfum sem byggjast á greiningu á hættu og mikilvægum stýristöðum skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004,
- c) tækniframfara og raunhæfra afleiðinga þeirra og væntinga neytenda með tilliti til samsetningar matvæla,
- d) vísindalegrar ráðgjafar, einkum í tengslum við nýtt áhættumat,
- e) örverufræðilegra viðmiðana og viðmiðana um hitastig fyrir matvæli,
- f) breytinga á neyslumynstri.

2. Heimilt er að veita undanþágur frá ákvæðum II. og III. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 12. gr., að því tilskildu að þær komi ekki í veg fyrir að markmiðum þessarar reglugerðar verði náð.

3. Aðildarríkjum er heimilt, án þess þó að draga úr líkum á að markmiðum þessarar reglugerðar verði náð, að samþykkja, í samræmi við 4. til 8. mgr., landsbundnar ráðstafanir um aðlögun á kröfunum sem mælt er fyrir um í III. viðauka.

4. a) Markmiðið með landsbundnu ráðstöfununum, sem um getur í 3. mgr., er að:

- i) gera kleift að nota áfram hefðbundnar aðferðir á öllum stigum framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla

eða

- ii) koma til móts við þarfir matvælafyrirtækja sem eru á svæðum sem líða fyrir sérstakar, landfræðilegar takmarkanir.

- b) Í öðrum tilvikum gilda þær eingöngu um byggingu, skipulag og búnað starfsstöðva.

5. Aðildarríki, sem óska þess að samþykkja landsbundnar ráðstafanir, sem um getur í 3. mgr., skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum. Í öllum tilkynningum skal koma fram:

- a) nákvæm lýsing á kröfunum, sem viðkomandi aðildarríki telur að þurfi að aðlaga, og edli þeirrar aðlögunar sem óskað er eftir,

- b) lýsing á viðkomandi matvælum og starfsstöðvum,

- c) útskýring á ástæðunum fyrir aðlöguninni, m.a., ef við á, framlagning samantektar á hættugreiningunni, sem fór fram, og hvers kyns ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að tryggja að aðlögunin dragi ekki úr líkum á að markmið þessarar reglugerðar náist

og

- d) aðrar upplýsingar sem kunna að skipta máli.

6. Önnur aðildarríki skulu fá þrjá mánuði til að senda skriflegar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar eftir að þeim berst tilkynningin sem um getur í 5. mgr. Ef um er að ræða aðlögun, sem byggist á b-lið 4. mgr., skal þessi frestur lengdur í fjóra mánuði fari eitthvert aðildarríki fram á það. Framkvæmdastjórninni er heimilt að ráðgast við aðildarríki sem eru í nefndinni, sem um getur í 1. mgr. 12. gr., og henni er skylt að gera það berist henni skriflegar athugasemdir frá einu eða fleiri aðildarríkjum. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 12. gr., hvort fyrirhuguðum ráðstöfunum verður hrint í framkvæmd, með viðeigandi breytingum ef nauðsyn ber til. Framkvæmdastjórnin getur, eftir því sem við á, lagt fram tillögu um almennar ráðstafanir í samræmi við 1. eða 2. mgr. þessarar greinar.

7. Aðildarríki er aðeins heimilt að samþykkja landsbundnar ráðstafanir um breytingar á kröfum III. viðauka:

- a) í samræmi við ákvörðun sem er samþykkt í samræmi við 6. mgr.,

- b) ef framkvæmdastjórnin hefur ekki, einum mánuði eftir að fresturinn, sem um getur í 6. mgr., rennur út tilkynnt aðildarríkjum að henni hafi borist skriflegar athugasemdir eða að hún hyggist leggja fram tillögu um samþykkt ákvörðunar í samræmi við 6. mgr.

eða

- c) í samræmi við 8. mgr.

8. Aðildarríki er heimilt, að eigin frumkvæði og með fyrirvara um almenn ákvæði sáttmálans, að viðhalda eða setja landsbundnar reglur:

a) um bann eða takmörkun á setningu hrámjólkur eða hrárjóma, sem fara á beint til manneldis, á markað á yfirráðasvæði sínu

eða

b) um leyfi, með heimild lögbærra yfirvalda, til að nota hrámjólk, sem uppfyllir ekki viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í IX. þætti III. viðauka að því er varðar líftölu (plate count) og frumutölu (somatic cell count) til að framleiða osta með minnst 60 daga geymslu- eða þroskunartíma og mjólkurafurðir, framleiddar í tengslum við framleiðslu þessara osta, svo fremi það komi ekki í veg fyrir að markmiðum þessarar reglugerðar verði náð.

11. gr.

Sértækar ákvarðanir

Með fyrirvara um almennt gildi 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. er heimilt að mæla fyrir um framkvæmdaráðstafanir eða samþykkinga breytingar á II. eða III. viðauka í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 12. gr.:

1) til að mæla fyrir um reglur um flutning á kjöti sem enn er volgt,

2) til að tilgreina, að því er varðar vélúrbeinað kjöt, kalsíummagn sem er ekki að ráði yfir magni kalsíums í hökkuðu kjöti,

3) til að mæla fyrir um aðra meðferð sem beita má í vinnslustöð á lifandi samlokur frá framleiðslusvæðum í B- eða C-flokki sem hafa ekki verið sendar í hreinsun eða umlagningu,

4) til að tilgreina viðurkenndar prófunaraðferðir til að finna sjávarlífeitur,

5) til að mæla fyrir um frekari heilbrigðiskröfur, er varða lifandi samlokur, í samvinnu við viðeigandi tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins, þ.m.t.:

a) viðmiðunargildi og greiningaraðferðir fyrir önnur sjávarlífeitur,

b) prófunaraðferðir til veiruleitar og veirufraeðilegar kröfur

og

c) sýnatökúáætlanir og þær aðferðir og greiningarvirkmörk sem nota á til að sannreyna samræmi við heilbrigðiskröfur,

6) til að mæla fyrir um heilbrigðiskröfur eða heilbrigðiseftirlit ef rannsóknarmiðurstöður sýna að það er nauðsynlegt til að vernda lýðheilsu,

7) til að rýmka gildissvið IX. kafla VII. þáttar III. viðauka þannig að hann nái til lifandi samloka, að undanskildum diskum (Pectinidae),

8) til að tilgreina viðmiðanir sem gera kleift að ákvarða hvenær faraldsfræðigögn sýna að tiltekið veiðisvæði skapar ekki heilbrigðishættu með tilliti til sníkla og, í framhaldi af því, gera kleift að ákvarða hvenær lögbæra yfirvaldið má heimila stjórnendum matvælafrirtækja að frysta ekki lagarafurðir í samræmi við D-hluta III. kafla VIII. þáttar í III. viðauka,

9) til að mæla fyrir um ferskleikaviðmiðanir og viðmiðunarmörk fyrir histamín og heildarmagn rokkgjarns köfnunarefnis fyrir lagarafurðir,

10) til að leyfa, til framleiðslu á tilteknum mjólkurafurðum, notkun hrámjólkur sem uppfyllir ekki skilyrðin, sem mælt er fyrir í IX. þætti III. viðauka, að því er varðar líftölu og frumutölu,

11) með fyrirvara um tilskipun 96/23/EB⁽¹⁾, til að ákvarða leyfileg hámarksgildi fyrir samanlagt heildarmagn leifa sýkladrepani efna í hrámjólk

og

12) til að samþykkinga jafngild vinnsluferli fyrir framleiðslu gelatíns og kollagens.

12. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

2. Þegar vísað er til þessarar málgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem kveðið er á um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

(¹) Tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum (Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10). Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003 (Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1).

*13. gr.***Samráð við Matvælaöryggisstofnun Evrópu**

Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við Matvælaöryggisstofnun Evrópu um öll þau mál sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar og kunna að hafa veruleg áhrif á lýðheilsu, einkum áður en tillaga er lögð fram um að rýmka gildissvið III. þáttar III. viðauka þannig að hann nái til annarra dýrategunda.

*14. gr.***Skýrsla til Evrópuþingsins og ráðsins**

1. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, eigi síðar en 20. maí 2009, þar sem rýnt er í reynsluna af framkvæmd þessarar reglugerðar.
2. Ef við á skal framkvæmdastjórnin leggja fram viðeigandi tillögur með skýrslunni.

15. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún öðlast gildi 18 mánuðum eftir þann dag sem allar eftirfarandi gerðir hafa öðlast gildi:

- a) reglugerð (EB) nr. 852/2004,
 - b) reglugerð (EB) nr. 854/2004
- og
- c) tilskipun 2004/41/EB.

Henni skal þó ekki beitt fyrr en 1. janúar 2006.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 29. apríl 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

Forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. McDOWELL

forseti.

I. VIÐAUKI

SKILGREININGAR

Í þessari reglugerð er merking eflírfarandi hugtaka sem hér segir:

1. KJÖT
 - 1.1. „Kjöt“: ætírhutar dýranna sem um getur í liðum 1.2 til 1.8, þ.m.t. blóð.
 - 1.2. „Tamin hóf- og klaufdýr“: húsdýr af nautgripakyni (þ.m.t. af ættkvíslunum *Bubalus (bufflar)* og *Bison (vísundar)*) og tamin svín, sauðfé, geitur og hófdýr.
 - 1.3. „Alífuglar“: aldir fuglar, þ.m.t. fuglar sem eru ekki taldir til húsdýra en eru aldir sem húsdýr, að strúfuglum undanskildum.
 - 1.4. „Nartarar“: kanínur, hérar og nagdýr.
 - 1.5. „Villt veiðidýr“:
 - villt hóf- og klaufdýr og nartarar sem og önnur landspendýr sem eru veidd til mannelis og teljast til villtra veiðidýra samkvæmt gildandi lögum í viðkomandi aðildarríki, þ.m.t. spendýr sem lifa frjáls á aflokuðu svæði líkt og villt veiðidýr og
 - villtir fuglar sem eru veiddir til mannelis.
 - 1.6. „Alin veiðidýr“: aldir strúfuglar og alin landspendýr nema þau sem um getur í lið 1.2.
 - 1.7. „Lítill, villt veiðidýr“: villtir veiðifuglar og nartarar sem lifa villtir í náttúrunni.
 - 1.8. „Stór, villt veiðidýr“: villt landspendýr sem lifa villt í náttúrunni og falla ekki undir skilgreininguna á litlum, villtum veiðidýrum.
 - 1.9. „Skrokkur“: skrokkur dýrs eftir slátrun og aðgerð.
 - 1.10. „Nýtt kjöt“: kjöt sem hefur ekki fengið aðra meðhöndlun en kælingu, frýstingu eða hraðfrýstingu til að tryggja geymsluþol þess, þ.m.t. kjöt sem er pakkað í lofttæmdar umbúðir eða pakkað við stýrðar loftaðstæður.
 - 1.11. „Sláturmatur“: nýtt kjöt, annað en það sem er af skrokknum, þ.m.t. innfli og blóð.
 - 1.12. „Innyfli“: líffæri úr brjóst-, kviðar- og grindarholi, svo og barki og vélinða, og sarpur ef um fugla er að ræða.
 - 1.13. „Hakkað kjöt“: úrbeinað kjöt sem hefur verið hakkað og inniheldur minna en 1% af salti.
 - 1.14. „Vélúrbeinað kjöt“: afurð sem fæst með því að fjarlægja kjöt af beinum, sem enn eru með kjöti eftir úrbeiningu, eða af alífuglaskrokkum með vélbúnaði sem veldur því að bygging vöðvaþráða eyðileggst eða breytist.
 - 1.15. „Unnar kjötvörur“: nýtt kjöt, þ.m.t. kjöt sem hefur verið bitað niður, sem matvælum, kryddi eða aukefnum hefur verið bætt í eða sem hefur verið sett í vinnslu sem nægir ekki til að breyta innri byggingu vöðvaþráða í kjötinu og eyða þannig einkennum þess sem nýs kjöts.
 - 1.16. „Sláturhús“: starfsstöð þar sem dýrum, sem eiga að fara til mannelis, er slátrað og gert að þeim.
 - 1.17. „Stykkjunarstöð“: starfsstöð þar sem fram fer úrbeining og/eða stykkjun kjöts.
 - 1.18. „Starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr“: starfsstöð þar sem felld veiðidýr og kjöt af felldum veiðidýrum eru forunnin fyrir setningu á markað.

2. LIFANDI SAMLOKUR
 - 2.1. „Samlokur“: blaðtálkna lindýr sem taka til sín fæðu með því að sía hana.
 - 2.2. „Sjávartilífiteitur“: eitruð efni sem samlokur safna í sig, einkum þegar þær nærast á svifi sem inniheldur eitrefni.
 - 2.3. „Aðlögun“: geymsla á lifandi samlokum, frá framleiðsluvæðum í A-flokki, hreinsunarstöðvum eða afgreiðslustöðvum, í tönkum eða öðrum mannvirkjum með hreinum sjó eða á náttúrulegum stöðum til að losa þær við sand, eðju eða slím með það fyrir augum að varðveita eða bæta skynmatseinkenni þeirra og sjá til þess að þær séu með fullum lífsþrótti þegar þeim er pakkað í innri eða ytri umbúðir.
 - 2.4. „Veidímaður“: einstaklingur eða lögaðili sem tekur lifandi samlokur með tiltækum ráðum á veiðisvæði í því skyni að meðhöndla þær og setja á markað.
 - 2.5. „Framleiðslusvæði“: sjávarsvæði, ármynni eða lón þar sem er að finna náttúruleg lög samloka eða svæði sem eru notuð til að rækta samlokur og þaðan sem lifandi samlokur eru teknar.
 - 2.6. „Umlagningarsvæði“: sjávarsvæði, ármynni eða lón sem eru greinilega afmörkuð með baujum, staurum eða öðrum föstum merkjum og eingöngu notuð til að hreinsa lifandi samlokur á náttúrulegan hátt.
 - 2.7. „Afgreiðslustöð“: viðurkennd starfsstöð, á landi eða úti fyrir strönd, til að taka á móti, aðlaga, þvo, hreinsa, flokka og pakka lifandi samlokum, sem eru hæfar til manneldis, í innri og ytri umbúðir.
 - 2.8. „Hreinsunarstöð“: viðurkennd starfsstöð með tönkum sem náttúrulega hreinn sjór er leiddur í og þar sem lifandi samlokur eru hafðar nógu lengi til að draga úr mengun þeirra þannig að þær verði hæfar til manneldis.
 - 2.9. „Umlagning“: aðgerð sem felst í því að lifandi samlokur eru fluttar til sjávarsvæða, lóna eða ármynna þar sem þær eru hafðar nógu lengi til að draga úr mengun þeirra þannig að þær verði hæfar til manneldis. Þetta tekur ekki til þeirrar sérstöku aðgerðar að flytja lifandi samlokur til hentugri svæða þar sem þær halda áfram að stækka og þyngjast.
3. LAGARAFURÐIR
 - 3.1. „Lagarafurðir“: öll sjávar- og ferskvatnsdýr (nema lifandi samlokur, lifandi skrápdyr, lifandi möttuldýr og lifandi sæsniglar og öll spendýr, skriðdýr og froskar), bæði villt og alin og öll æt form, hlutar og afurðir slíkra dýra.
 - 3.2. „Verksmiðjuskip“: skip þar sem lagarafurðir eru unnar um borð á einhvern eftirfarandi hátt og þeim síðan pakkað í innri eða ytri umbúðir og, ef þörf krefur, þær kældar eða frystar: flakaðar, sneiddar, roðflettar, skelflettar, úrskeljaðar, hakkaðar eða unnar.
 - 3.3. „Frystiskip“: skip þar sem lagarafurðir eru frystar, eftir því sem við á eftir tilreiðslu, s.s. blóðgun, hausun, slægingu og uggaskurð, og þeim síðan pakkað í innri eða ytri umbúðir.
 - 3.4. „Vélúrbeinuð lagarafurð“: afurð sem fæst með því að fjarlægja hold úr lagarafurðum með vélbúnaði sem veldur því að uppbygging holdsins eyðileggst eða breytist.
 - 3.5. „Nýjar lagarafurðir“: óunnar lagarafurðir, hvort heldur er í heilu lagi eða tilreiddar, þ.m.t. afurðir sem er pakkað í lofftæmdar eða loftskiptar umbúðir og hafa ekki hlotið neina aðra meðferð en kælingu til að tryggja geymsluþol þeirra.
 - 3.6. „Tilreiddar lagarafurðir“: óunnar lagarafurðir sem eru ekki lengur í heilu lagi en hafa t.d. verið slægðar, hausaðar, sneiddar, flakaðar eða saxaðar.

4. MJÓLK
 - 4.1. „Hrámjólk“: óunnin mjólk alidýra sem hefur ekki verið hituð upp í meira en 40 °C eða fengið aðra meðferð sem hefur sambærileg áhrif.
 - 4.2. „Mjólkurframleiðslubú“: starfsstöð þar sem eitt eða fleiri alidýr eru haldin til framleiðslu á mjólk sem á að setja á markað sem matvæli.
5. EGG
 - 5.1. „Egg“: egg í skurn – þó ekki brotin egg, útungunaregg eða elduð egg – sem alifuglar hafa verpt og eru hæf beint til manneldis eða framleiðslu eggjaafurða.
 - 5.2. „Egg í fljótandi formi“: óunnið innihald eggs sem hefur verið tekið úr skurninni.
 - 5.3. „Sprungið egg“: egg með skaddaðri skurn en órofnunum himnum.
 - 5.4. „Pökkunarstöð“: starfsstöð þar sem egg eru flokkuð eftir gæðum og þyngd.
6. FROSKALAPPIR OG SNIGLAR
 - 6.1. „Froskalappir“: aftari hluti búks, sem skorinn er af með þverskurði fyrir aftan framlappir, tekið innan úr honum og fleginn, af ættkvíslinni *Rana* (froskaætt (*Ranidae*)).
 - 6.2. „Landsniglar“: sniglar af tegundunum *Helix pomatia* Linné, *Helix aspersa* Muller og *Helix lucorum* og tegundir af ættinni *Achatinidae*.
7. UNNAR AFURÐIR
 - 7.1. „Kjötafurðir“: unnar afurðir sem fást með vinnslu kjöts eða með frekari vinnslu slíkra unninna afurða þannig að sjá má, þegar yfirborðið er rist, að afurðin hefur ekki lengur einkenni nýs kjöts.
 - 7.2. „Mjólkurafurðir“: unnar afurðir sem fást með vinnslu hrámjólkur eða frekari vinnslu slíkra unninna afurða.
 - 7.3. „Eggjaafurðir“: unnar afurðir sem fást með vinnslu eggja eða úr ýmsum efnisþáttum eða blöndum eggja eða með frekari vinnslu slíkra unninna afurða.
 - 7.4. „Unnar lagarafurðir“: unnar afurðir sem fást með vinnslu lagarafurða eða með frekari vinnslu slíkra unninna afurða.
 - 7.5. „Brædd dýrafita“: fita sem er fengin með því að bræða fitu af kjöti, þ.m.t. bein, og á að nota til manneldis.
 - 7.6. „Hamsar“: prótínrikar leifar, sem myndast við bræðslu, eftir að vatn og fita hafa verið aðskilin að hluta.
 - 7.7. „Gelatín“: náttúrulegt, leysanlegt prótín, hvort sem það myndar hlaup eða ekki, sem fæst með hlutavatsnrofi kollagens sem er framleitt úr beinum, húðum og skinum og sinum dýra.
 - 7.8. „Kollagen“: afurð, að stofni til úr prótíni, sem er unnin úr beinum, húðum, skinum og sinum dýra og framleidd í samræmi við viðeigandi kröfur í þessari reglugerð.
 - 7.9. „Meðhöndlaðir magar, þvagblöðrur og garnir“: magar, þvagblöðrur og garnir sem hafa verið unnin, t.d. með söltun, hitun eða þurrkun, eftir að þau hafa verið tekin út og hreinsuð.
8. AÐRAR SKILGREININGAR
 - 8.1. „Afurðir úr dýraríkinu“:
 - matvæli úr dýraríkinu, þ.m.t. hunang og blóð,

- lifandi samlokur, lifandi skrápdyr, lifandi möttuldýr og lifandi sæsniglar sem ætluð eru til manneidis og
 - önnur dýr sem ætlunin er að meðhöndla í því skyni að afhenda þau lifandi til neytenda.
- 8.2. „Heildsölumarkaður“: matvælafyrirtæki með mörgum, aðgreindum einingum, sem samnýta sameiginleg mannvirki og deildir, þar sem matvæli eru seld stjórnendum matvælafyrirtækja.

II. VIÐAUKI

KRÖFUR ER VARÐA ÝMSAR AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU

I. ÞÁTTUR: AUÐKENNISMERKINGAR

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá til þess að afurðir úr dýraríkinu séu auðkennismerktar í samræmi við ákvæðin hér á eftir ef þess er krafist í samræmi við 5. eða 6. gr., sbr. þó ákvæði III. viðauka.

A. NOTKUN AUÐKENNISMERKISINS

1. Auðkennismerkið skal sett á vöruna áður en hún er send frá starfsstöðinni.
2. Ekki er þó nauðsynlegt að setja nýtt merki á vöruna nema ytri og/eða innri umbúðir séu fjarlægðar eða varan unnin frekar í annarri starfsstöð en þá skal samþykkisnúmer starfsstöðvarinnar, þar sem þessar aðgerðir eiga sér stað, tilgreint á merkinu.
3. Ekki er nauðsynlegt að setja auðkennismerki á egg ef mælt er fyrir um merkingu þeirra í reglugerð (EB) nr. 1907/90 ⁽¹⁾.
4. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu, í samræmi við 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, hafa kerfi og verklagsreglur til að staðfesta deili á stjórnendum annarra matvælafyrirtækja þaðan sem þeir hafa fengið afurðir úr dýraríkinu eða sem þeir hafa afhent slíkar afurðir.

B. ÚTFÆRSLA AUÐKENNISMERKISINS

5. Merkið skal vera læsilegt og óafmáanlegt og rittáknin greinileg. Því skal komið þannig fyrir að það blasi við lögbæru yfiröldunum.
6. Á merkinu skal koma fram heiti landsins þar sem starfsstöðin er og má skrifa það í fullri lengd eða með tveggja stafa kóða í samræmi við viðeigandi ISO-staðal. Kóðarnir fyrir aðildarríkin eru AT, BE, DE, DK, ES, FI, FR, GR, IE, IT, LU, NL, PT, SE og UK. Stjórnendum matvælafyrirtækja er heimilt að nota birgðir og búnað, sem þeir hafa pantað fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, þar til birgðir og búnaðinn þrýtur eða endurnýjunar er þörf.
7. Á merkinu skal koma fram samþykkisnúmer starfsstöðvarinnar. Ef starfsstöð framleiðir bæði matvæli, sem falla undir þessa reglugerð, og matvæli sem falla ekki undir hana skal stjórnandi matvælafyrirtækis nota sama auðkennismerkið á báðar þessar tegundir matvæla.
8. Þegar merkið er notað í starfsstöð innan Bandalagsins skal það vera sporöskjulaga og með skammstöfuninni CE, EC, EF, EG, EK eða EY.

C. AÐFERÐ VIÐ MERKINGU

9. Merkið má setja beint á vöruna, innri umbúðirnar eða ytri umbúðirnar eða prenta á merkimiða sem er festur á vöruna, innri umbúðirnar eða ytri umbúðirnar, eftir því hvernig búið er um hinar mismunandi afurðir úr dýraríkinu. Merkið má einnig vera merkispjald sem ekki er hægt að fjarlægja og úr sterku efni.

⁽¹⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1907/90 frá 26. júní 1990 um tiltekna markaðsstaðla fyrir egg (Stjtið. EB L 173, 6.7.1990, bls. 5). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2052/2003 (Stjtið. ESB L 305, 22.11.2003, bls.1).

10. Ef ytri umbúðir eru um stykkjað kjöt eða sláturmat skal merkið sett á merkimiða, sem er festur á ytri umbúðirnar, eða prentað þannig á ytri umbúðirnar að það eyðileggist þegar ytri umbúðirnar eru opnaðar. Þetta er þó ekki nauðsynlegt ef það eyðileggur ytri umbúðirnar að opna þær. Ef innri umbúðir veita sömu vernd og ytri umbúðirnar má festa merkimiðann á innri umbúðirnar.
11. Ef afurðir úr dýraríkinu eru settar í flutningslát eða magnumbúðir og eiga að fara í frekari meðhöndlun, vinnslu, pökkun í innri umbúðir eða ytri umbúðir á annarri starfsstöð má setja merkið utan á ílátid eða ytri umbúðirnar.
12. Ef um er að ræða fljótandi, kornaðar eða dyftar dýraafurðir, sem eru fluttar í búlkafarmi og lagarafurðir sem eru fluttar í búlkafarmi er auðkennismerkið ekki nauðsynlegt ef upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 6. 7. og, eftir atvikum, 8. lið, eru í fylgiskjölunum
13. Ef um er að ræða afurðir úr dýraríkinu í neytendaumbúðum nægir að setja merkið eingöngu utan á þær umbúðir.
14. Ef merkið er sett beint á afurðir úr dýraríkinu skal nota litarefni sem hafa verið leyfð í samræmi við reglur Bandalagsins um litunarefni í matvælum.

II. ÞÁTTUR: MARKMIÐ MEÐ VERKLAGSREGLUM SEM GRUNDVALLAST Á GREININGU Á HÆTTU OG MIKILVÆGUM STÝRISTÖÐUM

1. Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem reka sláturhús, skulu sjá til þess að aðferðirnar, sem þeir hafa innleitt í samræmi við almennar kröfur í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004, uppfylli þær kröfur, sem eru nauðsynlegar samkvæmt hættugreiningu, og sérkröfurnar sem eru taldar upp í 2. lið.
2. Aðferðirnar skulu tryggja, fyrir hvert dýr eða, eftir atvikum, hvern hóp dýra sem tekið er við á athafnasvæði sláturhúss:
 - a) að dýrið eða hópurinn sé rétt auðkenndur,
 - b) að dýrinu eða hópnum fylgi viðeigandi upplýsingar frá upprunabújörð sem um getur í III. þætti,
 - c) að dýrið eða hópurinn komi ekki frá bújörð eða svæði, þar sem flutningsbann eða aðrar takmarkanir eru í gildi af ástæðum er varða heilbrigði dýra eða lýðheilsu, nema með leyfi lögbærs yfirvalds,
 - d) að dýrin séu hrein,
 - e) að dýrin séu heilbrigð að því marki sem stjórnandi matvælafyrirtækisins er dómbær á það
og
 - f) að ástand dýranna sé fullnægjandi við komuna í sláturhúsið miðað við kröfur um velferð dýra.
3. Ef einhver krafa skv. 2. lið hefur ekki verið uppfyllt skal stjórnandi matvælafyrirtækisins tilkynna það til opinbers dýralæknis og gera viðeigandi ráðstafanir.

III. ÞÁTTUR: UPPLÝSINGAR UM MATVÆLAFERLIÐ

Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem reka sláturhús, skulu, eftir atvikum, óska eftir, taka við, sannreyna og bregðast við upplýsingum um matvælaferlið sem fram koma í þessum þætti, að því er varðar öll dýr, nema villt veiðidýr, sem eru send eða senda á í sláturhús.

1. Stjórnendur sláturhúsa mega ekki taka við dýrum á athafnasvæði sláturhúsa nema þeir hafi óskað eftir og fengið viðeigandi upplýsingar um matvælaöryggi úr skránum sem haldnar eru á upprunabújörðinni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 852/2004.
2. Stjórnendur sláturhúsa skulu fá þessar upplýsingar ekki seinna en 24 klukkustundum fyrir komu dýranna til sláturhússins nema við þær aðstæður sem um getur í 7. lið.

3. Með viðeigandi upplýsingum um öryggi matvéla, sem um getur í 1. lið, er einkum átt við:
- a) ástand upprunabújarðarinnar eða dýraheilbrigðisástandið á svæðinu,
 - b) heilbrigðisástand dýranna,
 - c) dýralyf eða aðra meðferð sem dýrin fá á viðkomandi tímabili og þar sem útskilnaðartíminn er lengri en 0 dagar, ásamt dagsetningum lyfjagjafar og útskilnaðartíma,
 - d) hvort upp hafi komið sjúkdómstílvik sem geti haft áhrif á öryggi kjötsins,
 - e) niðurstöður, ef þær skipta máli fyrir vernd lýðheilsu, allra greininga sem hafa verið gerðar á sýnum úr dýrunum eða öðrum sýnum sem hafa verið tekin til að greina sjúkdóma sem geta haft áhrif á öryggi kjötsins, þ.m.t. sýni sem eru tekin vegna vöktunar á dýrasjúkdómum og dýralyfjaleifum og varna gegn slíkum sjúkdómum,
 - f) viðeigandi skýrslur um fyrri skoðun dýra frá sömu upprunabújörð fyrir og eftir slátrun, einkum skýrslur frá opinberum dýralækni,
 - g) framleiðslugögn ef þau gætu bent til sjúkdóma

og
 - h) nafn og heimilisfang sjálfstætt starfandi dýralæknis sem sinnir að jafnaði upprunabújörðinni.
4. a) Ekki er þó nauðsynlegt að stjórnandi sláturhússins fái:
- i) upplýsingarnar, sem um getur í a-, b-, f- og h-lið 3. liðar, ef stjórnandinn hefur þegar fengið þessar upplýsingar (t.d. innan ramma fasts fyrirkomulags eða gæðatryggingarkerfis)

eða
 - ii) upplýsingarnar, sem um getur í a-, b-, f- og g-lið 3. liðar, ef framleiðandinn lýsir yfir því að ekki liggja fyrir neinær upplýsingar sem ástæða er til að skýra frá.
- b) Upplýsingarnar þurfa ekki að vera orðréttur útdráttur úr skráum upprunabújarðarinnar. Heimilt er að veita þær eftir rafrænum upplýsingaskiptaleiðum eða sem staðlaða yfirlýsingu sem framleiðandinn hefur undirritað.
5. Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem ákveða að taka við dýrum á athafnasvæði sláturhúsa eftir að hafa metið viðeigandi upplýsingar um matvælaferlið, skulu gera upplýsingarnar aðgengilegar opinbera dýralækninum án tafar og, nema í tilvikum sem um getur í 7. lið, a.m.k. 24 klukkustundum fyrir komu dýrsins eða hópsins. Stjórnandi matvælafyrirtækis skal tilkynna opinbera dýralækninum um allar upplýsingar, sem eru tilefni til áhyggna um heilbrigði, áður en viðkomandi dýr er skoðað fyrir slátrun.
6. Komi dýr í sláturhús án þess að því fylgi upplýsingar um matvælaferlið skal stjórnandinn þegar í stað tilkynna það til opinbera dýralæknisins. Ekki er heimilt að slátra dýrinu fyrr en opinberi dýralæknirinn hefur veitt leyfi til þess.
7. Veiti lögbært yfirvald leyfi til þess mega upplýsingar um matvælaferlið fylgja dýrinu, sem þær varða, til sláturhússins í stað þess að koma þangað 24 klukkustundum áður ef um er að ræða:
- a) svín, alifugla eða alin veiðidýr sem hafa verið skoðuð fyrir slátrun á upprunabújörðinni, ef þeim fylgir vottorð sem dýralæknirinn hefur undirritað og þar sem hann lýsir yfir því að hann hafi skoðað dýrin á bújörðinni og komist að þeirri niðurstöðu að þau séu heilbrigð,
 - b) tamin hófdýr,

c) dýr sem farið hafa til neyðarslátrunar, ef þeim fylgir yfirlýsing, sem dýralæknirinn hefur undirritað, þar sem staðfest er að niðurstöður skoðunar fyrir slátrun hafi verið fullnægjandi

og

d) dýr sem eru ekki send rakleiðis í slátruhús frá upprunabújörðinni.

Stjórnendur slátruhúsa skulu meta viðeigandi upplýsingar. Taki þeir við dýrinu til slátrunar skulu þeir fá opinbera dýralækninum skjölin sem um getur í a- og c-lið. Ekki er heimilt að slátra eða gera að dýrinu fyrr en opinberi dýralæknirinn hefur veitt leyfi til þess.

8. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu skoða vegabréf, sem fylgja tömdum hófdýrum, til að ganga úr skugga um að slátra eigi dýrinu til mannelis. Taki þeir við dýrinu til slátrunar skulu þeir afhenda opinbera dýralækninum vegabréfið.

III. VIÐAUKI

SÉRKRÖFUR

I. ÞÁTTUR: KJÖT AF TÖMDUM HÓF- OG KLAUFDÝRUM

I. KAFLI: FLUTNINGUR LIFANDI DÝRA Í SLÁTURHÚS

Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem flytja lifandi dýr í sláturhús, skulu sjá til þess að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

1. Dýrin skulu meðhöndluð varlega við smömun og flutning og án þess að valda þeim óþarfa streitu.
2. Ef dýr sýna merki um sjúkdóm eða koma úr hjörðum, sem er vitað að bera smitefni sem geta haft áhrif á lýðheilsu, er ekki heimilt að flytja þau í sláturhús nema lögbært yfirvald veiti leyfi til þess.

II. KAFLI: KRÖFUR ER VARÐA SLÁTURHÚS

Stjórnendur sláturhúsa skulu sjá til þess að bygging, skipulag og búnaður sláturhúsa, þar sem tömdum hóf- og klaufdýrum er slátrað, uppfylli eftirfarandi kröfur:

1.
 - a) Sláturhúsin skulu hafa næga og þrífalega aðstöðu til hýsingar eða, þar sem loftslag leyfir, biðstíur sem er auðvelt að þrifa og sótthreinsa. Aðstaðan skal vera með búnaði til að brynna dýrunum og, ef nauðsyn krefur, fæða þau. Frárennsli skólps má ekki tefla öryggi matvæla í tvísýnu.
 - b) Sláturhúsin skulu líka hafa aðskilda, læsanlega aðstöðu eða, ef loftslag leyfir, kvíar fyrir sjúk dýr eða dýr, sem grunur leikur á að séu sýkt, með sérstöku frárenniskerfi og þannig staðsettar að komið sé í veg fyrir að önnur dýr smitist nema lögbæra yfirvaldið telji ekki þörf á slíkri aðstöðu.
 - c) Aðstaðan til hýsingar skal vera nógu rúmgóð til að fullnægja kröfum um velferð dýra. Skipulag hennar skal auðveldla skoðun fyrir slátrun, þ.m.t. auðkenning dýra eða hópa dýra.
2. Til að koma í veg fyrir mengun kjöts skulu sláturhús:
 - a) vera með nægilegum fjölda rýma miðað við aðgerðirnar sem þar fara fram,
 - b) hafa sérstakt rými til að tæma og hreinsa maga og gamir nema lögbæra yfirvaldið heimili, í hverju tilviki fyrir sig, að þessar aðgerðir fari fram á mismunandi tíma í tilteknu sláturhúsi,
 - c) tryggja aðskilnað á milli eftirfarandi aðgerða í tíma eða rúmi:
 - i) deyfingar og blóðtæmingar,
 - ii) þegar um er að ræða svin: kalónunar, afbyrstunar, sköfunar og sviðingar,
 - iii) innanúrtöku og frekari aðgerða,
 - iv) meðhöndlunar hreinna garna og vinstra,
 - v) tilreiðslu og hreinsunar annars sláturmatar, einkum meðhöndlunar fleginna hausa ef hún fer ekki fram við sláturlínuna,
 - vi) pökkunar sláturmatarog
 - vii) afhendingar kjöts,

d) vera með innréttingum sem hindra snertingu kjöts við gólf, vegg og áfastan búnað

og

e) búin sláturlínur (þar sem þær eru notaðar á annað borð) sem eru hannaðar þannig að framvinda slátrunarferlisins sé órofin og komið sé í veg fyrir víxlmengun milli mismunandi hluta sláturlínunnar. Ef notaðar eru fleiri en ein sláturlína við slátrun á sama athafnasvæði verða þær að vera nægilega aðgreindar til að koma í veg fyrir víxlmengun.

3. Sláturhús skulu hafa aðstöðu til þess að sótthreinsa verkfæri með heitu vatni, sem er a.m.k. 82 °C, eða annað kerfi sem hefur sambærileg áhrif.
4. Búnaður, sem starfsfólk sem meðhöndlar óvarið kjöt notar til handþvotta, skal vera með krönum sem eru þannig hannaðir að komist er hjá dreifingu mengunar.
5. Fyrir hendi skal vera læsanleg aðstaða fyrir kæligeymslu á kjöti, sem lagt hefur verið hald á, og aðskilin, læsanleg aðstaða fyrir kæligeymslu á kjöti sem lýst hefur verið óhæft til manneldis.
6. Sláturhús skulu hafa aðskilið svæði með viðeigandi aðstöðu til að þrifa, þvo og sótthreinsa flutningataki fyrir sláturdýr. Þó er ekki skylt að hafa slík svæði og aðstöðu í sláturhúsum ef það er með leyfi lögbæra yfirvaldsins og slík opinberlega leyfð svæði og aðstaða eru í næsta nágrenni.
7. Þau skulu vera með læsanlegri aðstöðu sem er aðeins ætluð til slátrunar sjúkra dýra og dýra sem grunur leikur á að séu sýkt. Þetta er ekki bráðnaðsynlegt ef slátrun fer fram á öðrum starfsstöðvum, sem lögbæra yfirvaldið hefur viðurkennt í þessu skyni, eða í lok hefðbundins sláturtíma.
8. Ef mykja eða innihald meltingarveggar er geymt í sláturhúsinu skal ætla sérstakt svæði eða stað til þess.
9. Þau skulu vera með nægilega vel búinni aðstöðu, sem hægt er að læsa, eða, ef þörf krefur, rými sem er eingöngu ætlað þeim sem annast heilbrigðisþjónustu fyrir dýr og dýraafurðir.

III. KAFLI: KRÖFUR ER VARÐA STYKKJUNARSTÖÐVAR

Stjórnendur matvælafrirtækja skulu sjá til þess að stykkjunarstöðvar sem meðhöndla kjöt af tömdum hóf- og klaufdýrum:

- 1) séu þannig byggðar að komið sé í veg fyrir mengun kjöts, einkum með því:
 - a) að tryggja að framvinda aðgerða sé órofin

eða
 - b) að tryggja að mismunandi framleiðslulotur séu aðskildar,
- 2) séu með rýmum til að geyma pakkað kjöt aðskilið frá óvörðu kjöti nema það sé geymt þar á mismunandi tíma eða á þann hátt að umbúðaefnið og geymslumátinn geti ekki valdið því að kjötið mengist,
- 3) séu með stykkjunarsölum sem eru búnir á þann hátt sem tryggir samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um V. kafla,
- 4) séu með búnaði til handþvotta sem ætlaður er starfsfólki sem vinnur með óvarið kjöt og skal búnaðurinn vera með krönum sem eru þannig hannaðir að komist er hjá dreifingu mengunar

og
- 5) hafi aðstöðu til þess að sótthreinsa verkfæri með heitu vatni, sem er a.m.k. 82 °C, eða annað kerfi sem hefur sambærileg áhrif.

IV. KAFLI: HOLLUSTUHÆTTIR VIÐ SLÁTRUN

Stjórnendur matvælafrirtækja, sem reka sláturhús þar sem tömdum hóf- og klaufdýrum er slátrað, skulu sjá til þess að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

1. Ekki má draga slátrun dýra að óþörfu eftir komu þeirra í sláturhús. Þó skulu dýrin fá hæfilega hvíld fyrir slátrun ef þess er krafist af ástæðum er varða velferð dýra.
 2. a) Ekki má nota kjöt af öðrum dýrum en um getur í b- og c-lið til manneldis ef þau hafa drepist á annan hátt en við slátrun í sláturhúsi.

b) Einungis má koma með lifandi sláturdýr inn í slátrunarsali, að undanskildum:
 - i) dýrum sem hafa farið til neyðarslátrunar utan sláturhúss í samræmi við VI. kafla,
 - ii) dýrum sem hefur verið slátrað á framleiðslustað í samræmi við III. þátt

og
 - iii) villtum veiðidýrum, í samræmi við II. kafla IV. þáttar.
c) Heimilt er að nota kjöt af dýrum, sem er slátrað í kjölfar slyss í sláturhúsi, ef skoðun leiðir ekki í ljós aðrar alvarlegar vefjaskemmdir en þær sem rekja má til slyssins.
3. Auðkenna skal dýr eða, eftir atvikum, hópa dýra, sem eru send til slátrunar, til að unnt sé að rekja uppruna þeirra.
4. Dýrin skulu vera hrein.
5. Stjórnendur sláturhúsa skulu fylgja fyrirmælum dýralæknis sem lögbæra yfirvaldið hefur tilnefnt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 854/2004 til að tryggja að skoðun hvers sláturdýrs fyrir slátrun fari fram við viðeigandi aðstæður.
6. Dýrum, sem færð eru inn í slátursal, skal slátrað án óþarfa tafa.
7. Deyfing, blóðtæming, fláning, innanúrtaka og aðrar aðgerðir skulu fara fram án óþarfa tafa og á þann hátt að komið sé í veg fyrir mengun kjötsins. Einkum er brýnt:
 - a) að barki og vélinda skaddist ekki við blóðtæmingu nema þegar um er að ræða slátrun samkvæmt trúarlegum hefðum,
 - b) við fláningu:
 - i) að komið sé í veg fyrir að ytra byrði húðar snerti skrokkinn

og
 - ii) að starfsmenn og búnaður, sem snerta ytra byrði húðar eða reyfíð, snerti ekki kjötið,
 - c) að gerðar séu ráðstafanir til að koma í veg fyrir að innihald meltingarveggar leki út við og eftir innanúrtöku og til að tryggja að lokið sé við innanúrtöku sem fyrst eftir deyfingu

og
 - d) að mjólk eða broddur mengi ekki skrokkinn þegar júgur eru fjarlægð.
8. Skrokkurinn og aðrir hlutar dýrsins, sem ætlaðir eru til manneldis, skulu flegnir að fullu nema þegar um er að ræða svín eða hausa og lappir á sauðfé, geitum og kálfum. Hausa og lappir skal meðhöndla á þann hátt að komið sé í veg fyrir að annað kjöt mengist.

9. Séu svínin ekki flegin skal afbyrsta þau tafarlaust. Draga verður eftir megni úr þeirri áhættu að vatn, sem er notað við kalónun, mengi kjötið. Aðeins má nota samþykkt aukefni við þessa aðgerð. Skola verður svín vandlega á eftir með drykkjarhæfu vatni.
10. Skrokkurinn má ekki bera sýnileg merki um saurmengun. Fjarlægja skal alla sýnilega mengun þegar í stað með afskurði eða öðrum aðferðum sem hafa sambærileg áhrif.
11. Skrokkar og sláturmatur mega ekki komast í snertingu við gólf, vegg eða vinnubekki.
12. Stjórnendur sláturhúsa skulu fylgja fyrirmælum lögbæra yfirvaldsins til að tryggja að skoðun allra sláturdýra eftir slátrun fari fram við viðeigandi aðstæður í samræmi við reglugerð (EB) nr. 854/2004.
13. Allt þar til skoðun eftir slátrun er lokið skulu þeir hlutar sláturdýrs sem skoða á:
 - a) vera rekjanlegir til tiltekins skrokks
 - og
 - b) ekki komast í snertingu við aðra skrokka, sláturmat eða innfyli, heldur ekki þau sem hafa þegar verið skoðuð eftir slátrun. Séu engin merki um sjúklegar breytingar er þó heimilt að fjarlægja getnaðarlim strax.
14. Losa skal bæði nýrum úr nýrnamörnum. Hjá nautgripum, svínum og hófdýrum skal að auki fjarlægja nýrnahjúpinn (peri-renal capsule).
15. Sé blóði eða öðrum hlutum sláturmatar úr mörgum dýrum safnað í sama ílát áður en skoðun eftir slátrun er lokið skal dæma allt innihald ílátsins óhæft til manneldis hafi skrokkur eins eða fleiri þessara dýra verið dæmdur óhæfur til manneldis.
16. Að lokinni skoðun eftir slátrun:
 - a) skal fjarlægja hálskirtla nautgripa og hófdýra samkvæmt reglum um hollustuhætti,
 - b) skal flytja hluta, sem eru óhæfir til manneldis, brott af hreinu svæði starfsstöðvarinnar svo fljótt sem auðið er,
 - c) má kjöt, sem lagt hefur verið hald á eða dæmt óhæft til manneldis, og óætar aukaafurðir ekki komast í snertingu við kjöt sem hefur verið dæmt hæft til manneldis
 - og
 - d) skal fjarlægja algjörlega og sem fyrst innfyli eða hluta innfylla sem hafa orðið eftir í skrokknum, að nýrum undanskildum, nema lögbæra yfirvaldið veiti leyfi til annars.
17. Að lokinni slátrun og skoðun eftir slátrun skal kjötið geymt í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í VII. kafla.
18. Fyrir frekari meðhöndlun skal:
 - a) kalóna maga eða hreinsa,
 - b) tæma garnir og hreinsa
 - og
 - c) flá hause og lappir eða kalóna þau og afbyrsta.
19. Ef samþykki fyrir starfsstöð tekur til slátrunar dýra af mismunandi tegundum eða meðhöndlunar skrokka alinna veiðidýra og villtra veiðidýra skal gera varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir vixlmengun með því að aðskilja aðgerðir á mismunandi dýrategundum annaðhvort í tíma eða rúmi. Sérstök aðstaða skal vera fyrir móttöku og geymslu ófleginna skrokka alinna veiðidýra, sem hefur verið slátrað á býlinu, og villtra veiðidýra.

20. Ef ekki er sérstök, læsanleg aðstaða í sláturhúsinu fyrir slátrun sjúkra dýra eða dýra, sem grunur leikur á að séu sýkt, skal hreinsa, þvo og sótthreinsa aðstöðuna, sem er notuð til slátrunar slíkra dýra, undir opinberu eftirliti áður en hafist er handa á ný við slátrun annarra dýra.

V. KAFLI: HOLLUSTUHÆTTIR VIÐ STYKKJUN OG ÚRBEINGU

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá til þess að kjöt af tömdum hóf- og klaufdýrum sé stykkjað ogúrbeinað í samræmi við eftirfarandi kröfur:

1. Í sláturhúsum má stykkja skrokka af tömdum hóf- og klaufdýrum í hálfá skrokka eða fjórðunga og hálfá skrokka má í mesta lagi stykkja í þrennt. Frekari stykkjun og úrbeining skal fara fram í stykkjunarstöð.
2. Vinna við kjöt skal skipulögð þannig að girt sé fyrir eða dregið sem mest úr mengun. Til að svo megi verða skulu stjórnendur matvælafyrirtækja sjá til þess:
 - a) að kjöt, sem á að stykkja, sé flutt inn í vinnslusalina eftir því sem þörf er á því,
 - b) að við stykkjun, úrbeingu, sneiðingu, bitun og pökkun kjöts í innri og ytri umbúðir fari hitastig sláturmatar ekki yfir 3 °C og hitastig kjöts ekki yfir 7 °C og er það gert með því að hafa umhverfishitann ekki hærrí en 12 °C eða með öðru kerfi sem hefur sambærileg áhrif

og

 - c) að gerðar séu varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir víxlmengun, ef þörf krefur með því að aðskilja aðgerðir á mismunandi dýrategundum í tíma eða rúmi, ef samþykki fyrir starfsstöð tekur til stykkjunar kjöts af mismunandi dýrategundum.
3. Kjötíð má þó úrbeina og stykkja áður en það nær hitastiginu, sem um getur í b-lið 2. liðar, í samræmi við 3. lið VII. kafla.
4. Einnig má úrbeina og stykkja kjöt áður en það nær hitastiginu sem um getur í b-lið 2. liðar ef stykkjunarsalurinn er á sama stað og slátrunarsalurinn. Þegar svo er skal kjötíð annaðhvort flutt rakleiðis yfir í stykkjunarsalinn úr slátrunarsalnum eða geymt fyrst í kaldri geymslu eða kæligeymslu. Strax og kjötíð hefur verið stykkjað og, eftir því sem við á, því pakkað í umbúðir skal það kælt niður í hitastigið sem um getur í b-lið 2. liðar.

VI. KAFLI: NEYÐARSLÁTRUN UTAN SLÁTURHÚSS

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá til þess að kjöt af tömdum hóf- og klaufdýrum, sem hafa farið í neyðarslátrun utan sláturhúss, sé því aðeins notað til manneldis að það uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

1. Ef um er að ræða dýr sem er að öðru leyti heilbriggt þarf það að hafa slasast þannig að ekki var hægt, af ástæðum er varða velferð dýrsins, að flytja það í sláturhúsið.
2. Dýralæknir skal skoða dýrið fyrir slátrun.
3. Dýrið skal flutt í sláturhúsið, í samræmi við reglur um hollustuhætti og án óþarfa tafa, eftir að það hefur verið aflífað og blóðtæmt. Heimilt er að fjarlægja maga og garnir undir eftirliti dýralæknis en ekki að gera að dýrinu á annan hátt á vettvangi. Öll innýfli, sem eru fjarlægð, skulu fylgja aflífuðu dýrinu í sláturhúsið og auðkennð því.
4. Líði meira en tvær stundir milli þess að dýrið er aflífað og þar til komið er með það í sláturhúsið skal það kælt. Ekki þarf að grípa til kælingar ef veðurfarsskilyrði gera það óþarft.
5. Aflífuðu dýri skal fylgja yfirlýsing í sláturhúsið frá stjórnanda matvælafyrirtækisins, sem hélt dýrið, þar sem tilgreind eru auðkenni dýrsins og öll dýralyf eða önnur meðferð sem dýrið kann að hafa fengið ásamt dagsetningum lyfjagjafar og útskilnaðartíma.

6. Aflifuðu dýri skal fylgja yfirlýsing dýralæknis í sláturhúsið þar sem fram koma jákvæðar niðurstöður úr skoðun fyrir slátrun, dagur, stund og ástæður neyðarslátrunar og eðli allrar meðferðar sem dýralæknirinn hefur veitt dýrinu.
7. Aflifaða dýrið skal vera hæft til manneldis samkvæmt skoðun eftir slátrun sem fer fram í sláturhúsinu í samræmi við reglugerð (EB) nr. 854/2004, þ.m.t. samkvæmt öllum viðbótarprófunum sem krafist er þegar um neyðarslátrun er að ræða.
8. Stjórnendur matvælaframleiðinga skulu fylgja öllum fyrirætlunum um nýtingu kjötsins sem opinberir dýralæknirinn kann að gefa að lokinni skoðun eftir slátrun.
9. Stjórnendur matvælaframleiðinga mega ekki setja kjöt af dýrum, sem hafa farið í neyðarslátrun, á markað nema kjötið beri sérstakt heilbrigðismerki sem ekki er hægt að rugla saman við heilbrigðismerkið, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 854/2004, né heilbrigðismerkið sem kveðið er á um í I. þætti II. viðauka við þessa reglugerð. Þetta kjöt má einungis setja á markað í aðildarríkinu þar sem slátrunin átti sér stað og í samræmi við landslög.

VII. KAFLI: GEYMSLA OG FLUTNINGUR

Stjórnendur matvælaframleiðinga skulu sjá til þess að kjöt af tömdum hóf- og klaufdýrum sé geymt og flutt í samræmi við eftirfarandi kröfur:

1. a) Ef ekki er kveðið á um annað í öðrum sérákvæðum skal kjöt kælt strax í sláturhúsinu að lokinni skoðun eftir slátrun eftir kælingarferli sem tryggir silækkandi hitastig þar til hitastigið er alls staðar 3 °C eða lægra í slátrum og 7 °C eða lægra í kjöti. Þó er heimilt að stykkja og úrbeina kjöt við kælingu í samræmi við 4. lið V. kafla.

b) Við kælingu skal loftræsting vera fullnægjandi þannig að vatn þéttist ekki á yfirborði kjötsins.
2. Kjöt skal ná því hitastigi, sem er tilgreint í 1. lið, og haldast við það hitastig í geymslu.
3. Kjöt skal ná því hitastigi, sem er tilgreint í 1. lið, fyrir flutning og haldast við það hitastig í flutningi. Flutningur má þó einnig fara fram ef lögbæra yfirvaldið heimilar hann til að gefa kost á framleiðslu tiltekinna vara, svo fremi:

a) slíkur flutningur fari fram í samræmi við kröfur sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir fyrir flutning frá einni, tiltekinni starfsstöð til annarrar

og

b) að kjötið fari þegar í stað úr sláturhúsinu eða stykkjunarsal, sem er á sama stað og slátrunarsalurinn, og að flutningur vari ekki lengur en tvær klukkustundir.
4. Kjöt, sem ætlað er til frystingar, skal fryst án óþarfá tafa og, ef þörf krefur, látið ná stöðugleika í tiltekinn tíma fyrir frystingu.
5. Óvarið kjöt skal geymt og flutt aðskilið frá þökkuðu kjöti nema það sé geymt eða flutt á mismunandi tíma eða á þann hátt að umbúðaefnið og geymslu- eða flutningsmátinn geti ekki valdið því að kjötið mengist.

II. ÞÁTTUR: KJÖT AF ALIFUGLUM OG NÖRTURUM

I. KAFLI: FLUTNINGUR LIFANDI DÝRA Í SLÁTURHÚS

Stjórnendur matvælaframleiðinga, sem flytja lifandi dýr í sláturhús, skulu sjá til þess að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

1. Dýrin skulu meðhöndluð varlega við smölun og flutning og án þess að valda þeim ónauðsynlegum þjáningum.
2. Ef dýr sýna merki um sjúkdóm eða koma úr hópum, sem er vitað að bera smitefni sem geta haft áhrif á lýðheilsu, er ekki heimilt að flytja dýrið í sláturhús nema lögbært yfirvald leyfi það.

3. Kassar og einingar til að flytja dýrin í sláturhúsið skulu vera úr efni sem tærist ekki og er auðvelt að þrifa og sótthreinsa. Allur búnaður, sem er notaður til að smala lifandi dýrum saman og afhenda þau, skal þrífinn, þveginn og sótthreinsaður um leið og hann hefur verið tæmdur og, ef nauðsyn krefur, áður en hann er notaður aftur.

II. KAFLI: KRÖFUR ER VARÐA SLÁTURHÚS

Stjórnendur sláturhúsa skulu sjá til þess að bygging, skipulag og búnaður sláturhúsa, þar sem alifuglum eða nörturum er slátrað, uppfylli eftirfarandi kröfur:

1. Þau skulu vera með sal eða yfirbyggðu rými þar sem tekið er við dýrunum og þau skoðuð fyrir slátrun.
2. Til að koma í veg fyrir mengun kjöts skulu þau
 - a) vera með nægilegum fjölda rýma miðað við aðgerðirnar sem þar fara fram,
 - b) vera með sérstöku rými fyrir innanúrtöku og fyrir frekari aðgerðir, þ.m.t. að krydda alifuglaskrokka í heilu lagi, nema lögbæra yfirvaldið heimili, í hverju tilviki fyrir sig, að þessar aðgerðir fari fram á mismunandi tíma í tilteknu sláturhúsi,
 - c) tryggja aðskilnað á milli eftirfarandi aðgerða í rúmi eða tíma:
 - i) deyfingar og blóðtæmingar,
 - ii) reytingar eða fláningar og allrar kalónunar
og
 - iii) afhendingar kjöts,
 - d) vera með innréttingum sem hindra snertingu kjöts við gólf, vegg og áfastan búnað
og
 - e) búnar sláturlínur (þar sem þær eru notaðar á annað borð) sem eru hannaðar þannig að framvinda slátrunarferlisins sé órofin og komið sé í veg fyrir víxlmengun milli mismunandi hluta sláturlínunnar. Ef notaðar eru fleiri en ein sláturlína við slátrun á sama athafnasvæði verða þær að vera nægilega aðgreindar til að koma í veg fyrir víxlmengun.
3. Þau þurfa að hafa aðstöðu til þess að sótthreinsa verkfæri með heitu vatni, sem er a.m.k. 82 °C, eða annað kerfi sem hefur sambærileg áhrif.
4. Búnaður, sem starfsfólk sem meðhöndlar óvarið kjöt notar til handþvotta, skal vera með krönum sem eru þannig hannaðir að komist er hjá dreifingu mengunar.
5. Þau skulu búið læsanlegum kæligeymslum fyrir kjöt, sem lagt hefur verið hald á, og aðskildum, læsanlegum geymslum fyrir kjöt sem dæmt hefur verið óhæft til manneldis.
6. Þau skulu hafa aðskilinn stað með viðeigandi aðstöðu til að þrifa, þvo og sótthreinsa:
 - a) flutningabúnað, s.s. kassa,
og
 - b) flutningatæki.

Þó er ekki skylt að hafa slíka staði og aðstöðu að því er varðar b-lið ef opinberlega leyfðir staðir og aðstaða eru í næsta nágrenni.

7. Þau skulu vera með nægilega vel búinni aðstöðu, sem hægt er að læsa, eða, ef þörf krefur, rými sem er eingöngu ætlað þeim sem annast heilbrigðisþjónustu fyrir dýr og dýraafurðir.

III. KAFLI: KRÖFUR ER VARÐA STYKKJUNARSTÖÐVAR

1. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá til þess að stykkjunarstöðvar sem meðhöndla kjöt af alifuglum og nörturum:

- a) séu þannig byggðar að komið sé í veg fyrir mengun kjöts, einkum með því:
- i) að tryggja að framvinda aðgerða sé órofin
- eða
- ii) að tryggja að mismunandi framleiðslulotur séu aðskildar,
- b) séu með rýmum til að geyma pakkað kjöt aðskilið frá óvörðu kjöti nema það sé geymt þar á mismunandi tíma eða á þann hátt að umbúðaeftir og geymslumátinn geti ekki valdið því að kjötið mengist,
- c) séu með stykkjunarsölum sem eru búnir á þann hátt sem tryggir samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir í V. kafla,
- d) hafi búnað, sem starfsfólk sem meðhöndlar óvarið kjöt notar til handþvotta, með krönum sem eru þannig hannaðir að komist er hjá dreifingu mengunar
- og
- e) hafi búnað til þess að sótthreinsa verkfæri með heitu vatni, sem er a.m.k. 82 °C, eða annað kerfi sem hefur sambærileg áhrif.

2. Fari eftirfarandi aðgerðir fram í stykkjunarstöð:

- a) innanúrtaka úr gæsum og öndum, sem eru aldar til framleiðslu á fituríkri lifur („foie gras“) og hafa verið deyðar, blóðtæmdar og reyttar á eldisbýlinu,

eða

- b) innanúrtaka úr alifuglum, sem frestað var að taka innan úr,

skulu stjórnendur matvælafyrirtækja sjá til þess að sérstök rými séu notuð til þeirra verka.

IV. KAFLI: HOLLUSTUHÆTTIR VIÐ SLÁTRUN

Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem reka sláturhús þar sem alifuglum eða nörturum er slátrað, skulu sjá til þess að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

1. a) Ekki má nota kjöt af öðrum dýrum til manneldis en um getur í b-lið ef þau hafa drepist á annan hátt en við slátrun í sláturhúsinu.

- b) Einungis má koma með lifandi sláturdýr inn á athafnasvæði sláturhúsa, að undanskildum:

- i) alifuglum, gæsum og öndum, sem frestað hefur verið að taka innan úr og eru alin til framleiðslu á fituríkri lifur, og fuglum, sem teljast ekki tamdir en eru ræktaðir sem alifuglar, ef slátrunin fer fram á býlinu í samræmi við VI. kafla,

- ii) öldum veiðidýrum sem hefur verið slátrað á framleiðslustað í samræmi við III. þátt

og

- iii) litlum, villtum veiðidýrum, í samræmi við III. kafla IV. þáttar.

2. Stjórnendur sláturhúsa skulu fylgja fyrirmælum lögbæra yfirvaldsins til að tryggja að skoðun fyrir slátrun fari fram við viðeigandi aðstæður.
3. Ef samþykki fyrir starfsstöð tekur til slátrunar dýra af mismunandi tegundum eða meðhöndlunar alinna strútfugla og lítilla, villtra veiðidýra skal gera varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir vixlmengun með því að aðskilja aðgerðir á mismunandi dýrategundum annaðhvort í tíma eða rúmi. Sérstök aðstaða skal vera fyrir móttöku og geymslu skrokka alinna strútfugla, sem hefur verið slátrað á býlinu, og lítilla, villtra veiðidýra.
4. Dýr, sem komið er með inn í slátursal, skal slátrað án óþarfa tafa.
5. Deyfing, blóðtæming, fláning, reyting, innanúrtaka og aðrar aðgerðir skulu fara fram án óþarfa tafa og á þann hátt að komið sé í veg fyrir mengun kjötsins. Einkum skal gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að innihald meltingarveggar leki út við innanúrtöku.
6. Stjórnendur sláturhúsa skulu fylgja fyrirmælum lögbæra yfirvaldsins til að tryggja að skoðun eftir slátrun fari fram við viðeigandi aðstæður og einkum að unnt sé að skoða slátruð dýr tilhlýðilega.
7. Að lokinni skoðun eftir slátrun:
 - a) skal flytja hluta, sem eru óhæfir til mannelis, sem fyrst brott af hreinu svæði starfsstöðvarinnar,
 - b) má kjöt, sem lagt hefur verið hald á eða dæmt óhæft til mannelis, og aukaafurðir, sem eru ekki hæfar til mannelis, ekki komast í snertingu við kjöt sem hefur verið dæmt hæft til mannelis

og
 - c) skal fjarlægja algjörlega, ef unnt er, og sem fyrst innfli eða hluta innfylla sem hafa orðið eftir í skrokknum, að nýrum undanskildum, nema lögbæra yfirvaldið veiti leyfi til annars.
8. Þegar aflífuð dýr hafa verið skoðuð og innflin tekin úr þeim skulu þau þrífín og kæld sem fyrst þar til hitastig þeirra er orðið 4 °C eða lægra nema kjötið sé stykkjað á meðan það er volgt.
9. Þegar skrokkar eru kældir í vatnsbaði skal hafa hliðsjón af eftirfarandi:
 - a) Gera skal allar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun skrokkanna og skal taka tillit til þátta á borð við þyngd skrokka, hitastig vatnsins, rúmtak og rennslisátt vatnsins og kælingartíma.
 - b) Búnaður skal tæmdur algerlega, þrífín og sóthreinsaður þegar þörf krefur og a.m.k. einu sinni á dag.
10. Sjúkum dýrum eða dýrum, sem grunur leikur á að séu sýkt, og dýrum, sem er slátrað samkvæmt áætlunum um útyringu sjúkdóma eða um sjúkdómavarnir, skal ekki slátrað í starfsstöðinni nema með leyfi lögbæra yfirvaldsins. Í því tilviki skal slátrun fara fram undir opinberu eftirliti og ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir mengun og skal athafnasvæðið þrífíð og sóthreinsað áður en það er notað aftur.

V. KAFLI: HOLLUSTUHÆTTIR VIÐ OG EFTIR STYKKJUN OG ÚRBEINGU

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá til þess að kjöt af alifuglum og nörturum sé stykkjað og úrbeinað í samræmi við eftirfarandi kröfur:

1. Vinna við kjöt skal skipulögð þannig að girt sé fyrir eða dregið sem mest úr mengun. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu, í þessu skyni, einkum sjá til þess:
 - a) að kjöt, sem á að stykkja, sé fært inn í vinnslusalina jafnóðum og þörf er á því,

- b) að við stykkjun, úrbeiningu, snyrtingu, sneiðingu, bitun og pökkun kjöts í innri og ytri umbúðir fari hitastig þess ekki yfir 4 °C og er það gert með því að hafa umhverfishitann ekki hærri en 12 °C eða með öðru kerfi sem hefur sambærileg áhrif
- og
- c) ef samþykki fyrir starfsstöð tekur til stykkjunar kjöts af mismunandi dýrategundum, að gerðar séu varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir víxlmengun, ef þörf krefur með því að aðskilja aðgerðir á mismunandi dýrategundum í tíma eða rúmi.
2. Kjöt má þó úrbeina og stykkja áður en það nær hitastiginu, sem um getur í b-lið 1. liðar, ef stykkjunarsalurinn er á sama stað og slátrunarsalurinn, að því tilskildu að það sé annaðhvort fært í stykkjunarsal:
- a) rakleitt úr slátrunarsal eða
- b) geymt fyrst í kaldri geymslu eða kæligeymslu.
3. Um leið og kjötið hefur verið stykkjað og, eftir því sem við á, því pakkað skal það kælt niður í hitastigið sem um getur í b-lið 1. liðar.
4. Óvarið kjöt skal geymt og flutt aðskilið frá pökkuðu kjöti nema það sé geymt eða flutt á mismunandi tíma eða á þann hátt að umbúðaefnið og geymslu- eða flutningsmátinn geti ekki valdið því að kjötið mengist.

VI. KAFLI: SLÁTRUN Á BÝLI

Stjórnendum matvælafyrirtækja er ekki heimilt að slátra alifuglum, sem um getur í i-lið b-liðar 1. liðar í IV. kafla, á býlinu nema það sé gert með leyfi lögbærs yfirvalds og í samræmi við eftirfarandi kröfur:

1. Dýralæknir skal skoða býlið reglulega.
2. Stjórnandi matvælafyrirtækisins skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu fyrirfram um sláturdag og -stund.
3. Á bújörðinni skal vera aðstaða til að safna fuglunum saman svo að hægt sé að skoða hópinn fyrir slátrun.
4. Á bújörðinni skal vera viðeigandi aðstaða til að slátra fuglunum samkvæmt reglum um hollustuhætti og til frekari meðhöndlunar þeirra.
5. Uppfylla skal kröfur er varða velferð dýranna.
6. Með sláturfuglum skal fylgja yfirlýsing til slátruhússins frá stjórnanda matvælafyrirtækisins, þar sem dýrið var alið, þar sem tilgreind eru öll dýralyf eða önnur meðferð sem dýrið kann að hafa fengið ásamt dagsetningum lyfjagjafar og útskilnaðartíma og sláturdegi og -stund.
7. Vottorð frá opinbera dýralækninum eða dýralækni, sem hlotið hefur samþykki samkvæmt reglugerð (EB) nr. 854/2004, skal fylgja dýrinu til slátruhússins.
8. Þegar um er að ræða alifugla sem eru aldir til framleiðslu á fituríkri lifur skulu fuglar með öllum innyflum fluttir strax og, ef þörf krefur, kældir til slátruhúss eða stykkjunarstöðvar. Innyflin skulu tekin úr þeim innan 24 stunda frá slátrun og undir eftirliti lögbærs yfirvalds.
9. Geyma má alifugla, sem frestað hefur verið að taka innan úr og eru fengnir frá framleiðslubújörðinni, í allt að 15 daga við hitastig sem er 4 °C eða lægra. Eftir það skulu innyflin tekin úr í slátruhúsi eða í stykkjunarstöð sem er í sama aðildarríki og framleiðslubújörðin.

III. ÞÁTTUR: KJÖT AF ÖLDUM VEIÐIDÝRUM

1. Ákvæði I. þáttar gilda um framleiðslu og setningu kjöts af öldum veiðidýrum úr hópi klaufdýra (hjärtadýrum og svinum) á markað nema lögbæra yfirvaldið telji að þau eigi ekki við.
2. Ákvæði II. þáttar gilda um framleiðslu og setningu kjöts af strútfuglum á markað. Þó gilda ákvæði I. þáttar ef lögbæra yfirvaldið telur að þau eigi við. Viðeigandi aðstaða skal vera fyrir hendi og miðast við stærð dýranna.
3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. liðar er stjórnendum matvælafyrirtækja heimilt að slátra öldum strútfuglum og öldum hóf- og klaufdýrum, sem um getur í 1. lið, á upprunastað að fengnu leyfi lögbæra yfirvaldsins:
 - a) ef ekki er hægt að flytja dýrin, annaðhvort vegna þess að koma á í veg fyrir að þeim, sem meðhöndlar dýrin, sé stefnt í hættu eða til að gæta velferðar dýranna,
 - b) ef dýralæknir skoðar hjörðina reglubundið,
 - c) ef eigandi dýranna leggur fram beiðni þar að lútandi,
 - d) ef lögbæra yfirvaldinu er tilkynnt fyrirfram um dag- og tímasetningu fyrir slátrun dýranna,
 - e) ef beitt er sérstökum verklagsreglum á bújörðinni við að safna dýrunum saman svo að hægt sé að skoða hópinn fyrir slátrun,
 - f) ef viðeigandi aðstaða er fyrir hendi á bújörðinni til að slátra dýrunum og blóðtæma þau og til að reyta strútfugla, ef um það er að ræða,
 - g) ef kröfur, er varða velferð dýranna, eru uppfylltar,
 - h) ef dýrin eru flutt í sláturhús, í samræmi við reglur um hollustuhætti og án óþarfa tafa, eftir slátrun og blóðtæmingu. Taki flutningurinn meira en tvær stundir skal dýrið kælt ef þörf krefur. Innanúrtaka er heimil á vettvangi undir eftirliti dýralæknisins,
 - i) ef yfirlýsing til sláturhússins frá stjórnanda matvælafyrirtækisins, þar sem dýrin voru alin, fylgir með aflífuðum dýrum þar sem tilgreind eru auðkenni dýranna og öll dýralyf eða önnur meðferð sem dýrin kunna að hafa fengið ásamt dagsetningum lyfjagjafar og útskilnaðartíma

og

 - j) ef fram kemur á vottorði, sem fylgir sláturdýrunum og opinberi dýralæknirinn eða samþykktur dýralæknir hefur gefið út og undirritað, að niðurstöður skoðunar fyrir slátrun hafi verið jákvæðar, að rétt hafi verið staðið að slátrun og blóðtæmingu og slátrunardagur og -stund.
4. Stjórnendum matvælafyrirtækja er einnig heimilt, við sérstakar aðstæður, að slátra visundum á býlinu í samræmi við 3. lið.

IV. ÞÁTTUR: KJÖT AF VILLTUM VEIÐIDÝRUM

I. KAFLI: ÞJÁLFUN VEIÐIMANNA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR HEILBRIGÐI OG HOLLUSTUHÆTTI

1. Þeir sem stunda veiðar á villtum veiðidýrum í þeim tilgangi að setja þau á markað til mannelis þurfa að hafa næga meinafræðilega þekkingu á villtum veiðidýrum og á framleiðslu og meðhöndlun villtra veiðidýra og kjöti af villtum veiðidýrum að veiðum loknum til að þeir geti gert fyrstu athugun á villtu veiðidýri á vettvangi.
2. Þó nægir að a.m.k. einn maður í veiðihópi hafi þá þekkingu sem um getur í 1. lið. Tilvisanir í þessum þætti í „þjálfaðan einstakling“ eru tilvisanir í þann mann.

3. Þessi þjálfaði einstaklingur gæti einnig verið veiðivörður eða gæslumaður veiðidýrasvæðis ef hann er með í veiðihópi eða er í næsta nágrenni við veiðisvæðið. Í síðara tilvikinu skal veiðimaðurinn sýna veiðiverðinum eða gæslumanni veiðidýrasvæðisins veiðidýrið og hafi hann orðið var við afbrigðilega hegðun hjá dýrinu áður en það var fellt skal hann tilkynna þeim það.
4. Veiðimenn skulu hafa aðgang að þjálfun sem uppfyllir kröfur lögbæra yfirvaldsins og gerir þeim kleift að verða „þjálfaðir einstaklingar“. Þjálfunin skal a.m.k. taka til eftirfarandi atriða:
 - a) eðlilegrar líffærafræði, lífeðlisfræði og hegðunar villtra veiðidýra,
 - b) óeðlilegrar hegðunar og sjúklegra breytinga hjá villtum veiðidýrum vegna sjúkdóma, umhverfismengunar eða annarra þátta sem geta haft áhrif á heilbrigði manna eftir neyslu veiðibráðarinnar,
 - c) reglna um hollustuhætti og réttra aðferða, m.a. við að meðhöndla, flytja og taka innan úr villtum veiðidýrum eftir að þau hafa verið felld

og

 - d) ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um dýraheilbrigði, lýðheilsu og skilyrði um hollustuhætti sem gilda um setningu villtra veiðidýra á markað.
5. Lögbæra yfirvaldið skal hvetja samtök veiðimanna til að veita slíka þjálfun.

II. KAFLI: MEÐHÖNDLUN STÓRRA, VILLTRA VEIÐIDÝRA

1. Þegar stórt, villt veiðidýr hefur verið fellt skal taka úr því maga og garnir sem fyrst og, ef þörf krefur, blóðtæma.
2. Þjálfaði einstaklingurinn skal athuga skrokkinn og öll innfli, sem tekin eru úr honum, til að leita einkenna sem gætu bent til þess að heilbrigðisáhrættu stafaði af kjötinu. Athuginin skal fara fram sem fyrst eftir að dýrið hefur verið fellt.
3. Ekki er heimilt að setja kjöt af stóru, villtu veiðidýri á markað nema skrokkurinn sé fluttur á starfsstöð, sem meðhöndlar veiðidýr, eins fljótt og unnt er að lokinni athugininni sem um getur í 2. lið. Innflin skulu fylgja með skrokknum eins og tilgreint er í 4. lið. Unnt verður að vera að rekja innflin til tiltekins skrokks.
4.
 - a) Ef athugun, sem um getur í 2. lið, leiðir ekki í ljós óeðlileg einkenni, ef ekki hefur orðið vart óeðlilegrar hegðunar hjá dýrinu áður en það var fellt og leiki ekki grunur á um umhverfismengun skal þjálfaði einstaklingurinn festa tölusetta yfirlýsingu á skrokk dýrsins þar sem þetta er staðfest. Í yfirlýsingunni skal einnig tilgreina veiðidag, -stund og -svæði. Þegar svo er þurfa haus og innfli ekki að fylgja með skrokknum nema þegar um er að ræða dýrategundir sem hætt er við að beri trikinur (svín, höfdýr o.fl.) en þá verður hausinn (að undanskildum skölgultönnum) og þindin að fylgja með skrokknum. Veiðimenn verða þó að uppfylla öll viðbótarskilyrði sem sett eru í aðildarrákinu þar sem veiðin fer fram, einkum til að unnt sé að hafa eftirlit með tilteknum efnaleifum og efnun í samræmi við tilskipun 96/23/EB.
 - b) Í öðrum tilvikum skulu hausinn (nema skölgultennur og hjartarhorn og önnur horn) og öll innfli, nema magi og garnir, fylgja með skrokknum. Þjálfaði einstaklingurinn, sem gerði athuginina, skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu um öll afbrigðileg einkenni, afbrigðilega hegðun eða grun um umhverfismengun sem kemur í veg fyrir að hann geti gefið yfirlýsingu í samræmi við a-lið.
 - c) Ef þjálfaður einstaklingur er ekki á staðnum í tilteknu tilviki til að gera athuginina, sem um getur í 2. lið, skulu hausinn (nema skölgultennur og hjartarhorn og önnur horn) og öll innfli, nema magi og garnir, fylgja með skrokknum.
5. Kæling skal hefjast innan hæfilegs tíma frá því að dýrið er fellt og ná því marki að hitastigið verði alls staðar 7 °C eða lægra í kjötinu. Ekki þarf að grípa til kælingar ef veðurfarsskilyrði gera það óþarft.
6. Við flutning dýranna til starfsstöðvar sem meðhöndlar veiðidýr ber að forðast að hrúga þeim upp.

7. Stórt, villt veiðidýr, sem eru afhent starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr, skulu færð til skoðunar hjá lögbæra yfirvaldinu.
8. Auk þessa er ekki heimilt að flá, stórt, villt veiðidýr og setja það á markað nema:
 - a) kjötið sé geymt og meðhöndlað aðskilið frá öðrum matvælum fram að fláningu og ekki fryst
og
 - b) fram fari lokaskoðun á því, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 854/2004, eftir fláningu.
9. Reglurnar, sem mælt er fyrir um í I. þætti V. kafla, gilda um stykkjun og úrbeiningu stórra, villtra veiðidýra.

III. KAFLI: MEÐHÖNDLUN LÍTILLA, VILLTRA VEIÐIDÝRA

1. Þjálfaði einstaklingurinn skal gera athugun á dýrinu til að leita einkenna sem gætu bent til þess að heilbrigðisáætta stafaði af kjötinu. Athuginin skal fara fram eins fljótt og unnt er eftir að dýrið hefur verið fellt.
2. Ef athugun leiðir í ljós óeðlileg einkenni, ef vart hefur orðið óeðlilegrar hegðunar hjá dýrinu áður en það var fellt eða leiki grunur á um umhverfismengun skal þjálfaði einstaklingurinn tilkynna það þegar í stað til lögbæra yfirvaldsins.
3. Ekki er heimilt að setja kjöt af litlu, villtu veiðidýri á markað nema skrokkurinn sé fluttur á starfsstöð, sem meðhöndlar veiðidýr, eins fljótt og unnt er að lokinni athugininni sem um getur í 1. lið.
4. Kæling skal hefjast innan hæfilegs tíma frá því að dýrið er fellt og ná því marki að hitastigið verði alls staðar 4 °C eða lægra í kjötinu. Ekki þarf að grípa til kælingar ef veðurfarsskilyrði gera það óþarft.
5. Taka skal innan úr dýri eða ljúka við að taka innan úr því án óþarfá tafa þegar komið er með dýrið á starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr nema lögbæra yfirvaldið leyfi annað.
6. Lítil, villt veiðidýr, sem eru afhent starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr, skulu færð til skoðunar hjá lögbæra yfirvaldinu.
7. Reglurnar, sem mælt er fyrir um í II. þætti V. kafla, gilda um stykkjun og úrbeiningu lítilla, villtra veiðidýra.

V. ÞÁTTUR: HAKKAÐ KJÖT, UNNAR KJÖTVÖRUR OG VÉLÚRBEINAÐ KJÖT

I. KAFLI: KRÖFUR ER VARÐA FRAMLEIÐSLUSTÖÐVAR

Stjórnendur matvælafrirtækja, sem reka starfsstöðvar þar sem framleitt er hakkað kjöt, unnar kjötvörur eða vélúrbeinað kjöt, skulu sjá til þess að þær:

1. séu þannig byggðar að komið sé í veg fyrir mengun kjöts og vara, einkum með því:
 - a) að tryggja að framvinda aðgerða sé órofin eða
 - b) að tryggja að mismunandi framleiðslulotur séu aðskildar,
2. séu með rýmum til að geyma pakkað kjöt aðskilið frá óvörðu kjöti og vörum nema það sé geymt þar á mismunandi tíma eða á þann hátt að umbúðaeftir og geymslumátinn geti ekki valdið því að kjötið eða afurðirnar mengist,
3. séu með rýmum sem eru búin á þann hátt sem tryggir samræmi við kröfur um hitastig sem mælt er fyrir í III. kafla,

4. hafi búnað, sem starfsfólk sem meðhöndlar óvarið kjöt og afurðir, notar til handþvotta, með krönum sem eru þannig hannaðir að komist er hjá dreifingu mengunar
og
5. hafi aðstöðu til þess að sótthreinsa verkfæri með heitu vatni sem er a.m.k. 82 °C eða annað kerfi sem hefur sambærileg áhrif.

II. KAFLI: KRÖFUR ER VARÐA HRÁEFNI

Stjórnendur matvælafrýrtækja, sem framleiða hakkað kjöt, unnar kjötvörur eða vélúrbeinað kjöt, skulu sjá til þess að hráefnin, sem eru notuð, uppfylli eftirfarandi kröfur:

1. Hráefnið, sem er notað í hakkað kjöt, skal uppfylla eftirfarandi kröfur:
 - a) það skal uppfylla kröfur er varða nýtt kjöt,
 - b) það skal vera úr beinagrindarvöðva, þ.m.t. aðliggjandi fituvefir,
 - c) það má ekki vera úr:
 - i) úrkasti sem fellur til við stykkjun og afskurð (nema þegar um heila vöðva er að ræða),
 - ii) vélúrbeinuðu kjöti,
 - iii) kjöti sem inniheldur beinhluta eða skinn
eða
 - iv) kjöti af hausum, að undanskildum kjálkavöðvum, vöðvalausum hluta hvítalínu (*linea alba*), svæðinu í kringum framhné og hækil, kjöti, sem er skafið af beinum, og þindarvöðvum (nema vessahimnan hafi verið fjarlægð).
2. Í unnar kjötvörur má nota eftirfarandi hráefni:
 - a) nýtt kjöt,
 - b) kjöt sem uppfyllir ákvæði 1. liðar
og
 - c) ef unnin kjötvara er greinilega ekki ætluð til neyslu fyrir en eftir hitameðhöndlun:
 - i) kjöt sem fæst með því að hakka eða bita niður kjöt sem uppfyllir ákvæði 1. liðar, að undanskildu kjöti skv. i-lið c-liðar 1. liðar
og
 - ii) vélúrbeinað kjöt sem uppfyllir ákvæði d-liðar 3. liðar III. kafla.
3. Hráefni, sem er notað til framleiðslu á vélúrbeinuðu kjöti, skal uppfylla eftirfarandi kröfur:
 - a) það skal uppfylla kröfur er varða nýtt kjöt,
 - b) ekki má nota eftirfarandi til framleiðslu á vélúrbeinuðu kjöti:
 - i) þegar um er að ræða alifugla: fætur og húð á hálsi og höfði,
og
 - ii) þegar um er að ræða önnur dýr: hausbein, fætur, rófu, lærlegg, sköflung, dálk, upphandleggsbein, geislabein og öln.

III. KAFLI: REGLUR UM HÖLLUSTUHÆTTI Í OG EFTIR FRAMLEIÐSLU

Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem framleiða hakkað kjöt, unnar kjötvörur eða vélúrbeinað kjöt, skulu sjá til þess að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

1. Vinna við kjöt skal skipulögð þannig að girt sé fyrir eða dregið sem mest úr mengun. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu, í þessu skyni, einkum sjá til þess, að því er varðar kjötið sem er notað:
 - a) að hitastig alifuglakjöts fari ekki yfir 4 °C, hitastig innmatar ekki yfir 3 °C og hitastig annars kjöts ekki yfir 7 °C

og
 - b) að farið sé með það í rýmið fyrir tilreiðslu jafnóðum og þörf er á því.
2. Eftirfarandi kröfur gilda um framleiðslu hakkaðs kjöts og unninna kjötvara:
 - a) Hafi lögbært yfirvald ekki gefið leyfi til úrbeiningar rétt áður en kemur að hökkun skal fryst eða djúpfryst kjöt, sem er notað í hakkað kjöt eða unnar kjötvörur, úrbeinað fyrir frystingu. Einungis er heimilt að geyma það í takmarkaðan tíma.
 - b) Þegar hakkað kjöt er unnið úr kældu kjöti skal það unnið:
 - i) þegar um alifugla er að ræða: innan þriggja daga frá slátrun þeirra,
 - ii) þegar um önnur dýr en alifugla er að ræða: innan sex daga frá slátrun þeirraeða
 - iii) þegar um er að ræða úrbeinað nautakjöt og kálfakjöt í lofttæmdum umbúðum: innan 15 daga frá slátrun dýranna.
 - c) Hökkuðu kjöti og unnum kjötvörum skal pakka í umbúðir strax að lokinni framleiðslu og:
 - i) kæla þar til innra hitastig er orðið 2 °C eða lægra, þegar um hakkað kjöt er að ræða, og 4 °C eða lægra þegar um unnar kjötvörur er að ræða

eða
 - ii) frysta þar til innra hitastig er orðið –18 °C eða lægra. Þessu hitastigi skal haldið í geymslu og flutningi.
3. Eftirfarandi kröfur gilda um framleiðslu og notkun vélúrbeinaðs kjöts sem er framleitt með aðferðum sem breyta ekki byggingu beinanna, sem eru notuð í framleiðslu vélúrbeinaðs kjöts, og inniheldur kalsíum í magni sem er ekki að ráði yfir magni kalsíums í hökkuðu kjöti.
 - a) Hráefni til úrbeiningar frá slátruhúsi á sama stað skal ekki vera meira en sjö daga gamalt en annað hráefni til úrbeiningar skal ekki vera meira en fimm daga gamalt. Alifuglaskrokkar mega þó ekki vera eldri en þriggja daga.
 - b) Vélúrbeining skal fara fram strax á eftir úrbeiningu.
 - c) Ef ekki á að nota vélúrbeinað kjöt strax eftir framleiðslu þess skal pakka því í umbúðir og síðan kæla það þar til hitastig þess er orðið 2 °C eða lægra eða frysta þar til innra hitastig þess er orðið –18 °C eða lægra. Þessar kröfur um hitastig skulu uppfylltar við geymslu og flutning.

- d) Hafí stjórnandi matvælafyrirtækis séð um greiningu á vélúrbeinuðu kjöti sem sýnir að það er í samræmi við örverufræðilegar viðmiðanir fyrir hakkað kjöt sem hafa verið samþykktar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 852/2004 er heimilt að nota það í unnar kjötvörur, sem eru greinilega ekki ætlaðar til neyslu fyrr en eftir hitameðhöndlun, og í kjötafurðir.
- e) Einungis er heimilt að nota vélúrbeinað kjöt, sem ekki hefur verið sýnt fram á að samrýmist þeim viðmiðunum sem um getur í d-lið, til að framleiða hitameðhöndlaðar kjötafurðir ef það er gert í starfsstöðvum sem hafa hlotið samþykki í samræmi við þessa reglugerð.
4. Eftirfarandi kröfur gilda um framleiðslu og notkun vélúrbeinaðs kjöts sem er framleitt með öðrum aðferðum en um getur í 3. lið.
- a) Hráefni til úrbeiningar frá sláturhúsi á sama stað skal ekki vera meira en sjö daga gamalt en annað hráefni til úrbeiningar skal ekki vera meira en fimm daga gamalt. Alifuglaskrokkar mega þó ekki vera eldri en þrjú daga.
- b) Fari vélúrbeining ekki fram strax eftir úrbeiningu skal geyma og flytja bein, sem eru enn með kjöti, þannig að hitastig þeirra fari ekki yfir 2 °C eða, ef kjötið er fryst, ekki yfir -18 °C.
- c) Ekki má endurfrysta bein með kjöti á sem eru tekin úr frystum skrokkum.
- d) Ef vélúrbeinað kjöt er ekki notað innan klukkustundar frá framleiðslu þess skal kæla það þegar í stað þar til hitastig þess er orðið 2 °C eða lægra.
- e) Ef ekki á að nota vélúrbeinað kjöt innan 24 stunda skal það fryst innan 12 stunda frá framleiðslu þannig að innra hitastig þess sé a.m.k. komið niður í -18 °C innan sex stunda.
- f) Frystu, vélúrbeinuðu kjöti skal pakkað í umbúðir fyrir geymslu eða flutning, það skal ekki geymt í meira en þrjú mánuði og hitastig þess má ekki fara yfir -18 °C í geymslu og flutningi.
- g) Einungis er heimilt að framleiða hitameðhöndlaðar kjötafurðir úr vélúrbeinuðu kjöti í starfsstöðvum sem hafa hlotið samþykki í samræmi við þessa reglugerð.
5. Ekki skal endurfrysta hakkað kjöt, unnar kjötvörur eða vélúrbeinað kjöt sem hefur þiðnað.

IV. KAFLI: MERKING

1. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu, auk þess að uppfylla kröfur í tilskipun 2000/13/EB⁽¹⁾, sjá til þess að kröfurnar í 2. lið séu uppfylltar ef, og að því marki sem, þess er krafist í landsbundnum reglum í aðildarríkinu þar sem varan er sett á markað.
2. Á neytendaumbúðum, sem innihalda hakkað kjöt af alifuglum eða höfdýrum eða unnar kjötvörur úr vélúrbeinuðu kjöti, skal vera tilkynning um að afurðirnar skuli sjóða áður en þeirra er neytt.

VI. ÞÁTTUR: KJÖTAFURÐIR

1. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá til þess að eftirfarandi líkamshlutar séu ekki notaðir við tilreiðslu kjötafurða:
- a) kynfæri kven- og karldýra, að eistum undanskildum,
- b) þvagfæri, að nýrum og þvagblöðru undanskildum,
- c) brjós úr barkakýlinu, barki og utanblaðaberkjur,

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla (Stjótið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/89/EB (Stjótið. ESB L 308, 25.11.2003, bls. 15).

- d) augu og augnlok,
 - e) ytri hlust,
 - f) hornvefur
- og
- g) í alifuglum: haus (að kambi, eyrum, hálssepa og kinnsepa undanskildum), vélinda, sarpur, gamir og kynfæri.
2. Allt kjöt, þ.m.t. hakkað kjöt og unnar kjötvörur, sem er notað til að framleiða kjötafurðir, skal uppfylla kröfur sem gilda um nýtt kjöt. Hakkað kjöt og unnar kjötvörur, sem eru notað til að framleiða kjötafurðir, þurfa þó ekki að uppfylla aðrar sérkröfur í V. þætti.

VII. ÞÁTTUR: LIFANDI SAMLOKUR

1. Þessi þáttur gildir um lifandi samlokur. Að undanskildum ákvæðum um hreinsun gildir hann einnig um lifandi skrápdyr, möttuldýr og sæsnigla.
2. Ákvæði I. til VIII. kafla gilda um dýr sem eru tekin á framleiðsluvæðum sem lögbæra yfirvaldið hefur flokkað í samræmi við reglugerð (EB) nr. 852/2004. Ákvæði IX. kafla gilda um diska sem eru teknir utan þessara svæða.
3. Ákvæði V., VI., VIII. og IX. kafla og 3. liður VII. kafla gilda um smásölu.
4. Kröfurnar í þessum þætti koma til viðbótar kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 852/2004:
 - a) Þegar um er að ræða aðgerðir sem fara fram áður en komið er með lifandi samlokur í afgreiðslu- eða hreinsunarstöð skulu þær koma til viðbótar kröfunum í I. viðauka við þá reglugerð.
 - b) Þegar um aðrar aðgerðir er að ræða koma þær til viðbótar kröfunum í II. viðauka við þá reglugerð.

I. KAFLI: ALMENNAR KRÖFUR ER VARÐA SETNINGU LIFANDI SAMLOKA Á MARKAÐ

1. Ekki er heimilt að setja lifandi samlokur á markað til smásölu nema með viðkomu í afgreiðslustöð þar sem auðkennismerki er sett á þær í samræmi við VII. kafla.
2. Stjórnendum matvælafyrirtækja er ekki heimilt að taka við framleiðslulotum lifandi samloka nema skjalllegar kröfur í 3.–7. lið hafi verið uppfylltar.
3. Í hvert sinn sem stjórnandi matvælafyrirtækis flytur framleiðslulotu lifandi samloka milli starfsstöðva, fram að og ásamt því að framleiðslulotan kemur í afgreiðslustöð eða vinnslustöð, skal skráningarskjal fylgja framleiðslulotunni.
4. Skráningarskjalið skal a.m.k. vera á einu opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem viðtökustarfsstöðin er staðsett og innihalda a.m.k. upplýsingarnar sem eru tilgreindar hér á eftir.
 - a) Þegar um er að ræða framleiðslulotu lifandi samloka sem er send frá framleiðsluvæði skal skráningarskjalið innihalda a.m.k. upplýsingar um eftirfarandi:
 - i) auðkenni veiðimanns og heimilisfang,
 - ii) hvaða dag tekja fór fram,
 - iii) staðsetningu framleiðsluvæðisins, lýst eins nákvæmlega og unnt er eða með kenningunúmeri,
 - iv) heilbrigðisástand framleiðsluvæðisins,

- v) skelfisktegundir og magn
 - og
 - vi) viðtökustað framleiðslutunnar.
- b) Þegar um er að ræða framleiðslulotu lifandi samloka sem er send frá umlagningarsvæði skal skráningarskjalið innihalda a.m.k. upplýsingar um eftirfarandi:
- i) staðsetningu umlagningarsvæðisins,
 - og
 - ii) umlagningartímann.
- c) Þegar um er að ræða framleiðslulotu lifandi samloka sem er send frá hreinsunarstöð skal skráningarskjalið innihalda a.m.k. upplýsingar um eftirfarandi:
- i) heimilisfang hreinsunarstöðvarinnar,
 - ii) hreinsunartímann
 - og
 - iii) komudag framleiðslutunnar í hreinsunarstöðina og brottsendingardag þaðan.
5. Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem senda frá sér framleiðslulotu lifandi samloka, skulu fylla út viðeigandi hluta skráningarskjalsins þannig að þeir verði auðlæsilegir og ekki hægt að breyta þeim. Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem taka við framleiðslulotum, skulu dagstimpla skjalið þegar þeir taka við framleiðslulotunni eða skrá viðtökudag með öðrum hætti.
6. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu halda eftir afriti af skráningarskjali fyrir hverja framleiðslulotu, sem þeir senda eða taka við, í a.m.k. tólf mánuði eftir afgreiðslu eða viðtöku framleiðslutunnar (eða í lengri tíma sem lögbæra yfirvaldið tiltekur).
7. Þó gildir eftirfarandi:
- a) ef starfsfólk, sem veiðir lifandi samlokur, rekur einnig afgreiðslustöð, hreinsunarstöð, umlagningarsvæði eða vinnslustöð sem tekur við lifandi samlokum
 - og
 - b) eitt lögbært yfirvald hefur umsjón með öllum viðkomandi starfsstöðvum
- má sleppa skráningarskjölunum ef þetta lögbæra yfirvald hefur veitt leyfi til þess.

II. KAFLI: KRÖFUR UM HOLLUSTUHÆTTI VIÐ FRAMLEIÐSLU OG TEKJU Á LIFANDI SAMLOKUM

A. KRÖFUR ER VARÐA FRAMLEIÐSLUSVÆÐI

1. Veiðimönnum er einungis heimilt að taka lifandi samlokur á framleiðslusvæðum með fastri staðsetningu og endimörkum sem lögbæra yfirvaldið hefur flokkað, eftir atvikum í samstarfi við stjórnendur matvælafyrirtækja, í A-, B- eða C-flokk í samræmi við reglugerð (EB) nr. 854/2004.
2. Stjórnendum matvælafyrirtækja er einungis heimilt að setja lifandi samlokur, sem hafa verið teknar á framleiðslusvæði í A-flokki, á markað til manneðis ef þær uppfylla kröfurnar í V. kafla.

3. Stjórnendum matvælafyrirtækja er einungis heimilt að setja lifandi samlokur, sem hafa verið teknar á framleiðslusvæðum í B-flokki, á markað til manneldis eftir að þær hafa verið hreinsaðar í hreinsunarstöð eða umlagðar.
4. Stjórnendum matvælafyrirtækja er einungis heimilt að setja lifandi samlokur, sem hafa verið teknar á framleiðslusvæðum í C-flokki, á markað til manneldis eftir að þær hafa verið umlagðar í langan tíma í samræmi við C-hluta þessa kafla.
5. Eftir hreinsun eða umlagningu skulu lifandi samlokur frá framleiðslusvæðum í B- eða C-flokki uppfylla allar kröfurnar í V. kafla. Heimilt er þó að senda lifandi samlokur frá slíkum svæðum, sem hafa ekki verið hreinsaðar eða umlagðar, til vinnslustöðvar þar sem þær eru meðhöndlaðar til að eyða sýklum (eftir atvikum eftir að sandur, eða eða slím hefur verið fjarlægt í sömu eða annarri starfsstöð). Leyfilegt er að nota eftirfarandi aðferðir við meðhöndlun:
 - a) dauðhreinsun í loftþéttum ílátum

og

 - b) hitameðhöndlun þar sem:
 - i) samlokunum er sökkð í sjóðandi vatn í þann tíma sem það tekur hold lindýrsins að ná innra hitastigi sem er a.m.k. 90 °C og halda þessum lágmarkshita í a.m.k. 90 sekúndur,
 - ii) samlokurnar eru soðnar í þrjár til fimm mínútur í lokuðu rými þar sem hitinn er á bilinu 120–160 °C og þrýstingurinn er á bilinu 2–5 kg/sm² og því næst er holdið tekið úr skelinni og fryst þar til kjarnahiti þess er kominn niður í –20 °C

og

 - iii) samlokurnar eru gufusoðnar undir þrýstingi í lokuðu rými þar til fullnægt hefur verið kröfum um suðutíma og um innra hitastig lindýrholdsins sem getið er í i-lið. Nota skal aðferð sem hefur verið fullgilt. Nota skal aðferðir, sem byggjast á meginreglum um greiningu á hættu og mikilvæga stýristaði til að sannreyna jafna hitadreifingu.
6. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu ekki framleiða lifandi samlokur né taka þær á svæðum sem lögbæra yfirvaldið hefur ekki flokkað eða eru óhentug af ástæðum sem varða heilbrigði. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu hafa hliðsjón af öllum viðeigandi upplýsingum sem varða hæfi viðkomandi svæða fyrir framleiðslu og tekju, þ.m.t. upplýsingar úr athugunum þeirra sjálfra og athugunum lögbæra yfirvaldsins. Þeir skulu nota þessar upplýsingar, einkum upplýsingar um umhverfisskilyrði og veðurskilyrði, til að ákveða hvaða meðhöndlun er best að nota á samlokur í hverri framleiðslulotu.

B. KRÖFUR ER VARÐA TEKJU OG MEÐHÖNDLUN Í KJÓLFARÍÐ

Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem taka lifandi samlokur eða meðhöndla þær strax og þær hafa verið teknar, skulu sjá til þess að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

1. Aðferðir við tekju og frekari meðhöndlun mega ekki auka mengun eða stórskemma skeljar eða vefi lifandi samloka né valda breytingum sem hafa veruleg áhrif á það hvort þær henta til meðhöndlunar með hreinsun, vinnslu eða umlagningu. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu einkum gæta þess:
 - a) að verja lifandi samlokur á viðeigandi hátt gegn marningi, núningi eða titringi,
 - b) að geyma lifandi samlokur ekki við of lágan né of háan hita,
 - c) að setja lifandi samlokur ekki aftur í vatn ef það kann að leiða til þess að þær mengist frekar

og

 - d) við aðlögun á náttúrulegum stöðum, að nota einungis svæði sem lögbæra yfirvaldið hefur sett í A-flokk.

2. Í flutningataekjunum skal vera hægt að koma við viðunandi frárennsli og þau skulu búin á þann hátt sem tryggir bestu lífunarskilyrði og veitir örugga vernd gegn mengun,

C. KRÖFUR ER VARÐA UMLAGNINGU LIFANDI SAMLOKA

Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem umleggja lifandi samlokur, skulu sjá til þess að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

1. Stjórnendum matvælafyrirtækja er einungis heimilt að nota svæði sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt fyrir umlagningu lifandi samloka. Endimörk svæðanna skulu greinilega merkt baujum, staurum eða öðrum föstum merkjum. Milli umlagningarsvæða og einnig milli umlagningarsvæða og framleiðslusvæða skal vera tiltekin lágmarksfjarlægð til að draga sem mest úr hættunni á að mengun berist á milli þeirra.
2. Við umlagningu skal tryggja sem ákjósanlegust skilyrði til hreinsunar. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu einkum:
 - a) nota þannig aðferðir við meðhöndlun á lifandi samlokum, sem á að umleggja, að samlokurnar geti aftur síað til sín fæðu eftir að þeim hefur verið komið fyrir á náttúrulegu vatna- eða hafsvæði,
 - b) gæta þess að umleggja lifandi samlokur ekki svo þétt að það komi í veg fyrir hreinsun,
 - c) setja lifandi samlokur í sjó á umlagningarsvæðinu í hæfilegan tíma sem er ákveðinn miðað við hitastig vatnsins en skal þó vera tveir mánuðir hið minnsta nema lögbæra yfirvaldið samþykki skemmri tíma á grundvelli áhættugreiningar sem stjórnandi matvælafyrirtækisins hefur gert

og

 - d) sjá til þess að reitir umlagningarsvæðis séu vel aðskildir þannig að framleiðslulotur blandist ekki saman og er skylt að nota „annaðhvort eða fyrirkomulagið“ þannig að ekki sé hægt að koma nýrri framleiðslulotu fyrir fyrr en fyrri framleiðslulota hefur verið fjarlægð að fullu.
3. Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem stjórna umlagningarsvæðum, skulu halda varanlegar skrár, sem lögbæra yfirvaldið hefur aðgang að til eftirlits, um uppruna lifandi samloka, umlagningartímabil, umlagningarsvæði og viðtökustaði framleiðslulotunnar eftir umlagningu.

III. KAFLI: SKIPULAGSKRÖFUR ER VARÐA AFGREIÐSLU- OG HREINSUNARSTÖÐVAR

1. Athafnasvæði á landi má ekki vera á stað sem flæðir yfir á venjulegu flóði né má afrennsli frá aðliggjandi svæðum flæða yfir það.
2. Tankar og vatnsgeymar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:
 - a) Innra byrði skal vera slétt, hart, ógagndræpt og auðvelt að þrifa.
 - b) Þeir skulu smíðaðir þannig að hægt sé að tæma allt vatn úr þeim.
 - c) Vatnsinntak skal staðsett þannig að komið sé í veg fyrir að vatnsbirgðir mengist.
3. Auk þess skulu hreinsuntankar í hreinsunarstöðvum henta fyrir magn og tegund þeirrar vöru sem á að hreinsa.

IV. KAFLI: KRÖFUR UM HOLLUSTUHÆTTI ER VARÐA HREINSUNAR- OG AFGREIÐSLUSTÖÐVAR

A. KRÖFUR ER VARÐA HREINSUNARSTÖÐVAR

Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem hreinsa lifandi samlokur, skulu sjá til þess að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

1. Fyrir hreinsun á lifandi samlokum skal þvo af þeim eðju og önnur óhreinindi í hreinu vatni.

2. Hreinsunarkerfið verður að starfa þannig að lifandi samlokur geti fljótt síað til sín fæðu á ný og haldið því áfram, það þarf að eyða skólpmengun og koma í veg fyrir endurmengun og tryggja að samlokurnar lifi við fullnægjandi skilyrði eftir hreinsun svo að unnt sé að pakka þeim í innri umbúðir og geyma þær og flytja áður en þær eru settar á markað.
3. Magn lifandi samloka, sem á að hreinsa, skal ekki vera meira en hreinsunarstöðin ræður við. Lifandi samlokurnar skulu hreinsaðar stöðugt í þann tíma sem þarf til að uppfylla heilbrigðiskröfurnar í V. kafla og örverufræðilegar viðmiðanir sem hafa verið samþykktar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 852/2004.
4. Séu margar framleiðslulotur af samlokum í sama hreinsunartanki skulu þær vera sömu tegundar og meðhöndlunartíminn skal miðast við framleiðslulotuna sem þarf lengsta hreinsunartímann.
5. Ílátin, sem eru notuð til að halda lifandi samlokum í hreinsunarkerfum, skulu smíðuð þannig að hreinn sjór geti flætt í gegnum þau. Þykkt samlokulaganna má ekki koma í veg fyrir að skeljarnar opni sig meðan á hreinsun stendur.
6. Ekki má setja krabbadýr, fisk eða önnur sjávardýr í hreinsunartanka þegar verið er að hreinsa lifandi samlokur.
7. Á öllum umbúðum, sem innihalda hreinsaðar, lifandi samlokur, skal vera merkimiði sem sýnir að samlokurnar hafa verið hreinsaðar.

B. KRÖFUR ER VARÐA AFGREIÐSLUSTÖÐVAR

Stjórnendur matvælaframleiðingartækja, sem reka afgreiðslustöðvar, skulu sjá til þess að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

1. Meðhöndlun lifandi samloka, einkum aðlögun, kvörðun og pökkun í innri og ytri umbúðir, má ekki menga vöruna eða hafa áhrif á lífvænleika samlokanna.
2. Skeljar lifandi samloka skulu þvegnar rækilega í hreinu vatni áður en þær eru afhentar.
3. Lifandi samlokur verða að vera frá:
 - a) framleiðslusvæði í A-flokki,
 - b) umlagningarsvæði,
 - c) hreinsunarstöðeða
 - d) annarri afgreiðslustöð.
4. Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. og 2. lið, gilda einnig um afgreiðslustöðvar um borð í skipum. Samlokur, sem eru meðhöndlaðar í slíkum stöðvum, verða að vera frá framleiðslusvæði í A-flokki eða frá umlagningarsvæði.

V. KAFLI: HEILBRIGÐISKRÖFUR ER VARÐA LIFANDI SAMLOKUR

Stjórnendur matvælaframleiðingartækja skulu ekki einungis tryggja samræmi við örverufræðilegar viðmiðanir, sem hafa verið samþykktar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 852/2004, heldur einnig sjá til þess að lifandi samlokur, sem eru settar á markað til mannelis, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

1. Lifandi samlokur skulu hafa skynmatseinkenni sem tengjast ferskleika og lífvænleika, m.a. skulu skeljar þeirra vera lausar við óhreinindi, þær skulu bregðast eðlilega við höggum og vera með eðlilegt magn af vökva í skeljunum.

2. Heildarmagn sjávarlífeitis í þeim (mælt í lífverunni allri eða einhverjum ætum hluta sérstaklega) skal ekki fara yfir eftirfarandi mörk:
 - a) þegar um er að ræða lamandi skelfiskseitur (PSP): 800 mikrógrömm á kílógramm,
 - b) þegar um er að ræða þörungaeitur sem veldur minnisleysi (ASP): 20 milligrömm dómínsýru á kílógramm,
 - c) þegar um er að ræða ókadínsýru, dínófýsistoxín og pektentoxín samanlagt: 160 mikrógrömm jafngildis ókadínsýru á kílógramm,
 - d) þegar um er að ræða jessótóxín: 1 milligramm jafngildis jessótóxíns á kílógrammog
 - e) þegar um er að ræða asaspírasíð: 160 mikrógrömm jafngildis asaspírasíðs á kílógramm.

VI. KAFLI: ÞÖKKUN LIFANDI SAMLOKA Í INNRI OG YTRI UMBÚÐIR

1. Ostrum skal pakkað í umbúðir þannig að íhvolfa skelin snúi niður.
2. Allar neytendaumbúðir með lifandi samlokum verða að vera lokaðar og haldast lokaðar eftir að þær eru sendar úr afgreiðslustöðinni og þar til þær eru seldar neytendum.

VII. KAFLI: AUÐKENNISMERKINGAR OG AÐRAR MERKINGAR

1. Merkimiðinn, þ.m.t. auðkennismerkið, skal vera vatnsheldur.
2. Til viðbótar við almennar kröfur um auðkennismerki í I. þætti II. viðauka skulu eftirfarandi upplýsingar vera á merkimiðanum:
 - a) tegund samloku (almennt heiti og vísindaheiti)og
 - b) þökkunardagsetning þar sem fram kemur að minnsta kosti mánaðardagur og mánuður. Þrátt fyrir tilskipun 2000/13/EB er heimilt er að láta merkinguna „þessi dýr skulu vera lifandi þegar þau eru seld“ koma í stað lágmarksgeymsluþols.
3. Smásali skal geyma merkimiða, sem er festur á umbúðir með lifandi samlokum sem er ekki pakkað í sérstakar neytendaumbúðir, í að minnsta kosti 60 daga eftir að hann hefur skipt upp innihaldinu.

VIII. KAFLI: AÐRAR KRÖFUR

1. Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem geyma og flytja lifandi samlokur, skulu sjá til þess að þær séu geymdar við hitastig sem hefur ekki skaðleg áhrif á öryggi matvæla né lífvænleika samlokanna.
2. Ekki má setja lifandi samlokur aftur í vatn né úða þær með vatni eftir að þær hafa verið settar í smásöluumbúðir og sendar frá afgreiðslustöðinni.

IX. KAFLI: SÉRKRÖFUR ER VARÐA DISKA SEM ERU TEKNIR UTAN FLOKKAÐRA FRAMLEIÐSLUSVÆÐA

Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem taka diska utan flokkaðra framleiðslusvæða eða meðhöndla slíka diska, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1. Ekki má setja diskana á markað nema þeir séu teknir og meðhöndlaðir í samræmi við B-hluta II. kafla og uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í V. kafla, eins og sannað er með innra eftirlitskerfi.

2. Ef gögn frá opinberum vöktunaráætlunum gera lögbæra yfirvaldinu kleift að flokka fiskimið, eftir því sem við á í samstarfi við stjórnendur matvælafyrirtækja, gilda ákvæði A-hluta II. kafla á hliðstæðan hátt um diska.
3. Ekki má setja diska á markað til manndis nema á fiskupþboði eða með afgreiðslustöð eða vinnslustöð sem millilið. Þegar stjórnendur matvælafyrirtækja, sem reka slíkar starfsstöðvar, meðhöndla diska skulu þeir tilkynna það til lögbæra yfirvaldsins og, þegar um afgreiðslustöðvar er að ræða, uppfylla viðeigandi kröfur III. og IV. kafla.
4. Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem meðhöndla diska, skulu uppfylla:
 - a) skjállegar kröfur í 3.–7. lið I. kafla, eftir atvikum. Í því tilviki skal staðsetning svæðisins, þar sem diskarnir eru teknir, koma skýrt fram í skráningarskjalinu

eða
 - b) þegar um er að ræða diska í ytri umbúðum og diska í innri umbúðum, sem veita jafnmikla vernd og ytri umbúðir, kröfurnar í VII. kafla um auðkennismerkingar og aðrar merkingar.

VIII. ÞÁTTUR: LAGARAFURÐIR

1. Þessi þáttur gildir ekki um samlokur, skrápdyr, möttuldýr eða sæsnigla sem eru sett lifandi á markað. Að undanskildum I. og II. kafla gildir þessi þáttur um slík dýr þegar þau eru ekki sett lifandi á markað en í því tilviki skulu þau hafa verið fengin í samræmi við ákvæði VII. þáttar.
2. A-, C- og D-hluti III. kafla og IV. og V. kafla gilda um smásölu.
3. Kröfurnar í þessum þætti koma til viðbótar kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 852/2004:
 - a) Þegar um er að ræða starfsstöðvar, þ.m.t. skip, þar sem fram fer frumframleiðsla og tilheyrandi aðgerðir, koma þær til viðbótar kröfunum í I. viðauka við þá reglugerð.
 - b) Þegar um er að ræða aðrar starfsstöðvar, þ.m.t. skip, koma þær til viðbótar kröfunum í II. viðauka við þá reglugerð.
4. Að því er viðvíkur lagarafurðum merkir:
 - a) frumframleiðsla: eldi, veiðar og tekja lifandi lagarafurða í þeim tilgangi að setja þær á markað

og
 - b) tilheyrandi aðgerðir: eina eða fleiri eftirtalinnna aðgerða ef þær fara fram um borð í fiskveiðiskipi: slátrun, blóðgun, hausun, slægingu, uggaskurð, kælingu og þökkum í innri umbúðir og einnig:
 1. flutning og geymslu innan fiskeldisstöðva á landi á lagarafurðum sem hefur ekki verið breytt að verulegu leyti, þ.m.t. lifandi lagarafurðir

og
 2. flutning frá framleiðslustað til fyrstu viðtökustarfsstöðvar á lagarafurðum sem hefur ekki verið breytt að verulegu leyti, þ.m.t. lifandi lagarafurðir.

I. KAFLI: KRÖFUR ER VARÐA FISKISKIP

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá til þess:

1. að skip, sem eru notuð við tekju lagarafurða í náttúrulegu umhverfi þeirra eða til að meðhöndla eða vinna þær eftir tekjunum, uppfylli kröfur er varða smíði og búnað sem mælt er fyrir í I. hluta

og
2. að aðgerðir um borð í skipum séu í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í II. hluta.

I. KRÖFUR ER VARÐA SKIPULAG OG BÚNAÐ

A. Kröfur sem gilda um öll skip

1. Skip skulu hönnuð og smíðuð á þann veg að kjölvatn, skólþ, reykur, eldsneyti, olía, smurningsefni eða önnur skaðleg efni mengi ekki afurðirnar.
2. Fletir, sem lagarafurðir komast í snertingu við, skulu gerðir úr hentugu, tæringarþolnu efni sem er með sléttri áferð og auðvelt er að þrifa. Efni til yfirborðsmeðferðar skulu vera endingargóð og ekki eitruð.
3. Búnaður og efni, sem eru notuð til vinnu við lagarafurðir, skulu vera úr tæringarþolnu efni sem er auðvelt að þrifa og sóðhreinsa.
4. Þegar skip eru með inntak fyrir vatn sem er notað með lagarafurðum skal það staðsett þannig að komið sé í veg fyrir mengun vatnsbirgða.

B. Kröfur er varða skip sem eru hönnuð og útbúin með það að markmiði að verja lagarafurðir skemmdum í meira en tuttugu og fjórar klukkustundir

1. Skip, sem eru hönnuð og útbúin með það að markmiði að verja lagarafurðir skemmdum í meira en sólarhring, skulu búin lestum, tönkum eða geymum til geymslu á lagarafurðum við það hitastig sem mælt er fyrir um í VII. kafla.
2. Lestar skulu aðskildar frá vélarrými og vistarverum áhafnar með skilrúmunum sem duga til að girða fyrir mengun lagarafurða í geymslu. Lestar og geymar sem eru notuð til geymslu á lagarafurðum, skulu vera með þeim hætti að afurðirnar séu varðar skemmdum við fullnægjandi hollustuskilyrði og, ef þörf krefur, að þær séu ekki stöðugt í snertingu við bræðsluvatn.
3. Tankar um borð í skipum, sem eru búin til að kæla lagarafurðir í kældum, hreinum sjó, skulu vera með innbyggðum tækjum til að halda jöfnum hita í öllum tankinum. Þessi tæki skulu geta kælt blöndu af fiski og hreinum sjó, þannig að hitinn sé a.m.k. kominn niður í 3 °C sex klukkustundum eftir að sett er í tankana og a.m.k. niður í 0 °C sextán klukkustundum eftir ísetningu, og gera kleift að vakta og, ef þörf krefur, skrá hitann.

C. Kröfur sem varða frystiskip

Frystiskip skulu:

1. hafa nægilega öflugan frystibúnað til að lækka hitastigið hratt þar til kjarnahitinn er orðinn –18 °C eða lægri,
2. hafa nægilega öflugan kælibúnað til að hitastig lagarafurða í lestunum fari ekki yfir –18 °C. Í lestinni skal hitaskráningartæki komið fyrir þar sem auðvelt er að lesa á það. Hitaskynjari álestrartækisins skal hafður þar í lestinni sem hitastigið er hæst

og

3. uppfylla kröfur sem mælt er fyrir um í 2. lið í B-hluta og varða skip sem eru hönnuð og útbúin með það að markmiði að verja lagarafurðir skemmdum í meira en sólarhring.

D. Kröfur sem varða verksmiðjuskip

1. Verksmiðjuskip skulu a.m.k.:
 - a) hafa sérstakt móttökusvæði til að taka lagarafurðir um borð sem skal vera þannig hannað að hægt sé að halda afla úr hverju kasti aðskildum. Auðvelt verður að vera að þrifa móttökusvæðið og það skal þannig hannað að afurðirnar séu varðar fyrir sólskini og veðri og hvers konar mengunarvöldum,
 - b) hafa flutningskerfi, sem uppfyllir reglur um hollustuhætti, til að flytja lagarafurðirnar frá móttökusvæði að vinnusvæði,

- c) hafa vinnusvæði sem eru nógu stór til að hægt sé að tilreiða og vinna lagarafurðirnar í samræmi við reglur um hollustuhætti, auðveld að þrifa og þannig hönnuð og skipulögð að komið sé í veg fyrir hvers konar mengun afurðanna,
- d) hafa geymslur fyrir fullunnar lagarafurðir sem eru nógu stórar og þannig hannaðar að auðvelt sé að þrifa þær. Ef um borð er tæki til vinnslu á úrgangi verður að vera aðskilin lest til geymslu á slíkum úrgangi,
- e) hafa umbúðageymslu sem er aðskilin frá tilreiðslu- og vinnslusvæði,
- f) hafa sérstakan búnað sem dælir úrgangi og lagarafurðum, sem eru ekki hæfar til manneldis, annaðhvort beint í sjóinn eða, þar sem þörf krefur, í vatnsheldan geymi sem eingöngu er til þess ætlaður. Ef úrgangur er geymdur og hreinsaður um borð skal það gert í aðskildu rými,
- g) hafa vatnsinntak sem er staðsett þannig að komið sé í veg fyrir að vatnsbergðir mengist

og

- h) hafa búnað, sem starfsfólk, sem meðhöndlar óvarðar lagarafurðir, notar til handþvotta, með krönum sem eru þannig hannaðir að komist er hjá dreifingu mengunar.
2. Verksmiðjuskip, þar sem krabbadýr og lindýr eru soðin, kæld og þeim pakkað í innri umbúðir, þurfa þó ekki að uppfylla ákvæði 1. liðar ef engin meðhöndlun eða vinnsla í annarri mynd fer fram um borð í viðkomandi skipi.
 3. Í verksmiðjuskipi, þar sem lagarafurðir eru frystar um borð, þarf að vera búnaður sem uppfyllir kröfur er varða frystiskip og mælt er fyrir um í 1. og 2. lið C-hluta.

II. KRÖFUR UM HOLLUSTUHÆTTI

1. Þegar verið er að nota þá hluta skipa eða þá geyma sem eru ætlaðir til geymslu á lagarafurðum skal þeim haldið hreinum og þeim vel við haldið. Brýnt er að þeir séu ekki mengaðir með eldsneyti eða kjölvatni.
2. Eins fljótt og hægt er eftir að lagarafurðir eru teknar um borð skal verja þær fyrir mengun og áhrifum sólar og annarra hitagjafa. Þegar afurðirnar eru þvegnar skal annaðhvort notað drykkjarhæft vatn eða, eftir því sem við á, hreint vatn.
3. Lagarafurðir skulu meðhöndlaðar og geymdar þannig að þær verði ekki fyrir hnjaski. Nota má oddhvöss verkfæri við tilflutning á stórum fiski eða fiski sem gæti skaðað þann sem meðhöndlar hann, að því tilskildu að hold þessara afurða skemmist ekki.
4. Kæla skal lagarafurðir eins fljótt og hægt er eftir að þær eru teknar um borð nema þær sem eru geymdar lifandi. Ef kæling er ekki möguleg skal landa lagarafurðunum eins fljótt og unnt er.
5. Ís, sem er notaður til að kæla lagarafurðirnar, skal vera úr drykkjarhæfu vatni eða hreinu vatni.
6. Ef fiskur er hauseður og/eða slægður um borð skal það gert samkvæmt reglum um hollustuhætti og sem fyrst eftir veiði og skulu afurðirnar strax þvegnar vandlega með drykkjarhæfu vatni eða hreinu vatni. Þegar svo er skulu innnyfli og þeir hlutar af fiskinum, sem gætu verið heilsuspillandi, skilin frá sem fyrst og haldið aðskildum frá afurðum sem eru ætlaðar til manneldis. Lifur og hrogn, sem ætluð eru til manneldis, skal geyma undir ís við hitastig, sem er nálægt hitastigi bráðnandi íss, eða frysta.

7. Ef heill fiskur, sem er ætlaður til niðurlagningar, er frystur í saltþækli skal afurðin kæld þar til hitastig hennar er orðið -9°C eða lægra. Saltþækillinn má ekki verða til þess að fiskurinn mengist.

II. KAFLI: KRÖFUR ER GILDA Í OG EFTIR LÖNDUN

1. Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem bera ábyrgð á losun og löndun lagarafurða, skulu:

- a) sjá til þess að losunar- og löndunarbúnaður, sem kemst í snertingu við lagarafurðir, sé gerður úr efnum sem er auðvelt að þrifa og sótthreinsa og sé vel við haldið og hreinn

og

- b) koma í veg fyrir að lagarafurðir verði fyrir mengun við losun og löndun, einkum með því:

- i) að losun og löndun gangi hratt fyrir sig,

- ii) að koma lagarafurðunum þegar í stað á öruggan stað við það hitastig sem er tilgreint í VII. kafla

og

- iii) að nota ekki búnað og aðferðir sem valda óþarfa skemmdum á ætum hlutum lagarafurða.

2. Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem bera ábyrgð á uppboðum og heildsölumörkuðum eða hlutum þeirra þar sem lagarafurðir eru boðnar til sölu, skulu sjá til þess að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

- a) i) Þeir skulu sjá fyrir læsanlegum kæligeymslum fyrir lagarafurðir, sem lagt hefur verið hald á, og aðskildum, læsanlegum geymslum fyrir lagarafurðir sem dæmdar hafa verið óhæfar til mannelis.

- ii) Óski lögbæra yfirvaldið þess skal því séð fyrir sérstaklega búnu læsanlegu rými eða, ef þörf krefur, rými sem er eingöngu til afnota fyrir lögbæra yfirvaldið.

- b) Þegar lagarafurðirnar eru boðnar fram eða geymdar:

- i) er ekki heimilt að nota athafnasvæðið í öðrum tilgangi,

- ii) mega farartæki, sem senda frá sér útblástursloft sem líklegt er að rýri gæði lagarafurðanna, ekki fara inn á athafnasvæðið,

- iii) mega þeir, sem hafa aðgang að athafnasvæðinu, ekki koma þar inn með önnur dýr

og

- iv) skal athafnasvæðið vera vel lýst til að auðvelda opinbert eftirlit.

3. Þegar ekki er unnt að kæla um borð í skipi skal kæla allar ferskar lagarafurðir, nema þær sem haldið er lifandi, um leið og unnt er eftir löndun og geyma þær við hitastig sem er nálægt hitastigi bráðnandi íss.

4. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu eiga samvinnu við viðeigandi lögbær yfirvöld til að gera þeim kleift að sinna opinberu eftirliti í samræmi við reglugerð (EB) nr. 854/2004, einkum að því er varðar alla málsmeðferð við tilkynningar varðandi löndun lagarafurða sem lögbært yfirvald aðildarríkisins, sem er fánaríki skipsins, eða lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem lagarafurðunum er landað, kann að telja nauðsynlega.

III. KAFLI: KRÓFUR ER VARÐA STARFSSTÖÐVAR, Þ.M.T. SKIP, SEM MEÐHÖNDLA LAGARAFURÐIR

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá til þess að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar, ef við á, í starfsstöðvum sem meðhöndla lagarafurðir.

A. KRÓFUR ER VARÐA FERSKAR LAGARAFURÐIR

1. Þegar kældum, óþökkuðum afurðum er ekki dreift eða þær eru afhentar, tilreiddar eða unnar um leið og þær koma í starfsstöð í landi skal geyma þær undir ís í hentugri aðstöðu. Endurisa skal eins oft og þörf krefur. Pakkaðar, ferskar lagarafurðir skal kæla niður í hitastig sem er nálægt hitastigi bráðnandi íss.
2. Við aðgerðir á borð við hausun og slægingu skal fylgja reglum um hollustuhætti. Ef unnt er, í tæknilegu og viðskiptalegu tilliti, að slægja afurðirnar skal það gert eins skjótt og unnt er eftir veiði og löndun þeirra. Afurðirnar skal þvo vandlega með drykkjarhæfu vatni eða, um borð í skipum, hreinu vatni strax að lokinni aðgerð.
3. Aðgerðir á borð við flökun og skurð skulu vera með þeim hætti að komið sé í veg fyrir að flökin og sneiðarnar mengist eða óhreinkist. Flök og sneiðar mega ekki liggja á vinnuborðum lengur en nauðsynlegt er vegna tilreiðslu þeirra. Flökum og sneiðum skal pakka í innri umbúðir og, ef þörf krefur, ytri umbúðir og kæla eins fljótt og hægt er að lokinni tilreiðslu.
4. Ílát til sendingar eða geymslu á óþökkuðum, tilreiddum, ferskum lagarafurðum, sem eru geymdar undir ís, skulu vera með þeim hætti að afurðirnar séu ekki stöðugt í snertingu við bræðsluvatn.
5. Heimilt er að flytja og geyma heilar og slægðar lagarafurðir í kældu vatni um borð í skipum. Einnig er heimilt að flytja þær áfram í kældu vatni eftir löndun og að flytja þær frá eldisstöðvum þar til komið er með þær í fyrstu starfsstöðina í landi þar sem fram fer önnur starfsemi en flutningur og flokkun.

B. KRÓFUR ER VARÐA FRYSTAR AFURÐIR

Ef lagarafurðir eru frystar í starfsstöðvum í landi skulu þær hafa búnað sem uppfyllir kröfur sem mælt er fyrir um fyrir frystiskip í 1. og 2. lið í C-lið I. hluta I. kafla VIII. þáttar.

C. KRÓFUR ER VARÐA VÉLÚRBEINADAR LAGARAFURÐIR

Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem framleiða vélúrbeinaðar lagarafurðir, skulu sjá til þess að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

1. Hráefnin, sem eru notuð, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:
 - a) Einungis má nota heilan fisk og bein eftir flökun til að framleiða vélúrbeinaðar lagarafurðir.
 - b) Allt hráefni skal vera laust við slor.
2. Framleiðsluferlið skal standast eftirfarandi kröfur:
 - a) Vélúrbeining skal fara fram án óþarfa tafa eftir flökun.
 - b) Ef notaður er heill fiskur skal hann fyrst slægður og þveginn.
 - c) Að lokinni framleiðslu vélúrbeinaðra lagarafurða skal frysta þær eins fljótt og auðið er eða blanda þeim saman við afurð sem er ætluð til frystingar eða stöðgandi meðferðar.

D. KRÓFUR ER VARÐA SNÍKLA

1. Eftirfarandi lagarafurðir skal frysta á þann hátt að hitastigið fari ekki yfir -20°C í neinum hluta afurðanna í a.m.k. 24 klukkustundir. Meðhöndla skal hráar afurðir eða fullunnar á þennan hátt:
 - a) lagarafurðir sem borðaðar eru hráar eða næstum hráar,
 - b) lagarafurðir af eftirtöldum tegundum, ef þær á að kaldreykja og hitastig inni í lagarafurðinni við kaldreykingu vera að hámarki 60°C :
 - i) síld,
 - ii) makríl,
 - iii) brislingi,
 - iv) (villtum) lax úr Atlantshafinu og Kyrrahafinuog
 - c) kryddlegnum og/eða söltuðum lagarafurðum ef vinnslan hefur ekki dugað til að drepa hringormalirfur.
 2. Stjórnendur matvælafyrirtækja þurfa ekki að beita þeirri meðhöndlun, sem krafist er skv. 1. lið, ef:
 - a) fyrir liggja faraldsfræðigögn sem sýna að upprunafiskimiðin skapa ekki heilbrigðishættu með tilliti til sníkjudýraog
 - b) ef það er með leyfi lögbæra yfirvaldsins.
3. Þegar lagarafurðir, sem um getur í 1. lið, eru settar á markað skal þeim fylgja skjal frá framleiðanda sem tilgreinir hvers konar vinnslu þær hafa fengið nema afurðirnar séu afhentar neytendum.

IV. KAFLI: KRÓFUR ER VARÐA UNNAR LAGARAFURÐIR

Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem sjóða krabbadýr og lindýr, skulu sjá til þess að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

1. Eftir suðu verður ávallt að snöggkæla afurðirnar. Til þess skal nota drykkjarhæft vatn eða, um borð í skipum, hreint vatn. Ef engin önnur aðferð er notuð til að auka geymsluþol skal halda kælingu áfram þar til náð er hitastigi sem er í námunda við hitastig bráðnandi iss.
2. Skelfletting og úrskeljun skulu fara fram samkvæmt reglum um hollustuhætti til þess að komið sé í veg fyrir mengun afurðanna. Ef þetta er gert í höndunum skal starfsfólkið gæta þess vel að þvo sér um hendur.
3. Að lokinni skelflettingu eða úrskeljun skal þegar í stað frysta soðnar afurðir eða kæla þær sem fyrst niður í hitastigið sem mælt er fyrir um í VII. kafla.

V. KAFLI: HEILBRIGÐISKRÓFUR ER VARÐA LAGARAFURÐIR

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu ekki einungis tryggja samræmi við örverufræðilegar viðmiðanir, sem hafa verið samþykktar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 852/2004, heldur einnig sjá til þess, eftir því hver afurðin eða lagardýrategundin er, að lagarafurðir, sem eru settar á markað til manneldis, uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

A. SKYNNMATSEIGINLEIKAR LAGARAFURÐA

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu gera skynmatsrannsókn á lagarafurðum. Þessi rannsókn á einkum að tryggja að lagarafurðir uppfylli ferskleikaviðmiðanir.

B. HISTAMÍN

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá til þess að ekki sé farið yfir viðmiðunarmörk fyrir histamín.

C. HEILDARMAGN ROKGJARNIS KÖFNUNAREFNIS

Ekki er heimilt að setja óunnar lagarafurðir á markað ef efnagreiningar leiða í ljós að heildarmagn rokgjarns köfnunarefnis (TVB-N) eða trímetylámín-köfnunarefnis (TMA-N) í þeim er yfir viðmiðunarmörkum.

D. SNÍKLAR

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá til þess að fram fari sjónræn skoðun á lagarafurðum, áður en þær eru settar á markað, til að leita sýnilegra snikla. Ekki er heimilt að setja lagarafurðir á markað til manneldis ef þær eru augljóslega mengaðar af sniklum.

E. EITUREFNI SEM ERU SKAÐLEG HEILSU MANNA

1. Ekki er heimilt að setja afurðir úr eitruðum fiski af eftirfarandi ættum á markað: kýlingum (*Tetraodontidae*), tunglfiskum (*Molidae*), ígulfiskum (*Diodontidae*) og knattfiskum (*Canthigasteridae*).
2. Ekki er heimilt að setja lagarafurðir á markað ef þær innihalda lífeitur, s.s. sígvatoxín eða eiturefni sem valda vöðvalösum. Þó er heimilt að setja lagarafurðir úr lifandi samlokum, skrápýrum, möttuldýrum og sæsniglum á markað ef þær hafa verið framleiddar í samræmi við VII. þátt og uppfylla kröfur sem mælt er fyrir um í 2. lið V. kafla í þeim þætti.

VI. KAFLI: PÓKKUN LAGARAFURÐA Í INNRI OG YTRI UMBÚÐIR

1. Ílát, sem ferskar lagarafurðir eru geymdar í undir ís, skulu vera vatnsþétt og þannig gerð að afurðirnar séu ekki stöðugt í snertingu við bræðsluvatn.
2. Frystum blokkum, sem eru tilreiddar um borð í skipum, skal pakkað í innri umbúðir með fullnægjandi hætti fyrir löndun.
3. Þegar lagarafurðum er pakkað í innri umbúðir um borð í fiskiskipum skulu stjórnendur matvælafyrirtækja sjá til þess að umbúðæfnið:
 - a) sé ekki mengunarvaldur,
 - b) sé geymt á þann hátt að það sé varið fyrir hættu á mengun,
 - c) ef það er ætlað til endurnotkunar, sé auðvelt að þrifa og, ef þurfa þykir, sóttreinsa.

VII. KAFLI: GEYMSLA LAGARAFURÐA

Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem geyma lagarafurðir, skulu sjá til þess að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

1. Ferskum lagarafurðum, þíddum, ónunnum lagarafurðum og soðnum og kældum krabbadýra- og lindýraafurðum skal haldið við hitastig sem er nálægt hitastigi bráðnandi íss.
2. Geyma skal frystar lagarafurðir þannig að hitastigið fari ekki yfir -18 °C í neinum hlutum afurðanna. Heilan, frystan fisk í saltþekli, sem er ætlaður til framleiðslu á niðurlögðum mat má þó geyma þannig að hitastig hans fari ekki yfir -9 °C .
3. Lagarafurðir, sem er haldið lifandi, skulu geymdar við það hitastig og á þann hátt að það hafi ekki skaðleg áhrif á öryggi matvæla eða lífvænleika þeirra.

VIII. KAFLI: FLUTNINGUR LAGARAFURÐA

Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem flytja lagarafurðir, skulu sjá til þess að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

1. Í flutningi skal halda tilskildu hitastigi í lagarafurðum. Einkum er brýnt:
 - a) að ferskum lagarafurðum, þíddum, óunnum lagarafurðum og soðnum og kældum krabbadýra- og lindýraafurðum sé haldið við hitastig sem er nálægt hitastigi bráðnandi íss,
 - b) að hitastigi í frystum lagarafurðum, að undanskildum þækilfrystum fiski sem er ætlaður til niðursuðu, sé haldið stöðugu þannig að það fari ekki yfir -18 °C í neinum hlutum afurðanna í flutningi en hitastigið má þó hækka um skamman tíma í flutningi enda sé slík hækkan ekki meiri en 3 °C .
2. Stjórnendur matvælafyrirtækja þurfa ekki að uppfylla ákvæði b-liðar 1. liðar þegar frýstar lagarafurðir eru fluttar frá kæligeymslu til viðurkenndrar starfsstöðvar, þar sem á að þíða þær strax við móttöku fyrir tilreiðslu og/eða vinnslu, ef um stutta vegalengd er að ræða og lögbæra yfirvaldið hefur veitt leyfi til þess.
3. Ef lagarafurðir eru geymdar í ís mega þær ekki vera í stöðugri snertingu við bræðsluvatn.
4. Lagarafurðir, sem eru settar lifandi á markað, skulu fluttar á þann hátt sem hefur ekki skaðleg áhrif á öryggi matvæla eða lífvænleika þeirra.

IX. ÞÁTTUR: HRÁMJÓLK OG MJÓLKURAFURÐIR

I. KAFLI: HRÁMJÓLK – FRUMFRAMLEIÐSLA

Stjórnendur matvælafyrirtækja sem framleiða eða, eftir því sem við á, safna hrámjólk skulu sjá til þess að kröfum, sem mælt er fyrir um í þessum kafla, séu uppfylltar.

I. HEILBRIGÐISKRÖFUR ER VARÐA FRAMLEIÐSLU HRÁMJÓLKUR

1. Hrámjólkinn verður að vera úr dýrum sem:
 - a) ekki sýna nein merki um smitsjúkdóma sem gætu borist með mjólkinni í menn,
 - b) eru almennt séð heilbrigð, sýna ekki merki um sjúkdóma, sem gætu mengað mjólkina, og eru, einkum og sér í lagi, ekki með neina kynfærasjúkdóma, sem valda útferð, iðrakveisu með niðurgangi og hita, né sýnilega júgurbólgu,
 - c) eru ekki með sár á júgrinu sem gætu haft áhrif á mjólkina,
 - d) hafa ekki fengið óleyfileg efni eða afurðir né ólöglega meðferð í skilningi tilskipunar 96/23/EB
og
 - e) hafa verið gefnar leyfilegar afurðir eða efni enda sé tilskilinn útskilunartími þessara afurða og efna liðinn.
2. a) Að því er varðar öldusótt sérstaklega verður hrámjólk að vera:
 - i) úr kúm eða bufflum sem heyra til hjarðar sem er laus við, eða opinberlega laus við, öldusótt í merkingu tilskipunar 64/432/EBE⁽¹⁾,

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín (Sjöttið. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977/64). Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

- ii) úr ám eða geitum á bújörðum sem eru lausar við, eða opinberlega lausar við, öldusótt í skilningi tilskipunar 91/68/EBE ⁽¹⁾
- eða
- iii) úr kvendýrum annarra dýrategunda sem tilheyra, þegar um er að ræða tegundir sem eru næmar fyrir öldusóttarsmiti, hjörðum sem eru skoðaðar reglulega með tilliti til þess sjúkdóms samkvæmt varnaráætlun sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt.
- b) Að því er varðar berkla verður hrámjólk að vera:
- i) úr kúm eða bufflum sem tilheyra hjörð sem opinberlega er laus við berkla í merkingu tilskipunar 64/432/EBE
- eða
- ii) úr kvendýrum annarra dýrategunda sem tilheyra, þegar um er að ræða tegundir sem eru næmar fyrir berklasmíti, hjörðum sem eru skoðaðar reglulega með tilliti til þess sjúkdóms samkvæmt varnaráætlun sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt.
- c) Ef geitur eru haldnar með kúm skulu geiturnar skoðaðar og prófaðar með tilliti til berkla.
3. Þó má nota hrámjólk úr dýrum, sem standast ekki kröfurnar í 2. lið, að fengnu leyfi lögbæra yfirvaldsins:
- a) ef um er að ræða kýr eða buffla sem sýna ekki jákvæða svörun í berkla- eða öldusóttarprófun og engin merki um þessa sjúkdóma og eftir að mjólkín hefur verið hitameðhöndluð þannig að hún gefur neikvæða svörun í fosfatasaprófun,
- b) ef um er að ræða ær eða geitur sem sýna ekki jákvæða svörun í öldusóttarprófun eða hafa verið bólusettar gegn öldusótt innan ramma samþykkrar áætlunar um útrýmingu sjúkdóma og sem sýna engin merki um þann sjúkdóm, annaðhvort:
- i) til framleiðslu á ostum sem þurfa að þroskast í a.m.k. tvo mánuði
- eða
- ii) eftir að mjólkín hefur verið hitameðhöndluð þannig að hún gefur neikvæða svörun í fosfatasaprófun
- og
- c) ef um er að ræða kvendýr af öðrum tegundum sem sýna ekki jákvæða svörun í berkla- eða öldusóttarprófun og engin merki um þessa sjúkdóma en tilheyra hjörð þar sem berklar hafa greinst við skoðun, sem um getur í iii-lið a-liðar 2. liðar eða ii-lið b-liðar 2. liðar, ef mjólkín er meðhöndluð þannig að tryggt sé að hún sé örugg.
4. Ekki má nota til manneldis hrámjólk úr dýri sem stenst ekki kröfurnar í 1. til 3. lið, einkum ekki úr dýri sem sýnir jákvæða svörun í leitarprófunum vegna berkla- eða öldusóttar eins og mælt er fyrir um í tilskipunum 64/432/EBE og tilskipun 91/68/EBE.
5. Einangrun dýra sem hafa smitast, eða sem grunur leikur á að hafi smitast, af einhverjum þeim sjúkdómi sem um getur í 1. eða 2. lið, skal vera með þeim hætti að komið sé í veg fyrir skaðleg áhrif á mjólk annarra dýra.

II. HOLLUSTUHÆTTIR Á MJÓLKURFRAMLEIÐSLUBÚUM

A. Kröfur er varða húsnæði og búnað

1. Mjaltabúnaður og húsnæði, þar sem mjólk er geymd, meðhöndluð eða kæld, skulu vera þannig staðsett og með þeim hætti að dregið sé úr hættu á að mjólkín mengist.

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 91/68/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með sauðfé og geitur (Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 19). Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003 (Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1).

2. Verja skal húsnæði til geymslu á mjólk gegn meindýrum, það skal nægilega aðskilið frá húsnæði þar sem dýr eru geymd og, ef það reynist nauðsynlegt til að fullnægja kröfum sem mælt er fyrir um í B-hluta, bóúð hentugum kælibúnaði.
3. Yfirborð búnaðar, sem er ætlað að komast í snertingu við mjólk (áhöld, ílát, geymar o.s.frv. til mjalta og söfnun og flutnings á mjólk), skal vera auðvelt að þrifa og, ef þörf krefur, sótthreinsa og skal haldið í góðu ástandi. Þetta krefst þess að notuð séu slétt og óeitrúð efni sem unnt er að gera hrein.
4. Eftir notkun skulu þessir fletir þrífir og, ef nauðsyn krefur, sótthreinsaðir. Eins fljótt og unnt er eftir hvern flutning eða röð flutninga, þar sem aðeins líður skammur tími milli tæmingar og næstu áfyllingar, og ávallt a.m.k. daglega, skal þrifa og sótthreinsa öll ílát og geyma, sem eru notuð til að flytja hrámjólk á viðeigandi hátt, áður en þau eru notuð aftur.

B. Hollustuhættir við mjaltir, söfnun og flutning

1. Við mjaltir skal fylgja reglum um hollustuhætti og skal einkum sjá til þess:
 - a) áður en mjaltir hefjast, að spenar, júgur og aðliggjandi svæði séu hrein,
 - b) að sá sem mjólkir athugi mjólkina úr hverju dýri með tilliti til afbrigðileika, sem tengist skynmati eða eðlisefnafræðilegum eiginleikum, eða að hún sé athuguð með aðferð sem nær svipuðum árangri og að mjólk, sem er afbrigðileg að þessu leyti, sé ekki notuð til manneldis,
 - c) að mjólk úr dýrum, sem sýna klínísk einkenni jógursjúkdóms, sé ekki notuð til manneldis nema samkvæmt fyrirmælum dýralæknis,
 - d) að dýr, sem fá lækni meðferð sem líklegt er að hafi í för með sér efnaleifar í mjólkinni, séu auðkennd og að mjólk úr þessum dýrum sé ekki notuð til manneldis fyrir lok fyrirskipaðs útskilunartíma
 og
 - e) að spenadyfir eða -úðar séu ekki notuð nema með samþykki lögbærs yfirvalds og því aðeins að þau skilji ekki eftir sig leifar í mjólkinni í magni sem er óviðunandi.
2. Geyma skal mjólkina, strax að loknum mjóltum, á hreinum stað sem er hannaður og búinn þannig að komið sé í veg fyrir mengun. Kæla skal mjólkina tafarlaust þar til hitastig hennar er orðið 8 °C eða lægra, ef mjólkinni er safnað daglega, en 6 °C eða lægra ef henni er ekki safnað daglega.
3. Við flutning skal viðhalda kælingunni og þegar mjólk kemur í viðtökustarfsstöð má hitastig hennar ekki vera yfir 10 °C.
4. Stjórnendur matvælafyrirtækja þurfa ekki að uppfylla kröfur um hitastig, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. lið, ef mjólkinn uppfyllir viðmiðanirnar, sem kveðið er á um í III. hluta, og:
 - a) mjólkinn er annaðhvort unnin innan tveggja stunda frá mjóltum
 eða
 - b) hærra hitastig er nauðsynlegt af tæknilegum ástæðum sem tengjast framleiðslu tiltekinna mjólkurafurða og ef lögbært yfirvald hefur veitt leyfi til þessa.

C. Hreinlæti starfsfólks

1. Þeir sem fást við mjaltir og/eða meðhöndla hrámjólk skulu klæðast hentugum og hreinum fatnaði.
2. Þeir sem fást við mjaltir skulu gæta fyllsta, persónulegs hreinlætis. Nauðsynlegt er að viðeigandi aðstaða til mjalta sé í námunda við mjaltastað þar sem þeir sem mjólka og meðhöndla hrámjólkina geta þvegið sér um hendur og handlegg.

III. VIÐMIÐANIR FYRIR HRÁMJÓLK

1. Eftirfarandi viðmiðanir gilda fyrir hrámjólk uns settar hafa verið fram kröfur innan ramma sértækari löggjafar um gæði mjólkur og mjólkurafurða.
2. Úr hrámjólk, sem er safnað á mjólkurframleiðslubúi, skal með slembiúrtaki taka þann fjölda sýna, sem þarf til að gefa lýsandi mynd af mjólkinni, og athuga hvort þau séu í samræmi við 3. og 4. lið.

Þetta eftirlit getur verið á hendi eða fyrir hönd:

- a) stjórnanda matvælafyrirtækisins sem framleiðir mjólkina,
 - b) stjórnanda matvælafyrirtækisins sem safnar mjólkinni eða vinnur hana,
 - c) hóps stjórnenda matvælafyrirtækja
- eða
- d) innan ramma landsbundinnar eða svæðisbundinnar varnaráætlunar.
3. a) Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu gera ráðstafanir til að tryggja að hrámjólk uppfylli eftirfarandi viðmiðanir:
 - i) þegar um er að ræða hrámjólk úr kúm:

Líftala við 30 °C (í ml)	≤ 100 000 (*)
Frumutala (í ml)	≤ 400 000 (**)

(*) Hlaupandi faldmeðaltal á tveggja mánaða tímabili þar sem tekin eru a.m.k. tvö sýni á mánuði.

(**) Hlaupandi faldmeðaltal á þriggja mánaða tímabili þar sem tekið er a.m.k. eitt sýni á mánuði nema lögbæra yfirvaldið tilgreini aðra aðferð þar sem tekið er tillit til árstíðabundinna magnsveiflna í framleiðslunni.

- ii) þegar um er að ræða hrámjólk úr öðrum dýrategundum:

Líftala við 30 °C (í ml)	≤ 1 500 000 (*)
--------------------------	-----------------

(*) Hlaupandi faldmeðaltal á tveggja mánaða tímabili þar sem tekin eru a.m.k. tvö sýni á mánuði.

- b) Sé hrámjólk úr öðrum dýrategundum en kúm hins vegar ætluð til framleiðslu á vörum sem eru unnar úr hrámjólk á annan hátt en með hitameðhöndlun skulu stjórnendur matvælafyrirtækja gera ráðstafanir til að tryggja að hrámjólkinn samrýmist eftirfarandi viðmiðun:

Líftala við 30 °C (í ml)	≤ 500 000 (*)
--------------------------	---------------

(*) Hlaupandi faldmeðaltal á tveggja mánaða tímabili þar sem tekin eru a.m.k. tvö sýni á mánuði.

4. Með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 96/23/EB skulu stjórnendur matvælafyrirtækja gera ráðstafanir til að tryggja að hrámjólk sé ekki sett á markað ef:

- a) hún inniheldur annaðhvort leifar sýklalyfja sem, þegar um er að ræða eitthvert efna sem um getur í I. og III. viðauka við reglugerð (EBE) nr.2377/90⁽¹⁾, eru yfir leyfilegu magni samkvæmt þeirri reglugerð

eða

- b) samanlagt magn leifa sýkladrepani efna í henni er yfir leyfilegu hámarksgildi.

⁽¹⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu (Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 546/2004 (Stjtið. ESB L 87, 25.3.2004, bls. 13).

5. Uppfylli hrámjólk ekki ákvæði 3. og 4. liðar skal stjórnandi matvælafyrirtækisins tilkynna það til lögbæra yfirvaldsins og gera ráðstafanir til úrbóta.

II. KAFLI: KRÖFUR ER VARÐA MJÓLKURAFURÐIR

I. KRÖFUR UM HITASTIG

1. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá til þess að mjólk, sem tekið er við á vinnslustöð, sé kæld hratt þar til hitastig hennar er orðið 6 °C eða lægra og haldist þannig fram að vinnslu.
2. Þó er stjórnendum matvælafyrirtækja heimilt að geyma mjólk við hærra hitastig ef:
 - a) vinnsla hefst strax að loknum mjóltum eða innan fjögurra stunda frá því að tekið er við henni á vinnslustöð
eða
 - b) lögbæra yfirvaldið heimilar hærra hitastig af tæknilegum ástæðum sem tengjast framleiðslu tiltekinnar mjólkurafurða.

II. KRÖFUR ER VARÐA HITAMEÐHÖNDLUN

1. Fá hrámjólk eða mjólkurafurðir hitameðhöndlun skulu stjórnendur matvælafyrirtækja sjá til þess að meðhöndlunin uppfylli kröfurnar í XI. kafla II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 854/2004.
2. Þegar stjórnendur matvælafyrirtækja ákveða hvort hrámjólk eigi að fá hitameðhöndlun skulu þeir:
 - a) taka mið af þeim verklagsreglum sem eru samdar með hliðsjón af meginreglum um greiningu á hættu og mikilvæga stýristaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 854/2004
og
 - b) uppfylla hverja þá kröfu sem lögbæra yfirvaldið kann að gera í þessum efnum þegar það veitir samþykki sitt fyrir starfsstöðvum eða sinnir eftirliti í samræmi við reglugerð (EB) nr. 854/2004.

III. VIÐMIÐANIR FYRIR HRÁMJÓLK ÚR KÚM

1. Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem framleiða mjólkurafurðir, skulu gera ráðstafanir til að tryggja að rétt áður en vinnsla fer fram:
 - a) sé líftala fyrir hrámjólk úr kúm, sem er notuð til vinnslu mjólkurafurða, undir 300 000 á ml við 30 °C
og
 - b) sé líftala fyrir unna kúamjólk, sem er notuð til vinnslu mjólkurafurða, undir 100 000 á ml við 30 °C.
2. Uppfylli hrámjólk ekki viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 1. lið, skal stjórnandi matvælafyrirtækisins tilkynna það til lögbæra yfirvaldsins og gera ráðstafanir til úrbóta.

III. KAFLI: PÖKKUN Í INNRI OG YTRI UMBÚÐIR

Strax eftir áfyllingu neytendaumbúða í starfsstöðinni, þar sem síðasta hitameðhöndlun mjólkurafurða í fljótandi formi fer fram, skal loka þeim með lokunarbúnaði sem kemur í veg fyrir mengun. Lokunarbúnaðurinn skal vera með þeim hætti að auðvelt sé að sjá og kanna hvort umbúðirnar hafa verið opnaðar.

IV. KAFLI: MERKING

1. Merkingin skal uppfylla kröfurnar í tilskipun 200/13/EB, nema í þeim tilvikum sem um getur í 4. og 5. mgr. 13. gr. þeirrar tilskipunar, auk þess sem eftirfarandi áletranir skulu koma greinilega fram á merkingum:
 - a) áletrunin „hrámjólk“ þegar um er að ræða hrámjólk sem á að fara beint til manneldis,
 - b) áletrunin „unnin úr hrámjólk“ þegar um er að ræða afurðir sem eru unnar úr hrámjólk án þess að framleiðsluferlið feli í sér hitameðhöndlun eða eðlis- eða efnafræðilega meðhöndlun.
2. Kröfurnar í 1. lið gilda um afurðir sem eru ætlaðar til smásölu. Hugtakið „merking“ varðar allar umbúðir, skjöl, tilkynningar, merkimiða, hringi eða kraga sem fylgja slíkum vörum eða vísa til þeirra.

V. KAFLI: AUÐKENNISMERKINGAR

Þrátt fyrir kröfurnar í I. þætti II. viðauka:

1. um að samþykkisnúmer starfsstöðvarinnar sé tilgreint á auðkennismerkinu má í þess stað tilgreina á auðkennismerkinu hvar á innri eða ytri umbúðunum samþykkisnúmer starfsstöðvarinnar er tilgreint,
2. er heimilt, þegar um er að ræða endurnýtanlegar flöskur, að tilgreina aðeins einkennisstafi sendingarlandsins og samþykkisnúmer starfsstöðvarinnar á auðkennismerkinu.

X. ÞÁTTUR: EGG OG EGGJAAFURÐIR

I. KAFLI: EGG

1. Egg skulu geymd, þar til þau eru seld neytendum, á athafnasvæði framleiðanda, hrein, þurr, laus við framandi óþef og varin gegn höggum og sólarljósi.
2. Egg skulu geymd og flutt við það hitastig (sem helst skal haldast jafnt) sem hentar best til að varðveita hollustueiginleika þeirra.
3. Egg skulu afhent neytendum í síðasta lagi innan 21 dags frá varpi.

II. KAFLI: EGGJAAFURÐIR

I. KRÓFUR ER VARÐA STARFSSTÖÐVAR

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá til þess að starfsstöðvar, þar sem framleiðsla eggjaafurða fer fram, séu þannig byggðar, skipulagðar og búnar að tryggja að eftirfarandi aðgerðir séu skildar að:

1. að þvo, þurrka og sótthreinsa óhrein egg, ef slíkt á sér stað,
 2. að brjóta egg, hirða innihald þeirra og fjarlægja skurnhluta og himnu
- og
3. aðrar aðgerðir en um getur í 1. og 2. lið.

II. HRÁEFNI TIL FRAMLEIÐSLU Á EGGJAAFURÐUM

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá til þess að hráefnin, sem eru notuð til framleiðslu á eggjaafurðum, uppfylli eftirfarandi kröfur:

1. Skurn eggja, sem eru notuð til framleiðslu á eggjaafurðum, skal vera fullmótuð og hvergi brotin eða með sprungum. Þó er heimilt að nota sprungin egg til framleiðslu á eggjaafurðum, að því tilskildu að þau séu flutt beint frá framleiðslustöð eða þökkunarstöð til viðurkenndrar starfsstöðvar þar sem þau eru brotin eins fljótt og unnt er.

2. Sem hráefni er einungis heimilt að nota egg í fljótandi formi sem eru fengin í starfsstöð sem hefur hlotið samþykki til þess. Egg í fljótandi formi skulu framleidd í samræmi við kröfur í 1., 2., 3., 4. og 7. lið III. hluta.

III. SÉRSTAKAR KRÖFUR UM HOLLUSTUHÆTTI ER VARÐA FRAMLEIÐSLU EGGJAAFURÐA

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá til þess að allar aðgerðir séu með þeim hætti að komið sé í veg fyrir mengun við framleiðslu, meðhöndlun og geymslu eggjaafurða, einkum með því að tryggja að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

1. Ekki má brjóta egg nema þau séu hrein og þurr.
2. Brjóta skal egg þannig að mengun verði sem minnst, einkum með því að tryggja nægilegan aðskilnað frá öðrum aðgerðum. Sprungin egg skulu sett í vinnslu eins fljótt og unnt er.
3. Önnur egg en hænuegg eða kalkúns- eða kornhænuegg skulu meðhöndluð og unnin aðskilin. Þrifa skal allan búnað og sóthreinsa áður en vinnsla á hænu-, kalkúns- og kornhænueggjum hefst á ný.
4. Ekki má ná innihaldi eggjanna út með miðflótttaflsskiljun eða með því að mylja þau né heldur er heimilt að nota miðflótttaflsskiljun til að vinna eggjahvítuleifar til manneldis úr tómri skurninni.
5. Eftir að eggin hafa verið brotin skal hver efnisþáttur meðhöndlaður eins fljótt og unnt er til að eyða örverufræðilegri hættu eða draga úr henni svo að við megi una. Heimilt er að setja framleiðslulotu, sem hefur fengið ófullkomna vinnslu, strax aftur í vinnslu í sömu starfsstöð, að því tilskildu að hún verði þá hæf til manneldis. Ef í ljós kemur að framleiðslueining er óhæf til manneldis skal menga hana til að tryggja að hún verði ekki notuð til manneldis.
6. Ekki er krafist vinnslu á eggjahvítum sem eru ætlaðar til framleiðslu á þurrkuðu eða kristölluðu albúminu sem síðan á að fara í hitameðhöndlun.
7. Fari vinnsla ekki fram strax eftir að eggin hafa verið brotin skal geyma innihald eggjanna, annaðhvort fryst eða við 4 °C eða lægra hitastig. Geymslutíminn við 4 °C má ekki vera lengri en 48 klukkustundir. Þessar kröfur gilda þó ekki um afurðir sem á að afsykra ef þær eru afsykraðar eins fljótt og unnt er.
8. Afurðir, sem hafa ekki fengið meðhöndlun til að auka geymsluþol þannig að unnt sé að geyma þær við herbergishita, skulu kældar þar til hitastig þeirra er orðið 4 °C eða lægra. Afurðir, sem á að frysta, skal frysta strax að lokinni meðhöndlun.

IV. GREININGARFORSKRIFTIR

1. Styrkur 3-OH-smjörksýru má ekki vera meiri en 10 mg/kg í þurrefnum óbreyttra eggjaafurða.
2. Mjólkursýruinnihald hráefnis, sem er notað til framleiðslu á eggjaafurðum, má ekki vera meira en 1 g/kg af þurrefnum. Þegar um gerjaðar afurðir er að ræða skal þetta gildi þó vera gildið sem er skráð fyrir gerjun.
3. Magn eggjaskurnarleifa, eggjahimnu og annarra efnisþátta í unnum eggjaafurðum má ekki vera meira en 100 mg/kg af eggjaafurðum.

V. AUÐKENNISMERKINGAR OG AÐRAR MERKINGAR

1. Á hverri sendingu eggjaafurða, sem eiga ekki að fara í smásölu en eru ætlaðar til notkunar sem efnisþáttur í framleiðslu annarrar afurðar, skal vera merkimiði með upplýsingum um geymsluhita og öruggan geymslutíma eggjaafurðanna auk þess sem uppfylla skal almennar kröfur um auðkennismerkingar sem mælt er fyrir um í I. þætti í II. viðauka.
2. Ef eggin eru í fljótandi formi skal setja á merkimiðann, sem um getur í 1. lið, áletrunina: „ógerilsneyddar eggjaafurðir sem meðhöndla skal á viðtökustað“ og tilgreina á hvaða degi og stund eggin voru brotin.

XI. ÞÁTTUR: FROSKALAPPIR OG SNIGLAR

Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem tilreiða froskalappir eða snigla til manneldis, skulu sjá til þess að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

1. Froskar og sniglar skulu aflifaðir í starfsstöðvum sem eru byggðar, skipulagðar og búnar til þess.
2. Starfsstöðvar, þar sem froskalappir eru tilreiddar, skulu vera með sérstöku rými til að geyma og þvo lifandi froska og til að slátra þeim og blóðga. Þetta rými skal vera lokað af frá rýminu þar sem tilreiðsla fer fram.
3. Froska og snigla, sem eru ekki aflifaðir í starfsstöðinni en drepast á annan hátt, má ekki tilreiða til manneldis.
4. Gera skal úrtaksrannsókn á froskum og sniglum með tilliti til skynmatseiginleika. Bendi rannsóknin til þess að þeir geti skapað hættu má ekki nota þá til manneldis.
5. Strax eftir tilreiðslu froskalappa skal þvo þær vandlega undir rennandi, drykkjarhæfu vatni og kæla þær þegar í stað niður í hitastig, sem er í námunda við hitastig bráðnandi íss, eða frysta þær eða vinna úr þeim.
6. Þegar búið er að aflifa snigla skal fjarlægja lifur þeirra og briskirtil, ef þau gætu skapað hættu, og ekki nota lifrina og briskirtilinn til manneldis.

XII. ÞÁTTUR: BRÆDD DÝRAFITA OG HAMSAR

I. KAFLI: KRÖFUR ER VARÐA STARFSSTÖÐVAR SEM SAFNA EÐA VINNA HRÁEFNI

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá til þess að starfsstöðvar, sem safna eða vinna hráefni til framleiðslu á bræddri dýrafitu og hömsum, uppfylli eftirfarandi kröfur:

1. Miðstöðvar, þar sem hráefni er safnað og það síðan flutt til vinnslustöðva, verða að hafa aðstöðu til að geyma hráefni við hitastig sem er 7 °C eða lægra.
2. Hver vinnslustöð verður að hafa:
 - a) aðstöðu til kælingar,
 - b) afgreiðslusal, nema starfsstöðin afgreiði einungis brædda dýrafitu í tönkumog
 - c) ef með þarf, viðeigandi búnað til framleiðslu á afurðum sem eru samsettar úr bræddri dýrafitu og öðrum matvælum og/eða kryddi.
3. Aðstaða til kælingar, sem krafist er skv. 1. lið og a-lið 2. liðar, er þó ekki nauðsynleg ef fyrirkomulag á afhendingu hráefna er með þeim hætti að tryggt sé að þau séu aldrei geymd eða flutt án beinnar kælingar nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í d-lið 1. liðar II. kafla.

II. KAFLI: KRÖFUR UM HOLLUSTUHÆTTI ER VARÐA FRAMLEIÐSLU BRÆDDRAR DÝRAFITU OG HAMSA

Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem framleiða brædda dýrafitu og hamsa, skulu sjá til þess að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

1. Hráefnin skulu:
 - a) vera úr dýrum sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og hafa talist hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir og eftir slátrun,

- b) vera fituvefur eða bein sem eru að mestu laus við blóð og óhreinindi,
- c) vera frá starfsstöðvum sem eru skráðar eða samþykktar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 852/2003 eða í samræmi við þessa reglugerð
- og
- d) flutt og geymd fram að bræðslu við hollustusamleg skilyrði og þannig að innra hitastig þeirra fari ekki yfir 7 °C. Þó er heimilt að geyma og flytja hráefni án beinnar kælingar ef þau eru brædd innan 12 stunda frá þeim degi sem þau voru fengin.
2. Bannað er að nota leysiefni við bræðsluna.
3. Þegar fita, sem á að taka til bræðslu, uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 4. lið er heimilt að hreinsa dýrafitu, sem er tilreidd í samræmi við 1. og 2. lið, í sömu starfsstöð eða í annarri starfsstöð til að bæta eðlisefnaræðilega eiginleika hennar.
4. Brædd dýrafita skal, eftir tegundum, uppfylla eftirfarandi kröfur:

	Jórturdýr			Svín			Önnur dýrafita	
	Matartólg		Tólg til hreinsunar	Matarfita		Svinafeiti og önnur feiti til hreinsunar	Æt	Til hreinsunar
	Eðalfita („Premier jus“) (1)	Önnur matartólg		Svinafeiti	Önnur matarfita			
Leyfilegt hámark óbundinna fitusýra (FFA) (massahlutfall olíusýru)	0.75	1.25	3.0	0.75	1.25	2.0	1.25	3.0
Hæsta leyfilega peroxíðgildi	4 millíjafngi ldi/kg	4 millíjafngi ldi/kg	6 millíjafngi ldi/kg	4 millíjafngi ldi/kg	4 millíjafngi ldi/kg	6 millíjafngi ldi/kg	4 millíjafngi ldi/kg	10 millíjafngi ldi/kg
Heildarmagn óleysanlegra óhreininda	Hámark 0,15%			Hámark 0,5%				
Lykt, bragð, litur	Eðlilegt							

(1) Brædd dýrafita sem er fengin með bræðslu við lágan hita á nýrri fitu úr hjörtum, stórnetju, nýrum og hengi úr nautgripum og fitu úr stykkjunarsölum.

(2) Brædd dýrafita sem er fengin úr fituvef úr svínunum.

5. Hamsar, sem eru ætlaðir til manneldis, skulu geymdir í samræmi við eftirfarandi kröfur um hitastig:
- a) Ef hamsar eru bræddir við 70 °C eða lægra hitastig skal geyma þá:
- i) í mesta lagi í 24 klukkustundir við 7 °C eða lægra hitastig
- eða
- ii) við -18 °C eða lægra hitastig.
- b) Ef hamsar eru bræddir við hærra hitastig en 70 °C og rakainnihald þeirra er 10% (massahlutfall) eða meira skal geyma þá:
- i) í mesta lagi í 48 klukkustundir við 7 °C eða lægra hitastig eða við það hlutfall tíma og hitastigs sem veitir sambærilega tryggingu
- eða
- ii) við -18 °C eða lægra hitastig.

- c) Ef hamsar eru bræddir við hærra hitastig en 70 °C og rakainnihald þeirra er minna en 10% (massahlutfall) eru engar sérstakar kröfur gerðar.

XIII. ÞÁTTUR: MEÐHÖNDLAÐIR MAGAR, ÞVAGBLÖÐRUR OG GARNIR

Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem meðhöndla maga, þvagblöðrur og garnir, skulu sjá til þess að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

1. Ekki er heimilt að setja garnir, þvagblöðrur og maga á markað nema:
 - a) þau séu úr dýrum sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og hafa talist hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir og eftir slátrun,
 - b) þau séu söltuð, hituð eða þurrkuð

og
 - c) gerðar séu áhrifaríkar ráðstafanir, eftir meðhöndlunina sem um getur í b-lið, til að koma í veg fyrir endurmengun.
2. Meðhöndlaðir margar, þvagblöðrur og garnir, sem ekki er hægt að geyma við umhverfishita, skulu geymd kæld fram að afhendingu og nota til þess þar til gerða aðstöðu. Einkum skal þess gætt að afurðir, sem eru ekki saltaðar eða þurrkaðar, séu ekki geymdar við hærra hitastig en 3 °C.

XIV. ÞÁTTUR: GELATÍN

1. Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem framleiða gelatín, skulu sjá til þess að kröfurnar í þessum þætti séu uppfylltar.
2. Í þessum þætti merkir hugtakið „sútun“ styrkingu húða þar sem notað er sútnarefni úr jurtaríkinu, krómsölt eða önnur efni, s.s. álsölt, járnölt, kísilsölt, aldehyð og kínón eða önnur tilbúin, herðandi efni.

I. KAFLI: KRÓFUR ER VARÐA HRÁEFNI

1. Heimilt er að nota eftirfarandi hráefni til framleiðslu á gelatíni:
 - a) bein,
 - b) húðir og skinn af öldum jörturdýrum,
 - c) svínaskinn,
 - d) alifuglaskinn,
 - e) sinar,
 - f) húðir og skinn villtra veiðidýra

og
 - g) roð og bein fiska.
2. Bannað er að nota húðir og skinn sem hafa fengið einhvers konar sútnarmedferð og gildir einu hvort meðferðinni var lokið eður ei.
3. Hráefnin, sem eru talin upp í a- til e-lið 1. liðar, skulu vera úr dýrum, sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og hafa talist hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir og eftir slátrun eða, þegar um er að ræða húðir og skinn af villtum veiðidýrum, hafa talist hæf til manneldis.

4. Hráefni skulu vera frá starfsstöðvum sem eru skráðar eða samþykktar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 852/2004 eða í samræmi við þessa reglugerð.
5. Söfnunarstöðvum og sítunarstöðvum er einnig heimilt að láta af hendi hráefni til framleiðslu á gelatíni sem er ætlað til manneldis ef lögbæra yfirvaldið veitir þeim sérstakt leyfi til þess og þær uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - a) Þau skulu vera með geymslurýmum með hörðum gölfum og sléttum veggjum, sem er auðvelt að þrifa og sótthreinsa, og, ef með þarf, aðstöðu til kælingar.
 - b) Ástand geymslurýmanna skal vera fullnægjandi með tilliti til þrifa og viðgerða til að þau valdi því ekki að hráefnin mengist.
 - c) Ef hráefni, sem er ekki í samræmi við ákvæði þessa kafla, er geymt og/eða unnið í þessu húsnæði skal það aðskilið frá hráefni, sem er í samræmi við ákvæði þessa kafla, á móttöku-, geymslu-, vinnslu- og afgreiðslutímanum.

II. KAFLI: FLUTNINGUR OG GEYMSLA HRÁEFNA

1. Í stað auðkennismarkisins, sem kveðið er á um í I. þætti II. viðauka, skal skjal, þar sem upprunastarfsstöðin og upplýsingarnar í viðbætinum við þennan viðauka koma fram, fylgja hráefnunum í flutningi þegar þau eru afhent á söfnunarstöð eða sítunarstöð og þegar þau eru afhent á vinnlustöð fyrir gelatín.
2. Hráefnin skulu flutt og geymd kæld eða fryst nema þau fari í vinnslu innan 24 klukkustunda frá því að þau eru send af stað. Fituhreinsuð og þurrkuð bein og beinmyndanir, saltaðar, þurrkaðar og kalkaðar húðir og húðir og skinn, sem hafa verið meðhöndluð með lút eða sýru, er þó heimilt að flytja og geyma við stofuhita.

III. KAFLI: KRÖFUR ER VARÐA FRAMLEIÐSLU GELATÍNS

1. Í framleiðsluferlinu fyrir gelatín skal sjá til þess:
 - a) að allt efni úr beinum jörturdýra, sem eru borin, alin eða slátrað í löndum eða á svæðum þar sem útbreiðsla kúariðu (BSE) er lítil samkvæmt flokkun í samræmi við löggjöf Bandalagsins, fari í gegnum vinnsluferli, sem tryggir að allt efni úr beinum sé mulið smátt, fituhreinsað með heitu vatni og meðhöndlað með þynntri saltsýru (með 4% styrkleika að lágmarki og pH-gildi < 1,5) í minnst tvo daga og fái því næst lútar meðhöndlun með mettaðri kalklausn (pH > 12,5) í a.m.k. 20 daga, þar sem hluti af meðhöndluninni er sótthreinsun við 138–140 °C í fjórar sekúndur, eða í gegnum annað jafngilt og samþykkt vinnsluferli

og

 - b) að annað hráefni sé meðhöndlað með sýru eða lút og síðan skolað einu sinni eða oftar. Því næst skal stilla pH-gildið. Gelatín skal dregið út með upphitun í eitt eða fleiri skipti í röð og því næst hreinsun með síun og dauðhreinsun.
2. Ef allt gelatín, sem stjórnandi matvælafyrirtækis framleiðir, uppfyllir kröfur sem gilda um gelatín til manneldis er honum heimilt að framleiða og geyma gelatín, sem er ekki ætlað til manneldis, í sömu starfsstöð.

IV. KAFLI: KRÖFUR ER VARÐA FULLUNNAR AFURÐIR

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá til þess að gelatín sé í samræmi við viðmiðunarmörkin fyrir efnaleifar í eftirfarandi töflu:

Efnaleif	Viðmiðunarmörk
As	1 milljónarhluti
Pb	5 milljónarhlutar
Cd	0,5 milljónarhlutar
Hg	0,15 milljónarhlutar
Cr	10 milljónarhlutar
Cu	30 milljónarhlutar
Zn	50 milljónarhlutar
SO ₂ (Reith Williams)	50 milljónarhlutar
H ₂ O ₂ (Evrópska lyfjaskráin 1986 (V ₂ O ₂))	10 milljónarhlutar

XV. ÞÁTTUR: KOLLAGEN

1. Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem framleiða kollagen, skulu sjá til þess að kröfurmar í þessum þætti séu uppfylltar.
2. Í þessum þætti merkir hugtakið „sútun“ styrkingu húða þar sem notað er sítunarefni úr jurtaíkinu, krómsölt eða önnur efni, s.s. álsölt, jársölt, kísilsölt, aldehýð og kínón eða önnur tilbúin, herðandi efni.

I. KAFLI: KRÓFUR ER VARÐA HRÁEFNI

1. Heimilt er að nota eftirfarandi hráefni til framleiðslu á kollageni:
 - a) húðir og skinn af öldum jörturdýrum,
 - b) skinn og bein svína,
 - c) skinn og bein alifugla,
 - d) sinar,
 - e) húðir og skinn villtra veiðidýraog
 - f) roð og bein fiska.
2. Bannað er að nota húðir og skinn sem hafa fengið einhvers konar sítunarmedferð og gildir einu hvort meðferðinni var lokið eður ei.
3. Hráefnin, sem eru talin upp í a- til d-lið 1. liðar, skulu vera úr dýrum, sem hefur verið slátrað í slátruhúsi og hafa talist hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir og eftir slátrun, eða, þegar um er að ræða húðir og skinn af villtum veiðidýrum, sem hafa talist hæf til manneldis.
4. Hráefni skulu vera frá starfsstöðvum sem eru skráðar eða samþykktar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 852/2004 eða í samræmi við þessa reglugerð.
5. Söfnunarstöðvum og sítunarstöðvum er einnig heimilt að láta af hendi hráefni til framleiðslu á kollageni sem er ætlað til manneldis ef lögbæra yfirvaldið veitir þeim sérstakt leyfi til þess og þær uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - a) Þær skulu vera með geymslurýmum með hörðum gólfum og sléttum veggjum, sem er auðvelt að þrifa og sótthreinsa, og, ef með þarf, aðstöðu til kælingar.
 - b) Ástand geymslurýmanna skal vera fullnægjandi með tilliti til þrifa og viðgerða til að þau valdi því ekki að hráefnin mengist.
 - c) Ef hráefni, sem er ekki í samræmi við ákvæði þessa kafla, er geymt og/eða unnið í þessu húsnæði skal það aðskilið frá hráefni, sem er í samræmi við ákvæði þessa kafla, á móttöku-, geymslu-, vinnslu- og afgreiðslutímanum.

II. KAFLI: FLUTNINGUR OG GEYMSLA HRÁEFNA

1. Í stað auðkennismerkisins, sem kveðið er á um í I. þætti II. viðauka, skal skjal, þar sem upprunastarfsstöðin og upplýsingarnar í viðbætinum við þennan viðauka koma fram, fylgja hráefnunum í flutningi þegar þau eru afhent á söfnunarstöð eða sítunarstöð og þegar þau eru afhent á vinnslustöð fyrir kollagen.
2. Hráefnin skulu flutt og geymd kæld eða fryst nema þau fari í vinnslu innan 24 klukkustunda frá því að þau eru send af stað. Fituhreinsuð og þurrkuð bein og beinmyndanir, saltaðar, þurrkaðar og kalkaðar húðir og skinn, sem hafa verið meðhöndluð með lút eða sýru, er þó heimilt að flytja og geyma við stofuhita.

III. KAFLI: KRÖFUR ER VARÐA FRAMLEIÐSLU KOLLAGENS

1. Kollagen skal framleitt með vinnsluáferð, sem tryggir að hráefnin fái meðhöndlun með þvotti, pH-stillingu með sýru eða lút og því næst skolon í eitt eða fleiri skipti, síun og útdrætti, eða með jafngildri og samþykktri vinnsluáferð.
2. Þegar kollagen hefur fengið þá vinnslu, sem um getur í 1. lið hér að framan, má þurrka það.
3. Ef allt kollagen, sem stjórnandi matvælafyrirtækis framleiðir, uppfyllir kröfurnar sem gilda um kollagen til mannelis er honum heimilt að framleiða og geyma kollagen, sem er ekki ætlað til mannelis, í sömu starfsstöð.

IV. KAFLI: KRÖFUR ER VARÐA FULLUNNAR AFURÐIR

Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá til þess að kollagen sé í samræmi við viðmiðunarmörkin fyrir efnaleifar í eftirfarandi töflu:

Efnaleif	Viðmiðunarmörk
As	1 milljónarhluti
Pb	5 milljónarhlutar
Cd	0,5 milljónarhlutar
Hg	0,15 milljónarhlutar
Cr	10 milljónarhlutar
Cu	30 milljónarhlutar
Zn	50 milljónarhlutar
SO ₂ (Reith Williams)	50 milljónarhlutar
H ₂ O ₂ (Evrópska lyfjaskráin 1986 (V ₂ O ₂))	10 milljónarhlutar

V. KAFLI: MERKING

Á innri og ytri umbúðum utan um kollagen skal standa áletrunin „kollagen til mannelis“ og tilreiðsludagur.

VIÐBÆTIR VIÐ III. VIÐAUKA

**FYRIRMYND AÐ FYLGISKJALI MEÐ HRÁEFNI TIL FRAMLEIÐSLU
Á GELATÍNI EÐA KOLLAGENI**

- I. Auðkenning hráefnis
Tegund afurða:
Framleiðsludagur:
Tegund umbúða:
Fjöldi pakkninga:
Tryggður geymslutími:
Eigin þyngd (kg):
- II. Uppruni hráefnis
Heimilisfang eða heimilisföng og skráningarnúmer samþykkrar framleiðslustöðvar eða -stöðva:
.....
- III. Viðtökustaður hráefnis
Hráefnið verður sent:
frá:
(fermingarstaður)
til:
(viðtökuland og -staður)
með eftirfarandi flutningateki:
Nafn og heimilisfang sendanda:
Nafn og heimilisfang viðtakanda:
-

Fylgiskjal II.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2074/2005**

frá 5. desember 2005

um framkvæmdarráðstafanir, er varða tiltekna afurðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og er varða skipulag opinbers eftirlits samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004, um undanþágu frá reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 og breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu⁽²⁾, einkum 9., 10. og 11. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis⁽³⁾, einkum 16., 17. og 18. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um föður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt⁽⁴⁾, einkum 63. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu. Nauðsynlegt er að mæla fyrir um tiltekna framkvæmdarráðstafanir að því er varðar kjöt, lifandi samlokur, lagarafurðir, mjólk, egg, froskalappir og snigla og unnar afurðir úr þeim.

2) Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis. Nauðsynlegt er að móta tiltekna reglur og skilgreina nánar aðrar kröfur.

3) Með reglugerð (EB) nr. 882/2004 er komið á almennum, samræmdum reglum á vettvangi Bandalagsins um skipulag opinbers eftirlits. Nauðsynlegt er að auka við tiltekna reglur og skilgreina nánar aðrar kröfur.

4) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 20XX/2005/EB⁽⁵⁾ eru felldar úr gildi tiltekna ákvarðanir um framkvæmd ráðstafa sem kveðið er á um í tilskipunum sem felldar eru úr gildi með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/41/EB frá 21. apríl 2004 um niðurfellingu tiltekinna tilskipana sem varða hollustuhætti í tengslum við matvæli og heilbrigðisskilyrði við framleiðslu og markaðssetningu tiltekinna afurða úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis og um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/662/EBE og 92/118/EBE og ákvörðun ráðsins 95/408/EB⁽⁶⁾. Því skal viðhalda tilteknum hlutum viðkomandi ákvarðana í þessari reglugerð.

5) Í reglugerð (EB) nr. 852/2004 er gerð sú krafa að stjórnendur matvælafyrirtækja haldi og geymi skrár og, ef þess er óskað, að þeir geri þær upplýsingar, sem skipta máli í þessum skrár, aðgengilegar lögberum yfirvöldum og stjórnendum matvælafyrirtækja sem taka við matvælunum.

6) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er einnig gerð sú krafa til stjórnenda sláturhúsa að þeir biðji um, taki við, sannreyni og bregðist við upplýsingum úr matvælaferlinu að því er varðar öll dýr, önnur en villt veiðidýr, sem eru send eða senda á í sláturhús. Að auki skulu þeir sjá til þess að í upplýsingum úr matvælaferlinu komi fram allar upplýsingar sem krafist er samkvæmt reglugerð (EB) nr. 853/2004.

7) Upplýsingar úr matvælaferlinu gera stjórnanda sláturhúss kleift að skipuleggja rekstur hússins og gera opinberum dýralækni kleift að ákvarða nauðsynlegar verklagsreglur við skoðun. Opinber dýralæknir skal greina upplýsingar úr matvælaferlinu og nota þær sem óaðskiljanlegan hluta reglna um skoðun.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1. Leiðrétt með Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55. Leiðrétt með Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 22.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206. Leiðrétt með Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 83.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1. Leiðrétt með Stjtið. ESB L 191, 28.5.2004, bls. 1.

⁽⁵⁾ Hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 157, 30.4.2004, bls. 33. Leiðrétt með Stjtið. ESB L 195, 2.6.2004, bls. 12.

- 8) Fyrirliggjandi kerfi fyrir upplýsingaflæði skulu notuð svo sem framast er unnt og aðlöguð svo að þau séu í samræmi við kröfur varða upplýsingar úr matvælaferlinu sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 854/2004.
- 9) Til þess að bæta stjórnun að því er varðar dýrahald á bújörðum og í samræmi við reglugerð (EB) nr. 854/2004 skal opinber dýralæknir skrá og ef þörf krefur tilkynna stjórnanda matvælafyrirtækisins á upprunabújörðinni og öllum dýralæknum, sem sinna upprunabújörðinni, eða öllum lögbærum yfiröldum, sem eiga hlut að máli, um hvers kyns sjúkdóma eða ástand sem kemur í ljós í sláturhúsinu að því er varðar einstakt dýr eða hjörð/hóp og sem kann að hafa áhrif á lýðheilsu eða heilbrigði dýra eða stofna velferð dýra í hættu.
- 10) Í reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og 854/2004 eru settar fram kröfur um eftirlit með sniklum við meðhöndlun lagarafurða í landi og um borð í skipum. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá um sínar eigin athuganir á öllum framleiðslustigum lagarafurða í samræmi við reglurnar í D-hluta V. kafla VIII. þáttar III: viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, þannig að fiski, sem er augljóslega smitaður af sniklum, sé ekki dreift til mannelis. Við samþykkt frekari reglna um sjónræna skoðun er þörf á að skilgreina hugtökin „sýnilegir sniklar“ og „sjónræn skoðun“ og ákvarða tegund og tíðni athugana.
- 11) Það eftirlit sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 853/2004 til að koma í veg fyrir að lagarafurðir, sem eru óhæfar til mannelis, séu settar á markað getur falið í sér tiltekið, efnafraðilegt eftirlit, þ.m.t. greiningar á heildarmagni rokkgjarnra niturbasa (TVB-N). Nauðsynlegt er að setja viðmiðunarmörk fyrir heildarmagn rokkgjarnra niturbasa sem ekki má fara yfir að því er varðar tiltekna flokka tegunda og tilgreina greiningaraðferðirnar sem á að nota. Nota skal áfram greiningaraðferðir, sem eru vísindalega viðurkenndar til greiningar á heildarmagni rokkgjarnra niturbasa, við venjubundið eftirlit en tilgreina skal tilvísunaraðferð sem nota skal þegar vafi leikur á niðurstöðunum eða ef ágreiningur kemur upp.
- 12) Mælt er fyrir um viðmiðunarmörk fyrir lamandi skelfiskseitur (PSP), þörungacitir sem veldur minnisleysi (ASP) og fitusækin eiturefni í reglugerð (EB) nr. 853/2004. Lífgreiningar eru tilvísunaraðferðir til að greina tiltekin eiturefni og koma í veg fyrir tekju eitraðs skelfisks. Til að vernda heilbrigði manna skal samræma hámarksviðmiðunarmörk og greiningaraðferðir í aðildarríkjum. Auk líffræðilegra prófunaraðferða skal leyfa annars konar greiningaraðferðir á borð við efnafraðilegar aðferðir og magngreiningar í tilraunaglassi, ef sýnt er fram á að sú aðferð, sem er valin hverju sinni, skili a.m.k. sama árangri og líffræðilega aðferðin og að beiting hennar verndi heilbrigði manna á sambærilegan hátt. Fyrirhuguð hámarksviðmiðunarmörk fyrir fitusækin eiturefni byggjast á bráðabirgðagögnum og skal endurmeta þau þegar niðurstöður nýrra vísindarannsóknanna liggja fyrir. Skortur á viðmiðunarefni og sú staðreynd að eingöngu eru notaðar prófanir, sem ekki eru lífgreiningar, veldur því, eins og sakir standa, að sú vernd lýðheilsu sem veitt er að því er varðar öll tilgreind eiturefni er ekki jafngild þeirri vernd sem veitt er með lífgreiningum. Setja skal ákvæði þess efnis að líffræðilegum prófunum skuli skipt út eins fljótt og unnt er.
- 13) Vélúrbeinað kjöt (MSM), sem er framleitt með aðferðum sem breyta ekki byggingu beinanna sem eru notuð við framleiðslu vélúrbeinaðs kjöts, skal meðhöndlað á annan hátt en vélúrbeinað kjöt sem er framleitt með tækni sem breytir byggingu beinanna.
- 14) Nota má vélúrbeinað kjöt af fyrnefndu gerðinni, sem er framleitt við tilgreind skilyrði og í tilgreindri samsetningu, í unnar kjötvörur sem ljóst er að eru ekki ætlaðar til neyslu fyrr en eftir hitameðhöndlun. Þessi skilyrði tengjast einkum kalsíuminnihaldi vélúrbeinaða kjötsins sem skal tilgreint í samræmi við 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004. Gera skal breytingar á tilgreindu hámarksinnihaldi kalsíums, sem er fastsett í þessari reglugerð, þegar ítarlegar upplýsingar liggja fyrir um frávik sem verða þegar mismunandi tegundir hráefnis eru notaðar.
- 15) Í f-lið 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 er kveðið á um að aðildarríkin skuli halda uppfærðar skrár yfir samþykktar starfsstöðvar. Mæla skal fyrir um sameiginlegan ramma fyrir framsetningu viðeigandi upplýsinga til annarra aðildarríkja og til almennings.
- 16) Í XI. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 eru settar fram kröfur um tilreiðslu froskalappa og snigla sem eru ætluð til mannelis. Einnig skal mæla fyrir um sértækar kröfur, þ.m.t. fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum, fyrir innflutning frá þriðju löndum á froskalöppum og sniglum sem eru ætluð til mannelis.
- 17) Í XIV. og XV. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um reglur um framleiðslu gelatíns og kollagens, sem ætlað er til mannelis, og setningu þess á markað. Einnig skal mæla fyrir um sértækar kröfur, þ.m.t. fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum, fyrir innflutning frá þriðju löndum á gelatíni og kollageni og hráefni til framleiðslu á gelatíni og kollageni sem ætlað er til mannelis.
- 18) Þörf er á sveigjanleika svo að framleiða megi áfram hefðbundinn mat (foods with traditional characteristics). Aðildarríkin hafa þegar veitt margs konar matvælum af þessu tagi undanþágu í samræmi við lög sem voru í gildi fyrir 1. janúar 2006. Stjórnendur matvælafyrirtækja eiga að geta haldið þessum venjum sínum án truflunar eftir þann dag. Í reglugerðum (EB) nr. 852/2004, (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 er kveðið á um málsmeðferð sem gefur aðildarríkjum kost á sveigjanleika. Í flestum tilvikum, þar sem undanþágur hafa þegar verið veittar, er þó einungis um það að ræða að halda áfram viðteknum venjum þannig að ef beitt er til fulls málsmeðferð um tilkynningar, þ.m.t. fullkomin

- hættugreining, kann það að leggja óþarfa og óeðlilega byrði á aðildarríkin. Því skal skilgreina hvað hefðbundinn matur er og mæla skal fyrir um almenn skilyrði sem gilda um slík matvæli, með undanþágu frá þeim skipulagslegu kröfum, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 852/2004, og með tilhlýðilegu tilliti til markmiða um heilbrigði í tengslum við matvæli.
- 19) Þar eð reglugerðir (EB) nr. 853/2004 og 854/2004 voru samþykktar fyrir aðildardaginn 1. maí 2004 er ekki vísað til nýju aðildarríkanna í þeim. Því skal bæta við ISO-kóðum umræddra aðildarríkja og skammstöfunum fyrir Evrópubandalagið á tungumálum þeirra í viðeigandi ákvæðum þessara reglugerða.
- 20) Í I. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um reglur um framleiðslu kjöts af tömdum hóf- og klaufdýrum og setningu þess á markað. Í 8. lið IV. kafla þess þáttar eru settar fram undanþágur frá því að skrokkurinn og aðrir hlutar dýrsins, sem ætlaðir eru til manneldis, séu flegnir að fullu. Gera skal ráðstafanir til þess að undanþágurnar taki til lappa af fullorðnum nautgripum, að því tilskildu að þær uppfylli sömu kröfur og gilda um lappir af kálfum.
- 21) Tilteknar starfsvenjur geta villt um fyrir neytandanum að því er varðar samsetningu tiltekinna afurða. Einkum skal, til þess að bregðast ekki væntingum neytenda, banna að selja alifuglakjöt, sem hefur verið meðhöndlað með vatnsbindiefnum, sem nýtt kjöt.
- 22) Í álit, sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu samþykkti hinn 30. ágúst 2004, var sýnt fram á að lagarafurðir úr fiskum af ættinni *Gempylidae* (slöngumakrílaætt), einkum *Ruvettus pretiosus* og *Lepidocybium flavobrunneum*, kunni að valda meltingartruflunum ef afurðanna er neytt við tilteknar aðstæður. Því skulu lagarafurðir af fiskum, sem tilheyra þessari ætt, falla undir skilyrði um markaðssetningu.
- 23) Í IX. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða hrámjólkk og mjólkurafurðir. Samkvæmt e-lið 1. liðar B-liðar II. liðar í I. kafla er einungis heimilt að nota spenadýfur eða önnur hreinsiefni fyrir júgur ef lögbær yfirvöld hafa samþykkt þau. Í umræddum hluta er þó ekki kveðið nákvæmlega á um veitingu leyfa. Til að tryggja samræmdar aðferðir aðildarríkanna er því nauðsynlegt að skýra þær verklagsreglur sem gilda um slíkar leyfisveitingar.
- 24) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er gerð sú krafa að stjórnendur matvælafyrirtækja skuli tryggja að hitameðhöndlun, sem notuð er við vinnslu hrámjólkkur og mjólkurafurða, uppfylli alþjóðlega viðurkennda staðla. Vegna sérhæfni tiltekinna aðferða við hitameðhöndlun, sem notaðar eru í þessum geira og áhrifa þeirra á öryggi matvæla og heilbrigði dýra, skal þó veita stjórnendum matvælafyrirtækja skýrari leiðbeiningar um þetta.
- 25) Með reglugerð (EB) nr. 853/2004 er sett fram ný skilgreining sem nær yfir afurðir úr eggjum sem hafa verið tekin úr skurninni en ekki unnin frekar. Því er nauðsynlegt að skýra reglurnar, sem eiga við um þessar afurðir, og breyta II. kafla X. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 til samræmis við það.
- 26) Í XIV. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um gelatín. Þessar reglur eru m.a. fölgjar í kröfum um tegundir hráefna sem má nota til að framleiða gelatín og flutning og geymslu slíkra hráefna. Þar er einnig mælt fyrir um forskriftir sem gilda um framleiðslu gelatíns. Jafnframt skal einnig mæla fyrir um reglur sem gilda um merkingar á gelatíni.
- 27) Framfarir á sviði vísinda hafa leitt til þess að ákveðið var að ISO-staðall 16649-3 yrði samþykkt tilvísunaraðferð við greiningu á *E. coli* í samlokum. Þessi tilvísunaraðferð hefur þegar verið fastsett fyrir lifandi samlokur frá svæðum A í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli⁽¹⁾. Því skal ISO-staðall 16649-3 einnig tilgreindur sem tilvísunaraðferð líklegasta fjölda (MPN-tilvísunaraðferð) til að greina *E. coli* í samlokum frá svæðum B og C. Notkun staðgönguáðferða skal því aðeins leyfð að þær teljist jafngildar tilvísunaraðferðinni.
- 28) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og 854/2004 til samræmis við það.
- 29) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Kröfur sem varða upplýsingar úr matvælaferlinu að því er varðar reglugerðir (EB) nr. 853/2004 og 854/2004

Kröfur, sem varða upplýsingar úr matvælaferlinu og um getur í III. þætti II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og í A-lið II. kafla í I. þætti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004, eru settar fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

(¹) Stjóð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1.

2. gr.

Kröfur sem varða lagarafurðir að því er varðar reglugerðir (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004

Kröfur, sem varða lagarafurðir og um getur í 9. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004 og 14. og 15. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004, eru settar fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Viðurkenndar prófunaraðferðir fyrir sjávarlífeitur að því er varðar reglugerðir (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004

Viðurkenndar prófunaraðferðir til að greina sjávarlífeitur, sem um getur í 4. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004 og a-lið 13. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004, eru settar fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

Kalsíuminnihald vélúrbeinaðs kjöts að því er varðar reglugerð (EB) nr. 853/2004

Kalsíuminnihald vélúrbeinaðs kjöts, sem um getur í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, er eins og sett er fram í IV. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Skrár yfir starfsstöðvar að því er varðar reglugerð (EB) nr. 882/2004

Kröfur varðandi skrár yfir starfsstöðvar, sem um getur í f-lið 2. mgr. 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004, eru settar fram í V. viðauka við þessa reglugerð.

6. gr.

Fyrirmynd að heilbrigðisvottorðum fyrir froskalappir, snigla, gelatín og kollagen að því er varðar reglugerð (EB) nr. 853/2004

Fyrirmyndirnar að heilbrigðisvottorðum vegna innflutnings á froskalöppum, sniglum, gelatíni og kollageni, sem um getur í d-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, og vegna hráefna til framleiðslu á gelatíni og kollageni, eru settar fram í VI. viðauka við þessa reglugerð.

7. gr.

Undanþága frá reglugerð (EB) nr. 852/2004 fyrir hefðbundinn mat (foods with traditional characteristics)

1. Að því er varðar þessa reglugerð er „hefðbundinn matur“ þau matvæli sem eru, í því aðildarríki þar sem þau eru framleidd samkvæmt gamalgrónum hefðum:

a) sögulega viðurkennd sem hefðbundnar afurðir eða

b) framleidd samkvæmt lögboðnum eða skráðum, tæknilegum tilvísunum í hefðbundna vinnslu eða í samræmi við hefðbundnar framleiðsluaðferðir eða

c) vernduð sem hefðbundinn matur með lögum Bandalagsins eða landsbundnum, svæðisbundnum eða staðbundnum lögum.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að veita starfsstöðvum, sem framleiða hefðbundinn mat, einstakar eða almennar undanþágur frá kröfunum sem settar eru fram:

a) í 1. lið II. kafla II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 852/2004 að því er varðar húsnæði þar sem slíkar afurðir eru óvarðar í umhverfi sem er nauðsynlegt til að eiginleikar þeirra nái að þróast. Veggir, loft og dyr í slíku húsnæði þurfa t.d. ekki að vera úr sléttu eða þéttu efni, og mega vera úr íseygu efni eða efni, sem er ekki tæringarþolið, og veggir, loft og gólf mega vera úr náttúrulegum jarðefnum,

b) í f-lið 1. liðar II. kafla og 1. lið V. kafla II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 852/2004 að því er varðar tegundir efna sem notaðar eru í áhöld og búnað sem er sérstaklega notaður við tilreiðslu, umbúnað og þökkun þessara afurða. Þrif og sótthreinsun húsnæðisins, sem um getur í a-lið, og hver tíðnin er í þeim efnum skulu löguð að starfsemi til að taka tillit til sérstakrar flóru í umhverfi þess. Tækjum og búnaði, sem um getur í b-lið, skal ávallt haldið í góðu ástandi m.t.t. hollustuhátta og þau skulu þrifin og sótthreinsuð reglulega.

3. Aðildarríki, sem veita þær undanþágur sem kveðið er á um í 2. mgr., skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það eigi síðar en 12 mánuðum eftir veitingu einstakra eða almennra undanþágna. Í öllum tilkynningum skal koma fram:

a) stutt lýsing á kröfunum sem hafa verið aðlagðar,

b) lýsing á viðkomandi matvælum og starfsstöðvum og

c) aðrar upplýsingar sem skipta máli.

8. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 853/2004

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er breytt í samræmi við VII. viðauka við þessa reglugerð.

9. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 854/2004

Ákvæðum I., II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 er breytt í samræmi við VIII. viðauka við þessa reglugerð.

10. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2006, að undanskildum II. og III. kafla V. viðauka, sem koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2007.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. desember 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos Kyprianou

framkvæmdastjóri.

—

*I. VIÐAUKI***UPPLÝSINGAR UM MATVÆLAFERLIÐ****I. ÞÁTTUR****SKYLDUR STJÓRNENDA MATVÆLAFYRIRTÆKJA**

Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem ala dýr sem send eru til slátrunar, skulu sjá til þess að upplýsingar um matvælaferlið, sem um getur í reglugerð (EB) nr. 853/2004, fylgi eftir því sem við á skjölum sem tengjast þeim dýrum, sem send eru á þennan hátt, þannig að upplýsingarnar séu aðgengilegar stjórnanda viðkomandi slátruhúss.

II. ÞÁTTUR**SKYLDUR LÖGBÆRRA YFIRVALDA***I. KAFLI***VEITING UPPLÝSINGA UM MATVÆLAFERLIÐ**

1. Lögbært yfirvald á sendingarstað skal upplýsa stjórnanda matvælafyrirtækisins, sem sendingin fer frá, um þau atriði sem þurfa að lágmarki að koma fram í upplýsingum um matvælaferlið sem skal afhenda slátruhúsinu í samræmi við III. þátt II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.
2. Lögbært yfirvald á þeim stað, þar sem slátrun fer fram, skal staðfesta:
 - a) að upplýsingar um matvælaferlið séu sendar með samræmdum og skilvirkum hætti milli stjórnanda matvælafyrirtækisins sem ól eða hélt dýrin fyrir sendingu og stjórnanda slátruhússins,
 - b) að upplýsingar um matvælaferlið séu gildar og áreiðanlegar,
 - c) að viðeigandi upplýsingar séu látnar berast til baka til bújarðarinnar ef við á.
3. Ef dýr eru send til slátrunar í öðru aðildarríki skulu lögbær yfirvöld á sendingar- og slátrunarstað starfa saman til að sjá til þess að stjórnandi slátruhússins, sem fær sendinguna, hafi greiðan aðgang að þeim upplýsingum sem stjórnandi matvælafyrirtækisins, sem er sendandi, leggur fram.

*II. KAFLI***VEITING UPPLÝSINGA TIL UPPRUNABÚJARÐAR**

1. Opinberum dýralækni er heimilt að nota fyrirmyndina að skjalinu, sem mælt er fyrir um í I. viðbæti, fyrir niðurstöður úr skoðunum sem skipta máli og þær skulu sendar til bújarðarinnar þar sem dýrin voru alin áður en þeim var slátrað í sama aðildarríki í samræmi við I. kafla II. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004.
2. Lögbært yfirvald ber ábyrgð á að senda niðurstöður úr skoðunum sem skipta máli í þeim tilvikum, þar sem dýr eru alin á bújörð í öðru aðildarríki, og skal nota útgáfu fyrirmyndarinnar að skjalinu, sem mælt er fyrir um í viðaukanum, bæði á tungumáli sendingar- og viðtökulands.

Viðbætur við I. viðauka

FYRIRMYND AÐ SKJALI

1. **Upplýsingar til sanngreiningar**

- 1.1. upprunabújörð (t.d. eigandi eða rekstrarstjóri)
- heiti/númer
- fullt heimilisfang
- símanúmer
- 1.2. kenninúmer (látið sérstaka skrá fylgja með)
- heildarfjöldi dýra (eftir tegundum)
- vandkvæði við sanngreiningu (ef einhver eru)
- 1.3. auðkenni hjarðar/hóps/búrs (ef við á)
- 1.4. dýrategund
- 1.5. tilvísunarnúmer heilbrigðisvottorðs:

2. **Niðurstöður úr skoðun fyrir slátrun**

- 2.1. velferð
- fjöldi dýra sem athugasemd er gerð við
- tegund/flokkur/aldur
- niðurstöður athugana (t.d. rófubít)
- 2.2. dýrin voru afhent óhrein
- 2.3. klínískar niðurstöður (sjúkdómur)
- fjöldi dýra sem athugasemd er gerð við
- tegund/flokkur/aldur
- athuganir
- skoðunardagur:
- 2.4. niðurstöður rannsóknarstofu ⁽¹⁾

⁽¹⁾ Örverufræðileg, efnafræðileg, sermifræðileg o.s.frv. (látið niðurstöður fylgja)

3.	Niðurstöður úr skoðun eftir slátrun
3.1.	(stórsæjar) niðurstöður fjöldi dýra sem athugasemd er gerð við tegund/flokkur/aldur líffæri eða líkamshluti á dýri eða dýrum sem athugasemd er gerð við slátrunardagur
3.2.	sjúkdómur (nota má kóða ⁽¹⁾) fjöldi dýra sem athugasemd er gerð við tegund/flokkur/aldur líffæri eða líkamshluti á dýri/dýrum sem athugasemd er gerð við skrokkur metinn ónýtur að hluta eða í heild (tilgreinið ástæðu) slátrunardagur
3.3.	niðurstöður rannsóknarstofu (2)
3.4.	aðrar niðurstöður (t.d. sniklar, aðskotahlutir o.s.frv.)
3.5.	niðurstöður varðandi velferð (t.d. fótbrot)
4.	Frekari upplýsingar
5.	Upplýsingar um tengilið
5.1.	slátruhús (samþykkisnúmer) heiti fullt heimilisfang símanúmer
5.2.	tölvupóstfang, liggi það fyrir
6.	Opinber dýralæknir (nafn með prentstöfum) undirritun og stimpill
7.	Dagsetning
8.	Fjöldi blaðsíðna sem fylgir þessu eyðublaði:

⁽¹⁾ Lögbært yfirvald getur samþykkt eftirfarandi kóða: kóða A fyrir sjúkdóma, sem eru skráðir í handbók Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar; kóða B100 og B200 fyrir velferðarmál (C-liður II. kafla í I. þætti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 og C100 til C290 fyrir ákvarðanir varðandi kjöt (a- til u-liður í 1. lið V. kafla II. þáttar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004). Kóðakerfið getur, ef þörf krefur, falið í sér frekari skiptingu (t.d. C141 fyrir vëgan, útbreiddan sjúkdóm, C142 fyrir alvarlegri sjúkdóm o.s.frv.). Ef kóðar eru notaðir skulu stjórnendur matvælaefyrirtækja hafa aðgang að þeim með viðeigandi skýringum á merkingu þeirra.

⁽²⁾ Örvurfræðileg, efnifræðileg, sermifræðileg o.s.frv. (látið niðurstöður fylgja).

*II. VIÐAUKI***LAGARAFURÐIR****I. ÞÁTTUR****SKYLDUR STJÓRNENDA MATVÆLAFYRIRTÆKJA**

Í þessum þætti er mælt fyrir um ítarlegar reglur sem varða sjónrænar skoðanir sem eru gerðar í því skyni að greina sníkla í lagarafurðum.

*I. KAFLI***SKILGREININGAR**

1. „Sýnilegur snikill“: snikill eða hópur snikla sem er þannig að stærð, lit eða áferð að hann greinir sig skýrt frá fiskvefjum.
2. „Sjónræn skoðun“: rannsókn án eyðileggingar á fiski eða lagarafurðum með eða án ljóstæknilegra aðferða til stækkunar og við góð birtuskilyrði sem henta mannsauganu, þ.m.t. gegnumlýsing ef þörf krefur.
3. „Gegnumlýsing“: að því er varðar flatfisk eða fiskflök: það að halda fiskinum uppi við ljós í dimmu herbergi til að greina snikla.

*II. KAFLI***SJÓNRÆN SKOÐUN**

1. Sjónræn skoðun skal framkvæmd á þeim fjölda sýna sem þarf til að gefa lýsandi mynd. Þeir einstaklingar sem eru yfirmenn starfsstöðva á landi og til þess menntaðir og hæfir einstaklingar um borð í verksmiðjuskípum skulu ákvarða umfang og tíðni skoðananna með vísan til tegunda lagarafurða, landfræðilegs uppruna þeirra og notkunar þeirra. Við framleiðsluna skulu til þess menntaðir og hæfir einstaklingar framkvæma sjónræna skoðun á kviðarholi slægðs fisks og á lifur og hrognum sem ætluð eru til manneldis. Með hliðsjón af því kerfi sem notað er við slægingu skal sjónræn skoðun framkvæmd:
 - a) stöðugt ef fiskurinn er slægður í höndum og skal sá er slægir annast skoðunina um leið og sú aðgerð fer fram og við þvott,
 - b) með töku sýna, sem gefa lýsandi mynd, og eigi færri en 10 fiskum úr hverri framleiðslulotu ef um er að ræða véslægingu.
2. Til þess menntaðir og hæfir einstaklingar skulu annast sjónræna skoðun á fiskflökum eða -stykkjum meðan á snyrtingu stendur og eftir flökun eða sneiðingu. Ef ekki er unnt að koma við einstaklingstengdri skoðun vegna stærðar flakanna eða flökunaraðgerðanna skal semja sýnatökuáætlun sem lögbært yfirvald skal hafa aðgang að í samræmi við 4. lið II. kafla VIII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004. Ef gegnumlýsing flaka er nauðsynleg í tæknilegu tilliti skal það koma fram í sýnatökuáætluninni.

II. ÞÁTTUR

SKYLDUR LÖGBÆRRA YFIRVALDA

I. KAFLI

VIÐMIÐUNARMÖRK FYRIR HEILDARMAGN ROKGJARNRA NITURBASA (TVB-N) FYRIR TILTEKNA FLOKKA LAGARAFURÐA OG GREININGARAÐFERÐIR SEM NOTA SKAL

1. Ef skynmat verður til þess að vafi leikur á um ferskleika óunninna lagarafurða í tegundaflokkunum, sem tilgreindir eru í II. kafla, skulu þær taldar óhæfar til manneðis ef efnafræðilegt eftirlit leiðir í ljós að farið hefur verið yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk fyrir heildarmagn rokgjarnra niturbasa:

- a) 25 mg af köfnunarefni/100 g af holdi fyrir tegundirnar sem um getur í 1. lið II. kafla,
- b) 30 mg af köfnunarefni/100 g af holdi fyrir tegundirnar sem um getur í 2. lið II. kafla,
- c) 35 mg af köfnunarefni/100 g af holdi fyrir tegundirnar sem um getur í 3. lið II. kafla,

Tilvísunaraðferðin, sem nota skal til að hafa eftirlit með heildarmagni rokgjarnra niturbasa, felur í sér að eimaður er prótínlaus perklórsýruútdráttur sem lýst er í III. kafla.

2. Eiming, sem um getur í 1. lið, skal framkvæmd með búnaði sem samrýmist skýringarmyndinni í IV. kafla.

3. Venjubundnu aðferðirnar, sem má nota til að hafa eftirlit með heildarmagni rokgjarnra niturbasa, eru eftirfarandi:

- örsveimsaðferð (microdiffusion method) sem Conway og Byrne lýstu (1933),
- bein eimingaraðferð sem Antonacopoulos lýsti (1968),
- eiming útdráttar sem gerður er prótínlaus með triklórsýru (nefnd alþjóðamatvæskráráðsins (Codex Alimentarius) um fisk og fiskafurðir (1968)).

4. Sýnið skal vera u.þ.b. 100 g af fiskholdi sem er tekið á a.m.k. þremur mismunandi stöðum og blandað saman í hakkavél.

Aðildarríkin skulu mæla með því að það sé fastur liður hjá opinberum rannsóknarstofum að nota tilvísunaraðferðina sem um getur hér að framan. Ef vafi leikur á um niðurstöðurnar eða ágreiningur kemur upp varðandi niðurstöður úr greiningu, sem framkvæmd er með einni af venjubundnu aðferðunum, má einungis nota tilvísunaraðferðina til að sannreyna niðurstöðurnar.

II. KAFLI

TEGUNDAFLOKKAR SEM VIÐMIÐUNARMÖRK FYRIR HEILDARMAGN ROKGJARNRA NITURBASA ERU FASTSETT FYRIR

1. Karfi (*Sebastes* spp.), svartgóma (*Helicolenus dactylopterus*), höfðakarfi (*Sebastichthys capensis*).
2. Tegundir sem tilheyra flyðruætt (*Pleuronectidae*) (að lúðu undanskilinni: *Hippoglossus* spp.).
3. Lax (*Salmo salar*), tegundir sem tilheyra lýsingætt (*Merlucciidae*), tegundir sem tilheyra þorskaett (*Gadidae*).

III. KAFLI

ÁKVÖRÐUN Á STYRK ROKGJARNRA NITURBASA Í FISKI OG LAGARAFURÐUM

Tilvísunaraðferð

1. Markmið og notkunarvið

Hér er lýst tilvísunaraðferð til að greina styrk köfnunarefnis í heildarmagni rokgjarnra niturbasa í fiski og lagarafurðum. Þessa aðferð má nota fyrir styrkleika frá 5 mg/100 g upp í a.m.k. 100 mg/100 g.

2. Skilgreining

„Styrkur köfnunarefnishluta rokgjarnra niturbasa (TVB-N concentration)“: innihald köfnunarefnis í formi rokgjarnra niturbasa sem er ákvarðað með aðferðinni sem er lýst. Styrkurinn skal tilgreindur í mg/100 g.

3. Stutt lýsing

Rokgjörnu niturbasarnir eru dregnir út úr sýninu með 0,6 mól perklórsýrulausn. Útdrátturinn er gerður basískur og gufueimaður og sýrulausn er látin gleypa rokgjörnu basapættina. Styrkur köfnunarefnishluta rokgjörnu niturbasanna er ákvarðaður með því að títra gleypu basana.

4. Íðefni

Nota skal íðefni sem eru af greiningarhreinleika, nema annað sé tekið fram. Vatnið, sem er notað, skal annaðhvort vera eimað eða steinefnasneytt og hafa a.m.k. sama hreinleika. „Lausn“ merkir vatnslausn nema annað sé tekið fram, t.d.:

- a) perklórsýrulausn = 6 g/100 ml,
- b) natríumhýdroxíðlausn = 20 g/100 ml,
- c) stöðluð saltsýrulausn, 0,05 mól/l (0,05 N),

Aths.: Þegar sjálfvirkt eimingartæki er notað skal títra með staðlaðri saltsýrulausn, 0,01 mól/l (0,01 N),

- d) bórsýrulausn = 3 g/100 ml,
- e) froðuhlandi silíkonefni,
- f) fenólþalínlausn = 1 g/100 ml af 95% etanóli,
- g) litvísislausn (blandaður Tashiro-litvísir) 2 g af metýlrauðu og 1 g af metýlbláu leyst upp í 1000 ml af 95% etanóli.

5. Áhöld og búnaður

- a) Hakkavél til að fá nægilega einsleitt fiskhakk.
- b) Blandari sem snýst mjög hratt (8000 til 45000 snúningar á mínútu).
- c) Fellingarsía, 150 mm í þvermál, fyrir hraðsúun.
- d) Mælípípa, 5 ml, með 0,01 ml kvarða.

- e) Gufueimingartæki Tækið verður að ráða við mismikið gufumagn og það þarf að geta framleitt stöðugt magn gufu í tiltekinn tíma. Það verður að vera byggt þannig að öruggt sé að óbundnir basar sleppi ekki út meðan basiskum efnum er bætt út í.

6. Framkvæmd

Viðvörðun: Þegar unnið er með perklórsýru, sem er mjög ætandi, þarf að gera viðeigandi varúðar- og forvarnarráðstafanir. Sé þess nokkur kostur skal útbúa sýnin um leið og þau berast, í samræmi við eftirfarandi fyrirmæli:

a) Sýnið útbúið

Sýnið, sem á að greina, skal hakkað vandlega í hakkavél eins og lýst er í a-lið 5. liðar. Nákvæmlega $10 \pm 0,1$ g af hakkaða sýninu er vegið og sett í hentugt ílát. Þetta er blandað með 90,0 ml perklórsýrulausn, eins og lýst er í a-lið 4. liðar, gert einsleitt í tvær mínútur með blandara eins og lýst er í b-lið 5. liðar og síðan síað.

Útdráttinn, sem þannig fæst, má geyma í a.m.k. sjö daga við hitastig á bilinu $2-6$ °C.

b) Gufueiming

50,0 ml af útdráttinum, sem fenginn er samkvæmt a-lið, eru settir í gufueimingartæki eins og lýst er í e-lið 5. liðar. Til að unnt sé að ganga síðar úr skugga um það hvort útdrátturinn sé nægilega basískur er bætt við fáeinum dropum af fenólþalíni eins og tilgreint er í f-lið 4. liðar. Eftir að nokkrir dropar af froðuhamlandi silikonefni hafa verið settir út í er bætt við útdráttinn 6,5 ml af natríumhýdroxíðlausn eins og tilgreint er í b-lið 4. liðar og gufueiming hefst þá um leið.

Gufueimingunni er stjórnað þannig að um 100 ml af eimi myndast á 10 mínútum. Frárennslisrör eimingartækisins er látið vera á kafi í viðtökuílatinu í 100 ml bórsýrulausn eins og tilgreint er í d-lið 4. liðar en út í hana hefur verið bætt þremur til fimm dropum af litvísislausn eins og lýst er í g-lið 4. liðar. Eimingin er stöðvuð eftir nákvæmlega 10 mínútur. Frárennslisrörið er tekið úr viðtökuílatinu og skolað með vatni. Rokgjörnu basarnir í lausninni í viðtökuílatinu eru ákvarðaðir með titrun með staðlari saltsýrulausn eins og tilgreint er í c-lið 4. liðar. Sýrustig við endapunkt skal vera $5,0 \pm 0,1$.

c) Títrun

Greining skal gerð tvisvar. Aðferðin, sem er notuð, er rétt framkvæmd ef mismunurinn á greiningunum tveimur er ekki meiri en 2 mg/100 g.

d) Núllsýni

Núllprófun fer fram eins og lýst er í b-lið. Í stað útdráttarins eru notaðir 50,0 ml af perklórsýrulausn eins og tilgreint er í a-lið 4. liðar.

7. Útreikningur á heildarmagni rokgjarnra niturbasa

Með því að títra lausnina í viðtökuílatinu með saltsýrulausn eins og lýst er í c-lið 4. liðar er styrkur köfnunarefnishluta rokgjörnu niturbasanna (TVB-N concentration) reiknaður með eftirfarandi jöfnu:

$$\text{TVB-N (gefið upp í mg/100 g af sýni)} = \frac{(V_1 - V_0) \times 0,14 \times 2 \times 100}{M}$$

V_1 = rúmmál 0,01 mól saltsýrulausnar (í ml) fyrir sýnið

V_0 = rúmmál 0,01 mól saltsýrulausnar (í ml) fyrir núllsýnið


M = þyngd sýnis í grömmum.

Athugasemdir

1. Greining skal gerð tvisvar. Aðferðin, sem er notuð, er rétt framkvæmd ef mismunurinn á greiningunum tveimur er ekki meiri en 2 mg/100 g.
2. Búnaðurinn er prófaður með því að eima NH_4Cl -lausnir sem jafngilda 50 mg af TVB-N/100 g.
3. Staðalfrávik samanburðarnákvæmni $S_r = 1,20$ mg/100 g. Staðalfrávik samanburðarhæfis $S_R = 2,50$ mg/100 g.

IV. KAFLI

GUFUEIMINGARBÚNAÐUR TIL AÐ GREINA HEILDARMAGN ROKGJARNRA NITURBASA (TVB-N)



*III. VIÐAUKI***VIÐURKENNDAR PRÓFUNARADFERÐIR TIL AÐ GREINA SJÁVARLÍFEITUR**

Lögbær yfirvöld og, eftir því sem við á, stjórnendur matvælafyrirtækja skulu nota eftirfarandi greiningaraðferðir til að ganga úr skugga um að þau viðmiðunarmörk, sem mælt er fyrir um í 2. lið V. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, séu virt.

Í samræmi við 2. og 3. mgr. 7. gr. tilskipunar ráðsins 86/609/EEB⁽¹⁾ skal kappkosta þegar líffræðilegar aðferðir eru notaðar að skipta út þessum aðferðum, nota dýr sem hafa minnsta næmið og nota aðferðir sem valda minnstum sársauka, svo og að nota sem fæst dýr.

*I. KAFLI***AÐFERÐ TIL AÐ GREINA LAMANDI SKELFISKSEITUR (PSP)**

1. Greina skal innihald lamandi skelfiskseiturs í ætum hlutum lindýra (öllu dýrinu eða einhverum ætum hluta þess) í samræmi við líffræðilegu prófunaraðferðina eða aðra alþjóðlega viðurkennda aðferð. Líffræðilegu prófunaraðferðina má, ef þörf krefur, nota í tengslum við aðra aðferð til að greina saxitoxín og öll hliðstæðuefni þess sem til eru staðlar fyrir.
2. Ef niðurstöðurnar eru dregnar í efa skal líffræðilega aðferðin vera tilvísunaraðferð.

*II. KAFLI***GREINGARADFERÐ FYRIR ÞÖRUNGAEITUR SEM VELDUR MINNISLEYSI (ASP)**

Greina skal heildarinnihald þörungaeiturs sem veldur minnisleysi í ætum hlutum lindýra (öllu dýrinu eða einhverjum ætum hluta þess) með háþrýstivökvaskiljun (HPLC) eða annarri viðurkenndi aðferð.

Ef niðurstöðurnar eru dregnar í efa skal háþrýstivökvaskiljunin vera tilvísunaraðferð.

*III. KAFLI***GREINGARADFERÐ FYRIR FITUSÆKIN EITUREFNI****A. Líffræðilegar aðferðir**

1. Til að greina þær tegundir sjávareiturs, sem um getur í c-, d- og e-liðum 2. liðar V. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, má nota röð lífgreininga á músum með mismunandi aðferðum eftir því hvert sýnið er (lifur og briskirtill eða allt dýrið) og eftir þeim leysum sem eru notaðir við útdrátt og hreinsun. Næmi og sérhæfni fer eftir því hvaða leysar eru notaðir við útdrátt og hreinsun og skal taka tillit til þess þegar aðferð er valin, þannig að hún taki til allra eiturefna.
2. Nota má einfalda lífgreiningu á músum með asetonútdrætti til að greina ókadaínsýru, dínófýsistoxín, pektentoxín og jessótoxín. Til viðbótar við þessa greiningu getur, ef nauðsyn krefur, komið vökva-/vökvaútdráttur með etýlasetati/vatni eða díklórmetani/vatni til að koma í veg fyrir mögulegar truflanir. Við greiningu á asaspírasíði við reglufest gildi með þessari aðferð skal nota allan líkamann sem sýni.

(¹) Stjótið. EB L 358, 18.12.1986, bls. 1.

3. Nota skal þrjár mýs í hverri prófun. Ef tvær mýs af þremur drepast innan 24 klukkustunda eftir að hafa verið sprautaðar með útdrætti sem svarar til 5 g af lifur og brisirtli eða 25 g af öllu dýrinu telst það visbending um að eitt eða fleiri af eiturefninum, sem um getur í c-, d- og e-lið 2. liðar V. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, séu fyrir hendi og yfir þeim viðmiðunarmörkum sem mælt er fyrir um.
4. Nota má lífgreiningu á músum með asetonútdrætti og í framhaldi af því vökva-/vökvaútdrátt með dietylter til að greina ókadaínsýru, dínófýsistoxín, pektentoxín og asaspírasíð en ekki til að greina jessótoxín þar eð þau eiturefni kunna að tapast við aðgreininguna. Nota skal þrjár mýs í hverri prófun. Ef tvær mýs af þremur drepast innan 24 klukkustunda eftir að hafa verið sprautaðar með útdrætti sem svarar til 5 g af lifur og brisirtli eða 25 g af öllu dýrinu telst það visbending um að ókadaínsýra, dínófýsistoxín, pektentoxín og asaspírasíð séu fyrir hendi og yfir þeim viðmiðunarmörkum sem mælt er fyrir um í c- og e-lið 2. liðar V. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.
5. Nota má lífgreiningu á rottum til að greina ókadaínsýru, dínófýsistoxín og asaspírasíð. Nota skal þrjár rottur í hverri prófun. Ef a.m.k. ein af þremur rottum fær niðurgang telst það visbending um að ókadaínsýra, dínófýsistoxín og asaspírasíð séu fyrir hendi og yfir þeim viðmiðunarmörkum sem mælt er fyrir um í c- og e-lið 2. liðar V. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.

B. Annars konar greiningaraðferðir

1. Nota má ýmsar aðferðir á borð við háþrýstivökvaskiljun (HPLC) með flúrmælingu, vökvaskiljun (LC), massagreiningu (MS), ónæmismælingu og starfrænar mælingar á borð við fosfatasahömlunarmælingu (phosphatase inhibition assay) sem staðgönguáðferðir eða viðbótaraðferðir við líffræðilegar prófunaraðferðir, að því tilskildu að unnt sé annaðhvort með einni aðferð eða samnotkun aðferða að greina a.m.k. þau hliðstæðuefni, sem tilgreind eru hér á eftir, að þær séu ekki síður árangursríkar en líffræðilegu aðferðirnar og að beiting þeirra stuðli að vernd lýðheilsu á sambærilegan hátt:
 - ókadaínsýra og dínófýsistoxín: vatnsrof kann að vera nauðsynlegt til að greina DTX3,
 - pektentoxín: PTX1 og PTX2,
 - jessótoxín: YTX, 45 OH YTX, Homo YTX, og 45 OH Homo YTX,
 - asaspírasíð: AZA1, AZA2 og AZA3.
2. Ef ný hliðstæðuefni eru uppgötvuð, sem eru mikilvæg í tengslum við lýðheilsu, skulu þau tekin með í greiningunni. Staðlar skulu liggja fyrir áður en efnagreining fer fram. Samanlögð eiturhrif skulu reiknuð út með breytistuðlum sem byggjast á fyrirbyggjandi gögnum um eiturhrif hvers eiturefnis.
3. Nothæfi þessara aðferða skal skilgreint eftir fullgildingu samkvæmt alþjóðlega viðurkenndri aðferðalýsingu.
4. Annars konar greiningaraðferðir skulu koma í stað líffræðilegra aðferða um leið og viðmiðunarefni til að greina eiturefnin sem mælt er fyrir um í V. kafla VI. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 eru tiltæk, aðferðirnar hafa verið fullgiltar og þegar þessum kafla hefur verið breytt til samræmis við það.

IV. VIÐAUKI

KALSÍUMINNIHALD VÉLÚRBEINADS KJÖTS

Kalsíuminnihald vélúrbeinaðs kjöts, sem um getur í reglugerð (EB) nr. 853/2004, skal:

1. ekki vera meira en 0,1% (= 100 mg/100 g eða 1000 milljónarhlutar) í nýjum afurðum,
2. ákvarðað með staðlaðri, alþjóðlegri aðferð.

—

V. VIÐAUKI

SKRÁR YFIR VIÐURKENNDAR STARFSSTÖÐVAR Í MATVÆLAGEIRANUM

I. KAFLI

AÐGANGUR AÐ SKRÁM YFIR VIÐURKENNDAR STARFSSTÖÐVAR Í MATVÆLAGEIRANUM

Til að auðvelda aðildarríkjunum að gera uppfærðar skrár yfir viðurkenndar starfsstöðvar í matvælageiranum aðgengilegar fyrir önnur aðildarríki og almenning skal framkvæmdastjórnin halda úti vefsetri þar sem hvert aðildarríki skal setja tengil á eigið vefsetur.

II. KAFLI

SNIÐ FYRIR LANDSBUNDIN VEFSETUR

A. Aðaltenglasafn (masterlist)

1. Hvert aðildarríki skal láta framkvæmdastjórninni í té tengil (linking address) á eitt innlent vefsetur þar sem finna má aðaltenglasafn yfir skrár yfir viðurkenndar starfsstöðvar í matvælageiranum sem framleiða afurðir úr dýraríkinu eins og þær eru skilgreindar í lið 8.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.
2. Aðaltenglasafnið, sem um getur í 1. lið, skal vera ein síða og á einu eða fleiri opinberum tungumálum Bandalagsins.

B. Aðgerðarit

1. Vefsetrið með aðaltenglasafninu skal sett upp af hálfu lögbæra yfirvaldsins eða, eftir því sem við á, eins þeirra lögbæru yfirvalda sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004.
2. Í aðaltenglasafninu skulu vera tenglar á:
 - a) aðrar vefsíður á sama vefsetri,
 - b) vefsíður, sem önnur lögbær yfirvöld, einingar eða eftir því sem við á, aðilar sjá um ef lögbært yfirvald, sem um getur í 1. lið, sér ekki um viðhald tiltekinna skráa yfir viðurkenndar starfsstöðvar í matvælageiranum.

III. KAFLI

ÚTFÆRSLA OG KÓÐAR FYRIR SKRÁR YFIR VIÐURKENNDAR STARFSSTÖÐVAR

Ákveða skal útlitssnið, þ.m.t. viðeigandi upplýsingar og kóða, til að tryggja breiðan aðgang að upplýsingum sem varða viðurkenndar starfsstöðvar í matvælageiranum og til að gera skrárnar læsilegri.

IV. KAFLI

TÆKNIFORSKRIFTIR

Þau verkefni og sú starfsemi, sem um getur í II. og III. kafla, skulu innt af hendi í samræmi við tækniforskriftirnar sem framkvæmdastjórnin gefur út.

VI. VIÐAUKI

**FYRIRMYNDIR AÐ HEILBRIGÐISVOTTORÐUM VEGNA INNFLUTNINGS Á FROSKALÖPPUM, SNIGLUM,
GELATÍNI OG KOLLAGENI**

I. HLUTI

FROSKALAPPIR OG SNIGLAR

Heilbrigðisvottorðin, sem um getur í d-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004 vegna innflutnings á froskalöppum og sniglum, skulu vera í samræmi við fyrirmyndirnar sem mælt er fyrir um í A- og B-hluta I. viðbættis við þennan viðauka.

II. HLUTI

GELATÍN

Með fyrirvara um aðra sértæka löggjöf Bandalagsins, sem felur a.m.k í sér en einskorðast ekki við löggjöf um smitandi heilahrörnun og hormón, skulu heilbrigðisvottorðin, sem um getur í d-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004 vegna innflutnings á gelatíni og hráefni til framleiðslu á gelatíni, vera í samræmi við fyrirmyndirnar sem mælt er fyrir um í A- og B- hluta II. viðbættis við þennan viðauka.

III. ÞÁTTUR

KOLLAGEN

Með fyrirvara um aðra sértæka löggjöf Bandalagsins, sem felur a.m.k í sér en einskorðast ekki við löggjöf um smitandi heilahrörnun og hormón, skulu heilbrigðisvottorðin, sem um getur í d-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004 vegna innflutnings á kollageni og hráefni til framleiðslu á kollageni, vera í samræmi við fyrirmyndirnar sem mælt er fyrir um í A- og B- hluta III. viðbættis við þennan viðauka.

—

I. viðbætur við VI. viðauka

A-HLUTI

FYRIRMYND AÐ HEILBRIGÐISVOTTORÐI VEGNA INNFLUTNINGS Á KÆLDUM, FRYSTUM EÐA
TILREIDDUM FROSKALÖPPUM SEM ÆTLAÐAR ERU TIL MANNELDIS

LAND

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

I. HLUTI: Nánari upplýsingar um sendinguna	I.1. Sendandi		I.2.		I.2.a. Tilvísunarnúmer staðar			
	<input type="checkbox"/> Heiti		I.3. Lögbært stjórnvald					
	Heimilisfang		I.4. Lögbært staðaryfirvald					
	Póstnúmer							
	I.5. Viðtakandi		I.6.					
	Heiti							
	Heimilisfang							
	Póstnúmer							
	I.7. Upprunaland	ISO-kóði	I.8. Upprunahérað	Kóði	I.9. Viðtökuland:	ISO-kóði	I.10. Viðtökuhérað	Kóði
	I.11. Upprunastaður		I.12. Viðtökustaður:					
	Starfsstöð/skip <input type="checkbox"/>		Starfsstöð/skip <input type="checkbox"/>		Tollvörugymsla <input type="checkbox"/>			
	Heiti	Samþykkisnúmer	Heiti	Samþykkisnúmer				
	Heimilisfang	Samþykkisnúmer	Heimilisfang	Samþykkisnúmer				
	Heiti	Samþykkisnúmer	Póstnúmer					
	Heimilisfang	Samþykkisnúmer						
I.13.	I.14. Ætlaður komudagur og -tími							
I.15. Flutningatæki ⁽²⁾		I.16.						
Flugvél <input type="checkbox"/>	Skip <input type="checkbox"/>	Járnbrautarvagn <input type="checkbox"/>						
Ökutæki <input type="checkbox"/>	Annað <input type="checkbox"/>							
Auðkenni:								
Tilvísun í skjöl								
I.18. Dýrategund/afurð				I.19. Vörunúmer (ST-kóði)				
				I.20. Fjöldi/magn				
I.21. Hitastig afurðar				I.22. Fjöldi pakkninga				
Við umhverfishita <input type="checkbox"/> Kæld <input type="checkbox"/> Fryst <input type="checkbox"/>								
I.23. Auðkenni gáms/innsiglisnúmer				I.24. Tegund umbúða				
I.25. Dýr sem eru vottuð/afurðir sem eru vottaðar:								
Til manneldis <input type="checkbox"/>								
I.26.			I.27. Til innflutnings eða inntöku í <input type="checkbox"/>					
			Evrópusambandið <input type="checkbox"/>					
			Endanlegur innflutningur <input type="checkbox"/>					
I.28. Auðkenning dýra/afurða ⁽¹⁾								
Samþykkisnúmer starfsstöðvar/skips								
Dýrategund (Vísindaheiti)	Eðli stykkjunar/tegund meðhöndlunar	Verksmiðjuskip	Stykkjunarstöð/ framleiðslustöð	Frystiskip	Fjöldi/magn	Nettóþyngd:		

LAND

Froskalappir

II. HLUTI: Vottorð	II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b. Tilvísunarnúmer staðar
	<p>1. Heilbrigðisvottun</p> <p>Ég, undirritaður, lýsi því yfir að ég hef vitneskju um þau ákvæði reglugerða (EB) nr. 178/2002, (EB) nr. 852/2004 og (EB) nr. 853/2004 sem skipta máli og votta að froskalappirnar, sem lýst er hér að framan, voru framleiddar í samræmi við kröfumar í þeim, einkum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> — þær eru frá starfsstöð eða starfsstöðvum sem koma til framkvæmdar áætlun sem byggist á meginreglum GáHMSS-kerfisins (HACCP) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 852/2004 <p>og</p> <ul style="list-style-type: none"> — þær eru af froskum sem hafa verið blóðtæmdir, tilreiddir og, eftir því sem við á, kældir, frystir eða unnið hefur verið úr þeim, þeim hefur verið pakkað og þeir settir í geymslu við hollustusamleg skilyrði í samræmi við kröfur XI. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004. <p>Athugasemdir</p> <p>(1) Reitur I.28: Tegund meðhöndlunar: Kæling, frysting, vinnsla.</p> <p>(2) Reitur I.15: Skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip). Ef til af- og endurfarmingar kemur skal uppfæra þessar upplýsingar.</p> <p>(3) Stimpill og undirskrift skulu ekki vera í sama lit og aðrar upplýsingar í vottorðinu.</p>	<p>Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður</p> <p>Nafn (með hástöfum): Staðbundin dýralæknaeining Dags.: Stimpill (¹):</p> <p>Menntun, hæfi og titill Númer viðkomandi, staðbundinnar dýralæknaeiningar: Undirskrift (¹):</p>	

B-HLUTI

FYRIRMYND AÐ HEILBRIGÐISVOTTORÐI VEGNA INNFLUTNINGS Á SNIGLUM SEM ERU SKELFLETTIR, SOÐNIR, TILREIDDIR EÐA ROTVARÐIR OG ÆTLAÐIR TIL MANNELDIS

LAND Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

I. HLUTI: Nánari upplýsingar um sendinguna	I.1. Sendandi				I.2.		I.2.a. Tilvísunarnúmer staðar					
	<input type="checkbox"/> Heiti Heimilisfang Póstnúmer				I.3. Lögbært stjórnvald							
					I.4. Lögbært staðaryfirvald							
	I.5. Viðtakandi				I.6.							
	Heiti Heimilisfang Póstnúmer											
	I.7. Upprunaland		ISO-kóði	I.8. Upprunahérað		Kóði	I.9. Viðtökuland		ISO-kóði	I.10. Viðtökuhérað		Kóði
	I.11. Upprunastaður				I.12. Viðtökustaður:							
	Starfsstöð/skip <input type="checkbox"/> Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang				Starfsstöð/skip <input type="checkbox"/> Heiti Heimilisfang Póstnúmer				Tollvörugæmsla <input type="checkbox"/> Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer			
	I.13.				I.14. Áætlaður komudagur og -tími							
	I.15. Flutningatæki (²)				I.16.				I.17.			
	Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Járabrautarvagn <input type="checkbox"/> Ökutæki <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/> Auðkenni: Tilvísun í skjöl											
	I.18. Dýrategund/afurð						I.19. Vörunúmer (ST-kóði)					
							I.20. Fjöldi/magn					
	I.21. Hitastig afurðar						I.22. Fjöldi pakkninga					
	Við umhverfishita <input type="checkbox"/> Kæld <input type="checkbox"/> Fryst <input type="checkbox"/>											
I.23. Auðkenni gáms/innsiglisnúmer						I.24. Tegund umbúða						
I.25. Dýr sem eru vottuð/afurðir sem eru vottaðar:												
Til manneldis <input type="checkbox"/>												
I.26.						I.27. Til innflutnings eða inntöku í Evrópusambandið Endanlegur innflutningur						
						<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>						
I.28. Auðkenning dýra/afurða (¹)												
Samþykkisnúmer starfsstöðvar/skips Dýrategund (Vísindaheiti) Eðli stykkjunar/tegund meðhöndlunar Verksmiðjuskip Stykkjunarstöð/framleiðslustöð Frystiskip Fjöldi/magn Nettóþyngd:												

LAND

Sniplar

II. HLUÐI: Vottorð	II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b. Tilvísunarnúmer staðar
	<p>1. Heilbrigðisvottun</p> <p>Ég, undirritaður, lýsi því yfir að ég hef vitneskju um þau ákvæði reglugerða (EB) nr. 178/2002, (EB) nr. 852/2004 og (EB) nr. 853/2004 sem skipta máli og votta að sniglarnir, sem lýst er hér að framan, voru framleiddir í samræmi við kröfurnar í þeim, einkum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> — þeir eru frá starfsstöð eða starfsstöðvum sem koma til framkvæmdar áætlun sem byggist á meginreglum GáHMSS-kerfisins í samræmi við reglugerð (EB) nr. 852/2004 og — þeir hafa verið meðhöndlaðir og, eftir því sem við á, skelflettir, soðnir, tilreiddir, rotvarðir og frystir, þeim hefur verið pakkað og þeir settir í geymslu við hollustusamleg skilyrði í samræmi við kröfur XI. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004. <p>Athugasemdir</p> <p>(1) Reitur I.28: Tegund meðhöndlunar: Kæling, frýsting, skelfletting, suða, tilreiðsla, rotvörn.</p> <p>(2) Reitur I.15: Skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip). Ef til af- og endurfæringar kemur skal uppfæra þessar upplýsingar.</p> <p>(3) Stimpill og undirskrift skulu ekki vera í sama lit og aðrar upplýsingar í vottorðinu.</p>		
<p>Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður</p> <p>Nafn (með hástöfum): Staðbundin dýralæknaeining Dags.: Stimpill (¹):</p> <p>Menntun, hæfi og titill Númer viðkomandi, staðbundinnar dýralæknaeiningar: Undirskrift (¹):</p>			

II. viðbætur við VI. viðauka

A-HLUTI

FYRIRMYND AÐ HEILBRIGÐISVOTTORÐI VEGNA INNFLUTNINGS Á GELATÍNI SEM ÆTLAÐ ER TIL MANNELDIS

LAND

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

I. HLUTI: Nánari upplýsingar um sendinguna	I.1. Sendandi		I.2.		I.2.a. Tilvísunarnúmer staðar			
	<input type="checkbox"/> Heiti		I.3. Lögbært stjórnvald					
	Heimilisfang		I.4. Lögbært staðaryfirvald					
	Póstnúmer							
	I.5. Viðtakandi			I.6.				
	Heiti							
	Heimilisfang							
	Póstnúmer							
	I.7. Upprunaland	ISO-kóði	I.8. Upprunahérað	Kóði	I.9. Viðtökuland:	ISO-kóði	I.10. Viðtökuhérað	Kóði
	I.11. Upprunastaður			I.12. Viðtökustaður:				
	Starfsstöð/skip <input type="checkbox"/>			Starfsstöð/skip <input type="checkbox"/>			Tollvörugæmsla <input type="checkbox"/>	
	Heiti		Samþykkisnúmer		Heiti		Samþykkisnúmer	
	Heimilisfang		Samþykkisnúmer		Heimilisfang		Samþykkisnúmer	
Heiti		Samþykkisnúmer		Póstnúmer				
Heimilisfang								
I.13.			I.14. Áætlaður komudagur og -tími					
I.15. Flutningateki ⁽¹⁾			I.16.					
Flugvél <input type="checkbox"/>		Skip <input type="checkbox"/>		Járnbrautarvagn <input type="checkbox"/>				
Ökutæki <input type="checkbox"/>		Annað <input type="checkbox"/>		I.17.				
Auðkenni:								
Tilvísun í skjöl								
I.18. Dýrategund/afurð				I.19. Vörunúmer (ST-kóði)				
				I.20. Fjöldi/magn				
I.21. Hitastig afurðar				I.22. Fjöldi pakkninga				
Við umhverfishita <input type="checkbox"/>				Kæld <input type="checkbox"/>				
				Fryst <input type="checkbox"/>				
I.23. Auðkenni gáms/innsiglisnúmer				I.24. Tegund umbúða				
I.25. Dýr sem eru vottuð/afurðir sem eru vottaðar:								
Til manneldis <input type="checkbox"/>								
I.26.			I.27. Til innflutnings eða inntöku í <input type="checkbox"/>					
			Evrópusambandið <input type="checkbox"/>					
			Endanlegur innflutningur <input type="checkbox"/>					
I.28. Auðkenning dýra/afurða ⁽¹⁾								
Samþykkisnúmer starfsstöðvar/skips								
Dýrategund (Vísindaheiti)	Eðli stykkiunar/tegund meðhöndlunar	Verksmiðjuskip	Stykkjunarstöð/ framleiðslustöð	Frystiskip	Fjöldi/magn	Nettóþyngd:		

LAND

Gelatin sem ætlað er til mannelis

II. HLUTI: Vottorð	II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b. Tilvísunarnúmer staðar
	<p>1. Heilbrigðisvottun</p> <p>Ég, undirritaður, lýsi því yfir að ég hef vitneskju um þau ákvæði reglugerða (EB) nr. 178/2002, (EB) nr. 852/2004 og (EB) nr. 853/2004 sem skipta máli og votta að gelatíníð, sem lýst er hér að framan, var framleitt í samræmi við kröfurnar í þeim, einkum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> — það er frá starfsstöð eða starfsstöðvum sem koma til framkvæmdar áætlun sem byggist á meginreglum GÁHMSS-kerfisins (HACCP) í samræmi við reglugerð (EB) nr. 852/2004 — það var framleitt úr hráefni sem uppfyllti kröfurnar í I. og II. kafla XIV. þáttar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, — það var framleitt í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í III. kafla XIV. þáttar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, — það uppfyllir viðmiðanir IV. kafla XIV. þáttar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og í reglugerð (EB) nr. 2073/2005 að því er varðar örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli <p>og</p> <p>— ef það er unnið úr jörturdýrum: það inniheldur ekki eða er unnið úr:</p> <p>annaðhvort^(?)</p> <p>sérstöku áhættuefni, eins og skilgreint er í A-þætti XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 sem er framleitt eftir 31. mars 2001, né kjötmarmingi sem er framleiddur úr beinum nautgripa, sauðfjár eða geita eftir 31. mars 2001. Eftir 31. mars 2001 hefur nautgripunum, sauðfénu og geitunum, sem umræddar afurðir eru unnar úr, ekki verið slátrað eftir deyfingu með gasi, sem er sprautað inn í kúpuholið, eða þau verið aflífuð með sömu aðferð eða þeim verið slátrað með því að tæta miðtaugakerfisvefinn í sundur eftir deyfingu með ílöngu, staflaga verkfæri sem er stungið inn í kúpuholið</p> <p>eða</p> <p>efni úr nautgripum, sauðfé og geitum, öðru en því sem er úr dýrum sem eru fædd og síðan alin frá burði og slátrað í^(?).</p> <p>Athugasemdir</p> <ol style="list-style-type: none"> (1) Reitur I.15: Skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip). Ef til af- og endurfarmingar kemur skal uppfæra þessar upplýsingar. (2) Strikið út annað hvort eftir því sem við á (3) Setjið inn heiti landsins (4) Eins og tilgreint er í b-lið 15. liðar í XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 með áorðnum breytingum. (5) Stimpill og undirskrift skulu ekki vera í sama lit og aðrar upplýsingar í vottorðinu. 		
<p>Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður</p> <p>Nafn (með hástöfum): Staðbundin dýralæknaeiming Dags.: Stimpill^(?):</p> <p>Menntun, hæfi og titill Númer viðkomandi, staðbundinnar dýralæknaeimingar: Undirskrift^(?):</p>			

B-HLUTI

FYRIRMYND AÐ HEILBRIGÐISVOTTORÐI VEGNA INNFLUTNINGS Á HRÁEFNI TIL FRAMLEIÐSLU Á GELATÍNI SEM ÆTLAÐ ER TIL MANNELDIS

LAND Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

I. HLUTI: Nánari upplýsingar um sendinguna	I.1. Sendandi				I.2.		I.2.a. Tilvísunarnúmer staðar					
	<input type="checkbox"/> Heiti Heimilisfang Póstnúmer				I.3. Lögbært stjórnvald							
					I.4. Lögbært staðaryfirvald							
	I.5. Viðtakandi				I.6.							
	Heiti Heimilisfang Póstnúmer											
	I.7. Upprunaland		ISO-kóði	I.8. Upprunahérað		Kóði	I.9. Viðtökuland:		ISO-kóði	I.10. Viðtökuhérað		Kóði
	I.11. Upprunastaður				I.12. Viðtökustaður:							
	Starfsstöð/skip <input type="checkbox"/> Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang				Starfsstöð/skip <input type="checkbox"/> Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer Heiti Heimilisfang Póstnúmer Tollvörugейmsla <input type="checkbox"/> Samþykkisnúmer							
	I.13.				I.14. Áætlaður komudagur og -tími							
	I.15. Flutningatæki ()				I.16.							
	Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Járnbrautarvagn <input type="checkbox"/> Ökutæki <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/> Auðkenni: Tilvísun í skjöl				I.17.							
	I.18. Dýrategund/afurð						I.19. Vörunúmer (ST-kóði)					
							I.20. Fjöldi/magn					
	I.21. Hitastig afurðar						I.22. Fjöldi pakkninga					
	Við umhverfishita <input type="checkbox"/> Kæld <input type="checkbox"/> Fryst <input type="checkbox"/>											
I.23. Auðkenni gáms/innsiglisnúmer						I.24. Tegund umbúða						
I.25. Dýr sem eru vottuð/afurðir sem eru vottaðar:												
Til manneldis <input type="checkbox"/>												
I.26.				I.27. Til innflutnings eða inntöku í <input type="checkbox"/>								
				Evrópusambandið <input type="checkbox"/>								
				Endanlegur innflutningur <input type="checkbox"/>								
I.28. Sanngreining dýra/afurða												
						Viðurkenningarnúmer starfsstöðva/skips						
Dýrategund (Vísindaheiti)	Eðli stykkjunar/tegund meðhöndlunar	Sláturhús/verksmiðjuskip	Stykkjunarstöð/framleiðslustöð	Frystiskip	Fjöldi/magn	Nettóþyngd:						

LAND

Hráefni til framleiðslu á gelatíni sem ætlað er til mannelis

II. HLUUTI: Vottorð	II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b. Tilvísunarnúmer staðar
	<p>1. Heilbrigðisvottun</p> <p>Ég, undirritaður, lýsi því yfir að ég hef vitneskju um þau ákvæði reglugerða (EB) nr. 178/2002, (EB) nr. 852/2004 og (EB) nr. 853/2004 sem skipta máli og votta að hráefnið, sem lýst er hér að framan, var framleitt í samræmi við kröfurnar í þeim, einkum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> — bein, húðir og skinn af öldum jörturdýrum, svinshúðir, húð og sinar af alifuglum, sem lýst er hér að framan, eru af dýrum sem hefur verið slátrað í slátruhúsi og skrokkar þeirra hafa verið metnir hæfir til mannelis að lokinni skoðun fyrir og eftir slátrun ⁽¹⁾ <p>og/eða</p> <ul style="list-style-type: none"> — húðir og skinn af villtum veiðidýrum, sem lýst er hér að framan, eru af dýrum sem hefur verið slátrað og skrokkar þeirra hafa verið metnir hæfir til mannelis að lokinni skoðun eftir slátrun ⁽²⁾ <p>og/eða</p> <ul style="list-style-type: none"> — roð og bein fiska, sem lýst er hér að framan, eru frá vinnslustöðvum þar sem framleiddar eru lagarafurðir sem eru ætlaðar til mannelis og leyfðar til útflutnings ⁽³⁾ <p>og</p> <ul style="list-style-type: none"> — ef það er úr jörturdýrum: það inniheldur ekki eða er unnið úr: <p>annaðhvort ⁽⁴⁾</p> <p>sérstöku áhættuefni, eins og skilgreint er í A-þætti XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 sem er framleitt eftir 31. mars 2001, né kjötmarmingi sem er framleiddur úr beinum nautgripa, sauðfjár eða geita eftir 31. mars 2001. Eftir 31. mars 2001 hefur nautgripunum, sauðfénu og geitunum, sem umræddar afurðir eru unnar úr, ekki verið slátrað eftir deyfingu með gasi, sem er sprautað inn í kúpuholið, eða þau verið aflífuð með sömu aðferð eða þeim verið slátrað með því að tæta miðtaugakerfisvefinn í sundur eftir deyfingu með flöngu, staflaga verkfæri sem er stungið inn í kúpuholið</p> <p>eða</p> <p>efni úr nautgripum, sauðfé og geitum öðru en því sem er úr dýrum sem eru fædd og síðan alin frá burði og slátrað í ⁽⁵⁾⁽⁶⁾.</p> <p>Athugasemdir</p> <p>⁽¹⁾ Reitur I.15: Skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip). Við af- og endurförmingu skal uppfæra þessar upplýsingar.</p> <p>⁽²⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.</p> <p>⁽³⁾ Setjið inn heiti landsins.</p> <p>⁽⁴⁾ Eins og tilgreint er í b-lið 15. liðar í XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 með áorðnum breytingum.</p> <p>⁽⁵⁾ Stimpill og undirskrift skal vera í öðrum lit en aðrar upplýsingar í vottorðinu.</p>		
<p>Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður</p> <p>Nafn (með hástöfum): Staðbundin dýralæknaeining Dags.: Stimpill ⁽⁷⁾:</p> <p>Menntun, hæfi og titill Númer viðkomandi dýralæknaeiningar á staðnum: Undirskrift ⁽⁸⁾:</p>			

III. viðbætur við VI. viðauka

A-HLUTI

FYRIRMYND AÐ HEILBRIGÐISVOTTORÐI VEGNA INNFLUTNINGS Á KOLLAGENI SEM ÆTLAÐ ER TIL MANNELDIS

LAND

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

I. HLUTI: Nánari upplýsingar um sendinguna	I.1. Sendandi				I.2.		I.2.a. Tilvísunarnúmer staðar					
	<input type="checkbox"/> Heiti Heimilisfang Póstnúmer				I.3. Lögbært stjórnvald							
					I.4. Lögbært staðaryfirvald							
	I.5. Viðtakandi				I.6.							
	Heiti Heimilisfang Póstnúmer											
	I.7. Upprunaland		ISO-kóði	I.8. Upprunahérað		Kóði	I.9. Viðtökuland:		ISO-kóði	I.10. Viðtökuhérað		Kóði
	I.11. Upprunastaður				I.12. Viðtökustaður:							
	<input type="checkbox"/> Starfsstöð/skip Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang				<input type="checkbox"/> Starfsstöð/skip <input type="checkbox"/> Tollvörugæmsla Heiti Heimilisfang Póstnúmer				<input type="checkbox"/> Samþykkisnúmer <input type="checkbox"/> Samþykkisnúmer <input type="checkbox"/> Samþykkisnúmer			
	I.13.				I.14. Áætlaður komudagur og -tími							
	I.15. Flutningatæki (¹)				I.16.							
	<input type="checkbox"/> Flugvél <input type="checkbox"/> Ökutæki Auðkenni: Tilvísun í skjöl				<input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/> Járabrautarvagn				I.17.			
	I.18. Dýrategund/afurð						I.19. Vörunúmer (ST-kóði)					
							I.20. Fjöldi/magn					
	I.21. Hitastig afurðar						I.22. Fjöldi pakkninga					
	<input type="checkbox"/> Við umhverfishita <input type="checkbox"/> Kæld <input type="checkbox"/> Fryst											
I.23. Auðkenni gáms/innsigli snúmer						I.24. Tegund umbúða						
I.25. Dýr sem eru vottuð/afurðir sem eru vottaðar:												
<input type="checkbox"/> Til manneldis												
I.26.						I.27. Til innflutnings eða inntöku í						
						<input type="checkbox"/> Evrópusambandið <input type="checkbox"/> Endanlegur innflutningur						
I.28. Auðkenning dýra/afurða												
Samþykkisnúmer starfsstöðvar/skips Dýrategund (Vísindaheiti) Eðli stykkjunar/tegund meðhöndlunar Verksmiðjuskip Stykkjunarstöð/framleiðslustöð Frystiskip Fjöldi/magn Nettóþyngd:												

LAND

Kollagen sem ætlað er til manneidis

II. HLUTI: Vottorð	II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b. Tilvísunarnúmer staðar
	<p>1. Heilbrigðisvottun</p> <p>Ég, undirritaður, lýsi því yfir að ég hef vitneskju um þau ákvæði reglugerða (EB) nr. 178/2002, (EB) nr. 852/2004 og (EB) nr. 853/2004 sem skipta máli og votta að kollagenið, sem lýst er hér að framan, var framleitt í samræmi við kröfurnar í þeim og einkum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> — það er frá starfsstöð/starfsstöðvum sem koma til framkvæmdar áætlun sem byggist á meginreglum GáHMSS-kerfisins í samræmi við reglugerð (EB) nr. 852/2004 — það var framleitt úr hráefni sem uppfyllti kröfurnar í I. og II. kafla XV. þáttar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, — það var framleitt í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í III. kafla XIV. þáttar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 <p>og</p> <ul style="list-style-type: none"> — það uppfyllir viðmiðanir IV. kafla XV. þáttar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 að því er varðar örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli. <p>Athugasemdir</p> <p>(¹) Reitur I.15: Skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip). Við af- og endurförningu skal uppfæra þessar upplýsingar.</p> <p>(²) Stimpill og undirskrift skulu ekki vera í sama lit og aðrar upplýsingar í vottorðinu.</p>		
Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður			
Nafn (með hástöfum): Staðbundin dýralæknaeining Dags.: Stimpill (²):		Menntun, hæfi og titill Númer viðkomandi, staðbundinnar dýralæknaeiningar: Undirskrift (²):	

B-HLUTI

FYRIRMYND AÐ HEILBRIGÐISVOTTORÐI VEGNA INNFLUTNINGS Á HRÁEFNI TIL FRAMLEIÐSLU Á KOLLAGENI SEM ÆTLAÐ ER TIL MANNELDIS

LAND Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

I. HLUTI: Nánari upplýsingar um sendinguna	I.1. Sendandi				I.2.		I.2.a. Tilvísunarnúmer staðar					
	<input type="checkbox"/> Heiti Heimilisfang Póstnúmer				I.3. Lögbært stjórnvald							
	I.5. Viðtakandi				I.6.							
	Heiti Heimilisfang Póstnúmer				I.4. Lögbært staðaryfirvald							
	I.7. Upprunaland		ISO-kóði	I.8. Upprunahérað		Kóði	I.9. Viðtökuland:		ISO-kóði	I.10. Viðtökuhérað		Kóði
	I.11. Upprunastaður				I.12. Viðtökustaður:							
	Starfsstöð/skip <input type="checkbox"/> Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang				Starfsstöð/skip <input type="checkbox"/> Tollvörugemysla <input type="checkbox"/> Heiti Heimilisfang Póstnúmer							
					Samþykkisnúmer							
					Samþykkisnúmer							
					Samþykkisnúmer							
	I.13.				I.14. Áætlaður komudagur og -tími							
	I.15. Flutningatæki ()				I.16.							
	Flugvél <input type="checkbox"/> Ökutæki <input type="checkbox"/> Auðkenni: Tilvísun í skjöl				Skip <input type="checkbox"/> Járabrautarvagn <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/>							
	I.18. Dýrategund/afurð				I.17.							
					I.19. Vörunúmer (ST-kóði)							
				I.20. Fjöldi/magn								
I.21. Hitastig afurðar				I.22. Fjöldi pakkninga								
Við umhverfishita <input type="checkbox"/> Kæld <input type="checkbox"/> Fryst <input type="checkbox"/>												
I.23. Auðkenni gáms/innsigli snúmer				I.24. Tegund umbúða								
I.25. Dýr sem eru vottuð/afurðir sem eru vottaðar:												
Til manneldis <input type="checkbox"/>												
I.26.				I.27. Til innflutnings eða inntöku í <input type="checkbox"/>								
				Evrópusambandið <input type="checkbox"/>								
				Endanlegur innflutningur <input type="checkbox"/>								
I.28. Auðkenning dýra/afurða												
				Samþykkisnúmer starfsstöðvar/skips								
Dýrategund (Vísindaheiti)	Eðli stykkjunar/tegund meðhöndlunar	Verksmiðjuskip	Stykkjunarstöð/framleiðslustöð	Frystiskip	Fjöldi/magn	Nettóþyngd:						

LAND

Kollagen sem ætlað er til mannelðis

II. HLUTI: Vottorð	II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b. Tilvísunarnúmer staðar
	<p>1. Heilbrigðisvottun</p> <p>Ég, undirritaður, lýsi því yfir að ég hef vitneskju um þau ákvæði reglugerða (EB) nr. 178/2002, (EB) nr. 852/2004, (EB) nr. 853/2004 og 854/2004 sem skipta máli og votta að hráefnið, sem lýst er hér að framan, fullnægir kröfunum í þeim, einkum að:</p> <ul style="list-style-type: none"> — húðir og skinn af öldum jörturdýrum, húðir, bein og garnir frá svínum, húðir, bein og sinar frá alifuglum, sem lýst er hér að framan, eru af dýrum sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og skrokkar þeirra hafa verið metnir hæfir til mannelðis að lokinni skoðun fyrir og eftir slátrun ⁽¹⁾ <p>og/eða</p> <ul style="list-style-type: none"> — húðir og skinn af villtum veiðidýrum, sem lýst er hér að framan eru af dýrum sem hefur verið slátrað og skrokkar þeirra hafa verið metnir hæfir til mannelðis að lokinni skoðun eftir slátrun ⁽²⁾ <p>og/eða</p> <ul style="list-style-type: none"> — roð og bein fiska, sem lýst er hér að framan, eru frá vinnslustöðvum þar sem framleiddar eru lagarafurðir sem eru ætlaðar til mannelðis og leyfðar til útflutnings ⁽³⁾. <p>Notes</p> <p>⁽¹⁾ Reitur I.15: Skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip). Við af- og endurföringu skal uppfæra þessar upplýsingar.</p> <p>⁽²⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.</p> <p>⁽³⁾ Stímpill og undirskrift skulu ekki vera í sama lit og aðrar upplýsingar í vottorðinu.</p>		
Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður			
Nafn (með hástöfum): Staðbundin dýralæknaeining Dags.: Stímpill ⁽³⁾ :		Menntun, hæfi og titill Númer viðkomandi, staðbundinnar dýralæknaeiningar: Undirskrift ⁽³⁾ :	

VII. VIÐAUKI

BREYTINGAR Á REGLUGERÐ (EB) NR. 853/2004

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum B-liðar I. þáttar II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarrar undirgreinar í 6. lið komi eftirfarandi:

„BE, CZ, DK, DE, EE, GR, ES, FR, IE, IT, CY, LV, LT, LU, HU, MT, NL, AT, PL, PT, SI, SK, FI, SE og UK“.

b) Í stað 8. liðar komi eftirfarandi:

„8. Þegar merkið er notað í starfsstöð innan Bandalagsins skal það vera sporöskjulaga og með skammstöfuninni CE, EC, EF, EG, EK, EY, ES, EÚ, EK, EB eða WE“.

2. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á III. viðauka:

a) Í stað 8. liðar, IV. kafla I. þáttar komi eftirfarandi:

„8. Skrokkar og aðrir hlutar dýrsins, sem ætlaðir eru til manneldis, skulu flegnir að fullu, nema þegar um er að ræða svín, hausa á sauðfé, geitum og kálfum og lappir á nautgripum, sauðfé og geitum. Hausa og lappir skal meðhöndla á þann hátt að komið sé í veg fyrir mengun.“

b) Í II. þætti bætist við eftirfarandi VII. kafli:

„VII. KAFLI: VATNSBINDIEFNI

Stjórnendur matvælafrirtækja skulu sjá til þess að alifuglakjöt, sem hefur verið meðhöndlað sérstaklega til að stuðla að bindingu vatns, sé ekki sett á markað sem ferskt kjöt heldur sem unnar kjötvörur eða það sé notað við framleiðslu unninna afurða.“

c) Í stað 1. liðar E-liðar V. kafla VIII. þáttar komi eftirfarandi:

„1. Ekki er heimilt að setja afurðir úr eitruðum fiski af eftirfarandi ættum á markað: kýlingum (Tetraodontidae), tunglfiskum (Molidae), ígulfiskum (Diodontidae) eða knattfiskum (Canthigasteridae). Einungis er heimilt að setja ferskar, tilreiddar og unnar afurðir úr fiskum af ættinni Gempylidae (slöngumakrílaett), einkum *Ruvettus pretiosus* og *Lepidocybium flavobrunneum*, á markað í umbúðum/pökkum og afurðirnar verða að vera merktar á viðeigandi hátt til að veita neytandanum upplýsingar um tilreiðslu/eldunaraðferðir og um áhættu í tengslum við tilvist efna sem valda meltingartruflunum. Vísindaheitið verður að koma fram ásamt almennu heiti á merkimiðanum.“

d) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. þætti:

i. Í stað e-liðar 1. liðar B-liðar í II. lið I. kafla komi eftirfarandi:

„e) að spenadýfur eða -úðar séu aðeins notuð eftir leyfisveitingu eða skráningu í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (*).“

(*) Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1“

ii. Í stað 1. liðar í II. lið II. kafla komi eftirfarandi:

„1. Fái hrámjólk eða mjólkurafurðir hitameðhöndlun skulu stjórnendur matvælafyrirtækja sjá til þess að meðhöndlunin uppfylli kröfur í XI. kafla II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 852/2004. Þeir skulu einkum sjá til þess, þegar eftirfarandi vinnsluáðferðum er beitt, að aðferðirnar samræmist umræddu forskriftunum:

a) Gerilsneyðing á sér stað með aðferð sem felur í sér:

i. hátt hitastig í stuttan tíma (a.m.k. 72 °C í 15 sekúndur),

ii. lágt hitastig í langan tíma (a.m.k. 63 °C í 30 mínútur) eða

iii. hvaða samsetningu tíma og hitastigs sem er til að ná fram jafngildum áhrifum þannig að afurðirnar sýni, þar sem við á, neikvæða svörun við prófun með basískum fosfatasa, þegar að lokinni meðhöndlun.

b) Meðferð með leifturhitun (UHT) fæst með meðhöndlun:

i. sem felur í sér stöðugt varmaflæði við hátt hitastig í stuttan tíma (ekki lægra en 135 °C ásamt hæfilegum tímamörkum), þannig að engar lífvænlegar örverur eða gró geti vaxið í meðhöndluðu afurðinni þegar hún er geymd í dauðhreinsuðu, lokuðu íláti við umhverfishita og

ii. sem nægir til þess að tryggja að afurðirnar haldi örverufræðilegum stöðugleika eftir að hafa staðið í 15 daga við 30 °C í lokuðum ílátum eða í sjö daga við 55 °C í lokuðum ílátum eða eftir hvaða aðra aðferð sem er sem sýnir fram á að viðeigandi hitameðferð hefur verið beitt.“

e) Í X. þætti er II. kafla breytt sem hér segir:

i. Í stað 5. liðar III. hluta komi eftirfarandi:

„5. Eftir að eggjin hafa verið brotin skal hver hluti innihaldsins meðhöndlaður eins fljótt og unnt er til að eyða örverufræðilegri áhættu eða draga úr henni svo að við megi una. Heimilt er að setja framleiðslueiningu, sem hefur fengið ófullkomna vinnslu, strax aftur í vinnslu í sömu starfsstöð, að því tilskildu að hún verði þá hæf til manneldis. Ef í ljós kemur að framleiðslueining er óhæf til manneldis skal menga hana til að tryggja að hún verði ekki notuð til manneldis.“

ii. Í stað 2. liðar V. hluta komi eftirfarandi:

„2. Ef eggjin eru í fljótandi formi skal setja á merkimiðann, sem um getur í 1. lið, áletrunina: „ógerilsneydd egg í fljótandi formi sem meðhöndla skal á viðtökustað“ og tilgreina á hvaða degi og stund eggjin voru brotin.“

f) Í XIV. þætti bætist við eftirfarandi V. kafli:

„V. KAFLI: MERKING

Á innri og ytri umbúðum utan um gelatín skal standa áletrunin „gelatín til manneldis“ og tilreiðsludagur.“

VIII. VIÐAUKI

BREYTINGAR Á REGLUGERÐ (EB) NR. 854/2004

Ákvæðum I., II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 3. liðar III. kafla I. þáttar I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað annarrar undirgreinar í a-lið komi eftirfarandi:

„BE, CZ, DK, DE, EE, GR, ES, FR, IE, IT, CY, LV, LT, LU, HU, MT, NL, AT, PL, PT, SI, SK, FI, SE og UK.“

b) Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) Þegar merkið er notað í sláturhúsi innan Bandalagsins skal skammstöfunin CE, EC, EF, EG, EK, EY, ES, EÜ, EK, EB eða WE koma fram á því.“

2. Í stað 4. og 5. liðar A-liðar í II. kafla II. viðauka komi eftirfarandi:

„4. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að flokka svæði í B-flokk þar sem heimilt er að veiða lifandi samlokur sem eru einungis settar á markað til manndis eftir að þær hafa verið meðhöndlaðar í hreinsunarstöð eða eftir að þær hafa verið umlagðar þannig að þær uppfylli heilbrigðiskröfurnar sem um getur í 3. lið. Í lifandi samlokum af þessu svæði mega ekki finnast fleiri en 4 600 *E. coli* í 100 g af holdi og skelvökva. Tilvísunaraðferð fyrir þessa greiningu er fimm glasa og þriggja þynninga prófun líklegasta fjölda (MPN-prófun) sem er tilgreind í ISO 16649-3. Heimilt er að nota aðrar aðferðir ef þær eru fullgiltar með samanburði við þessa tilvísunaraðferð í samræmi við viðmiðanirnar í EN/ISO 16140.

5. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að flokka svæði í C-flokk þar sem leyft er að veiða lifandi samlokur sem eru einungis settar á markað eftir að þær hafa verið umlagðar svo lengi að þær uppfylli heilbrigðiskröfurnar sem um getur í 3. lið. Í lifandi samlokum af þessu svæði mega ekki finnast fleiri en 46.000 *E. coli* í 100 g af holdi og skelvökva. Tilvísunaraðferð fyrir þessa greiningu er fimm glasa og þriggja þynninga prófun líklegasta fjölda sem er tilgreind í ISO 16649-3. Heimilt er að nota aðrar aðferðir ef þær eru fullgiltar með samanburði við þessa tilvísunaraðferð í samræmi við viðmiðanirnar í EN/ISO 16140.“

3. Í stað 1. liðar í G-lið II. kafla III. viðauka komi eftirfarandi:

„1. Ekki er heimilt að setja afurðir úr eitruðum fiski af eftirfarandi ættum á markað: kýlingum (Tetraodontidae), tunglfiskum (Molidae), ígulfiskum (Diodontidae) og knattfiskum (Canthigasteridae). Einungis er heimilt að setja ferskar, tilreiddar og unnar lagarafurðir af ættinni Gempylidae (slöngumakrilaætt), einkum af tegundunum *Ruvettus pretiosus* o *Lepidocybium flavobrunneum*, á markað í umbúðum/pökkum og afurðirnar verða að vera merktar á viðeigandi hátt til að veita neytandanum upplýsingar varðandi tilreiðslu/eldunaraðferðir og um áhættu í tengslum við tilvist efna sem hafa skaðleg áhrif á maga og garnir. Vísindaheitið verður að koma fram ásamt almennu heiti á merkimiðanum.“

Fylgiskjal III.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2076/2005**

frá 5. desember 2005

um bráðabirgðafyrirkomulag við framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004 og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽¹⁾, einkum 9. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis ⁽²⁾, einkum 16. gr,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um föður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽³⁾, einkum 1. mgr. 63. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 ⁽⁴⁾, (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004 verður beitt frá og með 1. janúar 2006 og það hefur í för með sér umtalsverðar breytingar á reglum og verklagi sem stjórnendur matvælafyrirtækja og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna þurfa að fylgja. Ef sumum þessara ráðstafana verður beitt þegar frá og með 1. janúar 2006 getur það í vissum tilvikum orðið vandkvæðum háð. Því er rétt að veita tiltekinn tíma til að koma á hnökralausum skiptum yfir í fulla framkvæmd nýju reglnanna og verklagsins.
- 2) Rétt er að lengd aðlögunartímabilsins sé fastsett með hliðsjón af fyrstu endurskoðun á nýja reglurammanum um hollustuhætti sem ætlunin er að eigi sér stað innan fyrstu fjögurra árána.
- 3) Rétt er því að setja ákvæði um aðlögunartímabil þar sem koma má tilteknum kröfum, sem mælt er fyrir um í þessum reglugerðum, til framkvæmda í áföngum.

Í þágu samræmdrar nálgunar skal aðlögunartímabilið að jafnaði vera fjögur ár en það getur verið styttra, enda séu rök færð fyrir því. Einnig ber að setja ákvæði um hugsanlega endurskoðun allra þessara ákvæða með hliðsjón af fenginni reynslu.

- 4) Þar sem um er að ræða almennt bráðabirgðafyrirkomulag skal áfram vera unnt að setja á markað framleiðsluvörur sem framleiddar voru áður en nýju reglunum var beitt. Fyrirkomulagið skal gilda allt aðlögunartímabilið nema geymsluþol framleiðsluvörunnar sé styttra.
- 5) Bein afhending framleiðanda á litlu magni kjöts af alifuglum og nörturum til neytenda eða smásöluvirkis á staðnum sem afhendir slíkt kjöt beint til neytenda sem nýtt kjöt er undanþegin gildissviði reglugerðar (EB) nr. 853/2004. Tilskipun ráðsins 71/118/EBE frá 15 febrúar 1971 um heilbrigðisvanda sem hefur áhrif á framleiðslu og markaðssetningu á nýju alifuglakjöti ⁽⁵⁾ og tilskipun ráðsins 91/495/EBE frá 27. nóvember 1991 um vanda sem varðar lýðheilsu og heilbrigði dýra og hefur áhrif á framleiðslu kanínukjöts og kjöts af öldum veiðidýrum og setningu þess á markað ⁽⁶⁾ gera aðildarríkjunum einnig kleift að víkja frá almennu kröfunum í slíku augnamiði án þess að takmarka þær við nýtt kjöt. Þessi möguleiki skal vera opin meðan aðlögunartímabilið varir.
- 6) Starfið við að samþykka starfsstöðvar, einkum þær sem ekki þurftu samþykkis við samkvæmt þeim reglum sem áður voru í gildi en höfðu leyfi til þess að setja framleiðsluvörur sínar á markað innanlands, verður þung byrði fyrir lögbær yfirvöld. Því er rétt að setja ákvæði um bráðabirgðafyrirkomulag til að gera slíkum starfsstöðvum kleift að halda áfram að markaðssetja afurðir á innanlandsmörkuðum sínum þar til þær öðlast samþykki í reynd.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55, leiðrétt í Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206, leiðrétt í Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 83.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. ESB L 191, 28.5.2004, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 3.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 55, 8.3.1971, bls. 23.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 268, 24.9.1991, bls. 41.

- 7) Endurskoða þarf bráðabirgðafyrirkomulagið, sem nær yfir innri og ytri umbúðir og merkingarbúnað í 6. lið I. þáttar II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, í því skyni að herða eldri reglur um notkun merkingarbúnaðar en taka jafnframt tilhlýðilegt tillit til væntinga stjórnenda matvælafyrirtækja að því er varðar tilhliðrun varðandi notkun efniviðar til merkingar sem var keyptur áður en nýju ákvæðin koma til framkvæmda. Því ber að fella viðeigandi ákvæði þeirrar reglugerðar úr gildi og samþykka nýtt fyrirkomulag með þessari reglugerð. Þar eð hætt er við að slíkt bráðabirgðafyrirkomulag verði misnotað skal það vara í takmarkaðan tíma og séð skal til þess að eldri merkingarbúnaður, sem samræmist ekki nýju reglunum, sé afturkallaður eins fljótt og auðið er og eigi síðar en við lok aðlögunartímabilsins. Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og I. viðauka við reglugerð nr. 854/2004 til samræmis við það.
- 8) Heilbrigðiskröfur vegna innflutnings á matvælum úr dýraríkinu verða ekki að fullu samræmdar fyrir tiltekna afurðir og skal kveða skýrar á um skilyrði til innflutnings sem gilda um slíkar afurðir á aðlögunartímabilinu.
- 9) Veiting upplýsinga um matvælaferlið er ný krafa sem lögð er á herðar stjórnendum matvælafyrirtækja. Því skal innleiða aðlögunartímabil áður en kröfur um upplýsingar um matvælaferlið koma að fullu til framkvæmdar. Einkum skal auðvelda snurðulaust upplýsingastreymi frá býlinu til sláturhússins með bráðabirgðafyrirkomulagi þar sem slakað er á kröfunni um að veita upplýsingarnar 24 klukkustundum fyrir komu dýrsins í sláturhúsið.
- 10) Í III. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er þess krafist að opinberi dýralæknirinn eða samþykktur dýralæknir undirriti vottorðið sem fylgir öldu, villtu hóf- og klaufdýrunum frá býlinu til sláturhússins. Í tilskipun 91/495/EBE er krafist undirritunar af hálfu heilbrigðisþjónustunnar fyrir dýr og dýraafurðir. Það ákvæði skal gilda meðan aðlögunartímabilið varir.
- 11) Vottorðið, sem krafist er í X. kafla B-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004, er ítarlegra en vottorðið sem hafði áður verið mælt fyrir um. Fyrirmyndin að vottorðinu, sem sett er fram í III. viðauka við tilskipun 91/495/EBE, skal samþykkt á aðlögunartímabilinu.
- 12) Í V. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er þess krafist að hráefni fyrir hakkað kjöt uppfylli tiltekin skilyrði og mælt er fyrir um kröfur um merkingar. Leggja skal mat á viðmiðanimar fyrir samsetningu hakkaðs kjöts, einkum að því er varðar fituinnihald og hlutföll bandvefjar og kjötprótins. Meðan beðið er eftir niðurstöðu úr þessu mati er rétt að viðhalda núverandi viðmiðunum sem komið var á með tilskipun ráðsins 94/65/EB frá 14. desember 1994 um kröfur varðandi framleiðslu og markaðssetningu á hökkuðu kjöti og unnum kjötvörum ⁽¹⁾.
- 13) Þrátt fyrir meginregluna, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, þar sem fram kemur að stjórnendur matvælafyrirtækja mega ekki nota önnur efni en drykkjarhæft vatn, ef þess er krafist vegna hollustuhátta, eru ákvæði, sem leyfa notkun á hreinu vatni við meðhöndlun á fiski, sett fram í VII. kafla II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 852/2004 og II. hluta I. kafla og III. og IV. kafla í VIII. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, einkum vegna meðhöndlunar á fiski um borð í skipum. Þar eð notkun á hreinu vatni skapar ekki áhættu fyrir lýðheilsu, svo fremi hún sé í samræmi við skilgreininguna sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 852/2004 og í því skyni að gera starfsstöðvum á landi, sem meðhöndla lagarafurðir, það kleift að aðlagast smám saman skal gildissvið viðeigandi ákvæða í reglugerð (EB) nr. 853/2004 rýmkað á aðlögunartímabilinu svo að það nái yfir slíkar stöðvar.
- 14) Í a-lið 1. liðar í III. hluta II. kafla í IX. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja, sem framleiða mjólkurafurðir, verði að sjá til þess að hrámjólk úr kúum samræmist tilteknum viðmiðunarmörkum áður en hún er unnin. Einkum er mikilvægt að fara að því gildi vegna matvælaöryggis ef þarf að hitameðhöndla mjólkina og hún hefur ekki verið unnin innan fyrirframskilgreinds tíma. Með bráðabirgðaráðstöfunum skal takmarka eftirlit með því hvort farið sé að þessu viðmiðunargildi áður en vinnsla hefst við slíkar kringumstæður.
- 15) Í X. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða egg og eggjaafurðir. Samkvæmt 2. lið I. kafla skulu egg geymd og flutt við stöðugt hitastig sem hentar best til að varðveita hollustueiginleika þeirra. Þar eð aðildarríkjunum var fyrir 1. janúar 2006 heimilt að beita stöðlum varðandi hitastýringu á yfirráðasvæði sínu fyrir aðstöðu sína þar sem egg eru geymd og við flutning frá einni aðstöðu til annarrar skal það gert ljóst að þessir staðlar mega gilda áfram til bráðabirgða ef lögbært yfirvald leyfir það enn. Þetta gefur stjórnendum tíma til að laga starfsemi og verklagsreglur að nýjum stöðlum um hita sem lögbæra yfirvaldið getur krafist.
- 16) Samkvæmt 1. lið II. hluta II. kafla í X. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er heimilt að nota sprungin egg til framleiðslu á eggjaafurðum við tiltekna aðstöðu. Setja skal ákvæði um bráðabirgðafyrirkomulag þannig að aðrar starfsstöðvar, sem framleiða egg í fljótandi formi, geti einnig nýtt sér þennan möguleika ef þau uppfylla sömu skilyrði.
- 17) Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 er þess krafist að starfsfólk sláturhúsa, sem lögbæra yfirvaldið hefur heimilað að annast sértæk verkefni opinberra aðstoðarmanna, gangist undir þjálfun og próf á sama hátt og opinberir starfsmenn. Meðan aðlögunartímabilið varir er rétt að

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 368, 31.12.1994, bls. 10.

veita lögbæra yfirvaldinu tíma til að skipuleggja og gera áætlun um frekari hjálfun og aukna hæfni starfsfólks sláturhúsa sem aðstoða við opinbert eftirlit og að takmarka í samræmi við þetta kröfu þess efnis að tryggja að starfsfólk sláturhúsa sé hjálfað til þeirra sértæku verkefna sem þeim er heimilt að inna af hendi.

- 18) Í 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 er þess krafist að rannsóknarstofur, sem annast greiningu sýna, sem tekin eru við opinbert eftirlit, séu faggiltar. Rannsóknarstofur, sem þurftu samkvæmt eldri löggjöf Bandalagsins ekki að vera faggiltar, gætu þurft viðbótartíma til að ná að fullu faggildingunni þar sem faggilding er flókið og erfitt ferli. Rétt er að veita slíkum rannsóknarstofum viðbótartíma til að gera þeim kleift að afla sér faggildingar.

- 19) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Aðlögunartímabil

Með þessari reglugerð er komið á fót fjögurra ára aðlögunartímabili sem lýkur 31. desember 2009 (hér á eftir nefnt „aðlögunartímabilið“).

Bráðabirgðafyrirkomulagið, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, skal gilda meðan aðlögunartímabilið varir, nema kveðið sé á um annað í 5. og 8. gr.

II. KAFLI

BRÁÐABIRGÐAFYRIRKOMULAG VEGNA FRAMKVÆMDAR REGLUGERÐAR (EB) NR. 853/2004

2. gr.

Birgðir matvæla úr dýraríkinu

1. Með fyrirvara um viðeigandi löggjöf Bandalagsins, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB um samræmingu laga aðildarríkanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla⁽¹⁾ má setja birgðir matvæla úr dýraríkinu, sem framleidd eru fyrir 1. janúar 2006, á markað að því tilskildu að þau beri, eftir því sem við á, merki sem kveðið er á

um í gerðunum sem eru tilgreindar í 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/41/EB⁽²⁾.

2. Afurðir, sem um getur í 1. mgr., mega vera á markaði þar til geymsluþoli þeirra lýkur ef stjórnandi matvælafyrirtækis hefur skilgreint geymsluþol sem er lengra en aðlögunartímabilið.

3. gr.

Bein afhending á litlu magni kjöts af alifuglum og nörturum

Þrátt fyrir d-lið 3. mgr. 1. gr. og með fyrirvara um 4. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004 skulu ákvæðin, sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, ekki gilda um beina afhendingu framleiðanda á litlu magni kjöts af alifuglum og nörturum, sem er slátrað á býlinu, til neytenda eða smásölufyrirtækja á staðnum sem afhenda slíkt kjöt beint til neytenda.

4. gr.

Setning matvæla úr dýraríkinu á innanlandsmarkað meðan þess er beðið að starfsstöðvar verði samþykktar

Þrátt fyrir 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004 mega stjórnendur matvælafyrirtækja, sem höfðu leyfi til að setja matvæli úr dýraríkinu á innanlandsmarkað fyrir 1. janúar 2006, halda áfram að setja slíkar afurðir á þann markað með landsmerki sem ekki verður ruglað saman við merkin sem kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, þar til lögbæra yfirvaldið hefur, í samræmi við 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 853/2004, samþykkt þær starfsstöðvar sem meðhöndla slíkar afurðir.

Matvæli úr dýraríkinu, sem bera slík landsmerki, má einungis setja á markað á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem þau eru framleidd.

5. gr.

Umbúðir og efni til innpökkunar og merkingar með áprentuðu heilbrigðis- eða auðkennismerki

Stjórnendur matvælafyrirtækja geta notað birgðir af umbúðum og merkingarefni sem hafa áprentuð heilbrigðis- eða auðkennismerki til 31. desember 2007, hafi þær verið keyptar fyrir 1. janúar 2006.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 157, 30.4.2004, bls. 33, leiðrétt í Stjtið. ESB L 195, 2.6.2004, bls. 12.

6. gr.

Merkingarbúnaður

Stjórnendur matvælafyrirtækja og lögbær yfirvöld geta haldið áfram að nota merkingarbúnað, sem þeir eiga 31. desember 2005, þar til honum er skipt út eða í síðasta lagi þar til aðlögunartímabilinu lýkur, að því tilskildu að samþykkisnúmer viðkomandi starfsstöðvar haldist óbreytt.

Þegar þessum búnaði er skipt út skal lögbæra yfirvaldið sjá til þess að hann sé afturkallaður svo að hann verði ekki notaður framar.

7. gr.

Heilbrigðisskilyrði vegna innflutnings

1. Ákvæði 1. mgr. 6. gr. í reglugerð (EB) nr. 853/2004 gilda ekki við innflutning á matvælum úr dýrarikinu hafi samræmd heilbrigðisskilyrði ekki verið ákveðin vegna innflutnings á þeim, þ.m.t. skrá yfir þriðju lönd og yfir starfsstöðvar sem innflutningur er leyfður frá.

Þar til samræming á löggjöf Bandalagsins hefur átt sér stað varðandi innflutning á þessum afurðum skal slíkur innflutningur uppfylla heilbrigðisskilyrði hlutaðeigandi aðildarríkis vegna innflutnings.

2. Þrátt fyrir 4. mgr. 6. gr. í reglugerð (EB) nr. 853/2004 skulu stjórnendur matvælafyrirtækja, sem flytja inn matvæli sem innihalda bæði afurðir úr jurtarikinu og unnar afurðir úr dýrarikinu, vera undanþegnir þeirri skyldu sem kveðið er á um í þeirri grein.

Þar til áhættumiðuð aðferð hefur verið þróuð vegna framkvæmdar á samræmdum heilbrigðisskilyrðum vegna innflutnings og eftirlits með slíkum matvælum skal innflutningurinn uppfylla samræmdar reglur Bandalagsins sem voru í gildi fyrir 1. janúar 2006, eftir því sem við á, og reglur viðkomandi aðildarríkja sem komu til framkvæmda fyrir þann dag í öðrum tilvikum.

8. gr.

Upplýsingar um matvælaferlið

1. Þrátt fyrir kröfurnar, sem mælt er fyrir um í III. þætti II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, skulu aðildarríkin koma þessum kröfum í framkvæmd í áföngum í ýmsum geirum, til viðbótar við alifuglageirann þar sem þær skulu koma til framkvæmdar nú þegar, þannig að kröfur varðandi upplýsingar um matvælaferlið taki til svinageirans í viðkomandi aðildarríki fyrir lok annars árs aðlögunarinnar og fyrir hrossa- og kálfakjötsgeirann fyrir lok þriðja ársins.

Aðildarríki, sem beita þessu bráðabirgðafyrirkomulagi, skulu leggja fram skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um framkvæmdina í lok hvers árs.

2. Þrátt fyrir kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 2. lið III. þáttar II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 varðandi veitingu upplýsinga um matvælaferlið til stjórnenda sláturhúsa með ekki minna en 24 klukkustunda fyrirvara, getur lögbæra yfirvaldið heimilað að slíkar upplýsingar séu sendar til stjórnenda sláturhúsa með dýrum af öllum tegundum sem upplýsingarnar varða og við allar kringumstæður að því tilskildu að þetta stefni markmiðum reglugerðar (EB) nr. 853/2004 ekki í hættu.

Upplýsingar um matvælaferlið, sem kunna að valda alvarlegri röskun á starfsemi sláturhússins, skulu gerðar aðgengilegar stjórnanda sláturhússins með góðum fyrirvara fyrir komu dýranna til sláturhússins.

9. gr.

Kjöt af öldum, villtum hóf- og klaufdýrum

Þrátt fyrir kröfurnar, sem mælt er fyrir um í j-lið 3. liðar í III. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, skal vottorðið, sem vísað er til í 16. gr., um að niðurstöður skoðunar fyrir slátrun hafi verið jákvæðar gefið út og undirritað af hálfu heilbrigðisþjónustunnar fyrir dýr og dýraafurðir.

10. gr.

Viðmiðanir fyrir samsetningu hakkaðs kjöts og kröfur um merkingu á því

1. Þrátt fyrir kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1. lið II. kafla V. þáttar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, verður stjórnandi matvælafyrirtækisins að hafa eftirlit með þeim hráefnum sem eru notuð í starfsstöðinni til að tryggja samræmi við heiti vörunnar í töflunni hér á eftir að því er varðar fullunna afurðina.

Tafla: Viðmiðanir fyrir samsetningu við eftirlit með venjulegri dagsframleiðslu

	Fituinnihald	Hlutfall bandvefjar og kjötprótíns
— magurt, hakkað kjöt	≤ 7%	≤ 12
— hreint, hakkað nautakjöt	≤ 2%	≤ 15
— hakkað kjöt sem inniheldur svinakjöt	≤ 30%	≤ 18
— hakkað kjöt af öðrum dýrategundum	≤ 25%	≤ 15

2. Þrátt fyrir kröfurnar, sem mælt er fyrir um í IV. kafla V. þáttar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, verða eftirfarandi orð einnig að koma fram í merkingunni:

— „fituinnihald minna en ...“;

— „hlutfall bandvefjar og kjötpróttins er minna en ...“.

III. KAFLI

**BRÁÐABIRGÐAFYRIRKOMULAG SEM VARÐAR
FRAMKVÆMD REGLUGERÐAR (EB) NR. 854/2004**

14. gr.

**Þjálfun starfsmanna sláturhúsa sem aðstoða við opinbert
eftirlit**

Þrátt fyrir i. lið a-liðar 6. mgr. 5. gr. í reglugerð (EB) nr. 854/2004 og a-lið A-þáttar III. kafla í III. þætti I. viðauka við þá reglugerð skulu starfsmenn sláturhúsa, sem lögbær yfirvöld hafa veitt leyfi til að annast sértæk verkefni opinberra aðstoðarmanna, þjálfaðir á sama hátt og opinberir aðstoðarmenn, einungis með tilliti til sértæku verkefnanna sem þeir hafa leyfi til að annast og skal ekki krefjast þess af þeim starfsmönnum að þeir hafi staðist sömu próf og opinberir aðstoðarmenn.

Lögbæra yfirvaldið skal sjá til þess að slík þjálfun sé fullnægjandi áður en starfsmönnum sláturhúsa er veitt leyfi til að taka við verkefnum opinberra aðstoðarmanna.

Það skal ganga úr skugga um að þeirri viðbótarþjálfun og skipulagningu, sem er nauðsynleg til þess að starfsmenn sláturhúsa öðlist þá hæfni sem er áskilin með framkvæmd prófsins sem gildir um opinbera aðstoðarmenn, sé komið í kring svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en í lok aðlögunartímabilsins.

15. gr.

**Vottun starfsstöðva þar sem starfsfólk er til aðstoðar við
opinbert eftirlit í sláturhúsum**

Þrátt fyrir aðra undirgrein a-liðar A-þáttar III. kafla í III. þætti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 skulu starfsstöðvar, sem æskja þess að nota starfsfólk sitt til aðstoðar við opinbert eftirlit, vera undanþegnar kröfunni um að hafa alþjóðlega viðurkennt vottorð meðan aðlögunartímabilið varir, að því tilskildu að starfsstöðin sýni fram á að hún hafi hafist handa við vottunarferlið og framfylgi því í samræmi við alþjóðlega staðla, s.s. viðeigandi EN ISO-staðla um gæðastjórnun eða öryggi matmæla.

16. gr.

**Fyrirmynd að vottorði fyrir kjöt af öldum, villtum hóf- og
klaufdýrum**

Þrátt fyrir 4. lið A-liðar VII. kafla í IV. þætti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 má nota fyrirmynd að vottorðinu, sem sett er fram í III. viðauka við tilskipun 91/495/EBE, vegna flutnings á öldum, villtum hóf- og klaufdýrum frá býlinu til sláturhússins.

17. gr.

Heilbrigðisskilyrði vegna innflutnings

Ákvæði III. kafla reglugerðar (EB) nr. 854/2004 gilda ekki um innflutning á matvælum úr dýrarákinu hafi samræmd heilbrigðisskilyrði ekki verið ákveðin vegna innflutnings á

3. Aðildarríkin geta heimilað að sett verði á innanlandsmarkaði þeirra hakkað kjöt sem uppfyllir ekki þessar viðmiðanir og það beri landsmerki sem ekki verður ruglað saman við merkin sem kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004.

11. gr.

Notkun á hreinu vatni

1. Þrátt fyrir 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004 og 1. lið A-liðar III. kafla í VIII. þætti III. viðauka við þá reglugerð má ís, sem notaður er til að kæla nýjar lagarafurðir, vera búinn til úr hreinu vatni í starfsstöð á landi.

2. Þrátt fyrir 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004 og 2. og 3. lið A-liðar III. kafla í VIII. þætti III. viðauka við þá reglugerð mega stjórnendur matvælafyrirtækja í starfsstöðvum, þ.m.t. skip sem meðhöndla lagarafurðir, nota hreint vatn.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004 og 1. lið IV. kafla í VIII. þætti III. viðauka við þá reglugerð mega stjórnendur matvælafyrirtækja í starfsstöðvum á landi nota hreint vatn til kælingar eftir að hafa soðið krabbadýr og lindýr.

12. gr.

Hrámjólk og mjólkurafurðir

Þrátt fyrir kröfuna, sem sett er fram í a-lið 1. liðar III. þáttar II. kafla í IX. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, skal hámarkslíftala fyrir hrámjólk einungis gilda ef hitameðhöndla á þá mjólk og hún hefur ekki verið meðhöndluð á þann hátt innan þess tíma sem skilgreindur er í GáHMSS-kerfinu sem stjórnendur matvælafyrirtækja hafa komið á.

13. gr.

Egg og eggjaafurðir

1. Aðildarríki, sem tóku að beita kröfum um hitastig á stöðum þar sem egg eru geymd og í farartækjum, sem flytja egg milli slíkra geymslustaða, fyrir 1. janúar 2006 geta haldið áfram að beita þeim kröfum.

2. Stjórnendur matvælafyrirtækja mega nota sprungin egg við framleiðslu eggja í fljótandi formi í starfsstöð sem hlotið hefur samþykki til þess, að því tilskildu að framleiðslustöðin eða þökkunarstöðin hafi afhent þau tafarlaust og að þau séu brotin eins fljótt og auðið er.

Nr. 104

25. janúar 2010

þeim, þ.m.t. skrár yfir þriðju lönd og hluta þriðju landa og starfsstöðvar sem innflutningur er leyfður frá.

V. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

19. gr.

Endurskoðun

Þar til samræming á löggjöf Bandalagsins hefur átt sér stað varðandi innflutning á þessum afurðum skal slíkur innflutningur uppfylla heilbrigðisskilyrði hlutaðeigandi aðildarríkis vegna innflutnings.

IV. KAFLI

**BRÁÐABIRGÐAFYRIRKOMULAG SEM VARÐAR
FRAMKVÆMD REGLUGERÐAR (EB) Nr. 882/2004**

18. gr.

Faggilding rannsóknarstofa

Þrátt fyrir 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 getur lögbært yfirvald tilnefnt rannsóknarstofu, sem hefur ekki faggildingarferli í samræmi við reglugerð (EB) nr. 882/2004,

- a) sýni fram á að hún hafi hafist handa við nauðsynlegt faggildingarferli í samræmi við reglugerð (EB) nr. 882/2004,
- b) veiti lögbæra yfirvaldinu fullnægjandi ábyrgðir fyrir því að áætlanir um gæðastjórnun vegna greininganna, sem hún framkvæmir vegna opinbers eftirlits, liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar 2006.

Endurskoða má bráðabirgðafyrirkomulagið, þ.m.t. skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, hvenær sem er með hliðsjón af þeirri reynslu sem hefur verið aflað með framkvæmd þessara ákvæða og reglugerða (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004.

20. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 853/2004

Þriðja undirgrein 6. liðar B-liðar í I. þætti II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 falli brott.

21. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 854/2004

Önnur setning 6. liðar III. kafla í I. þætti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 falli brott.

22. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2006.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. desember 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal IV.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1662/2006**

frá 6. nóvember 2006

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu⁽¹⁾, einkum l. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með fyrirvara um ákvæði III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 skulu stjórnendur matvælaþyrftækja sjá til þess að allar afurðir úr dýraríkinu beri auðkennismerki sem komið er fyrir í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í I. þætti II. viðauka við þá reglugerð. Afurðir úr dýraríkinu ættu ekki að hafa fleiri en eitt auðkennismerki nema annað sé tekið fram og af eftirlitsáæðum.
- 2) Í I. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um reglur um framleiðslu og setningu kjöts af tömdum hóf- og klaufdýrum á markað. Undantekningar frá því að flá að fullu skrokkinn og aðra hluta dýrsins, sem ætlaðir eru til manneldis, eru settar fram í 8. lið IV. kafla sama þáttar. Kveða skal á um að þessar undantekningar taki til grana og vara nautgripa, að því gefnu að þær uppfylli sömu kröfur og gilda um kinda- og geitahausa.
- 3) Hálskirtlarnir sía burt öll eitruð efni sem fara inn um munnhol dýra og skal því fjarlægja þá af hreinlætis- og öryggisáæðum við slátrun tamdra hóf- og klaufdýra. Þar eð lögboðin kirtlataka úr alisvínum var óvart felld niður skal setja kröfuna um kirtlatöku úr svínum inn aftur.
- 4) Í VIII. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 eru settar fram kröfur um framleiðslu og setningu lagarafurða, sem ætlaðar eru til manneldis, á markað. Skilgreiningin á lagarafurðum tekur einnig til fisklýsis.

Þess vegna skal setja fram sérstækar kröfur er varða framleiðslu og setningu fisklýsis, sem ætlað er til manneldis, á markað. Einnig skal gera ráð fyrir bráðabirgðafyrirkomulagi til þess að gera stofnunum í þriðju löndum kleift að aðlagast nýjum aðstæðum.

- 5) Broddur telst vera afurð úr dýraríkinu en heyrir ekki undir skilgreininguna á hrámjólk sem um getur í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004. Broddur er framleiddur á svipaðan hátt og getur því falið í sér álfka áhættu gagnvart heilbrigði manna og hrámjólk. Það er því nauðsynlegt að innleiða sérstækar reglur um hollustuhætti við framleiðslu brodds.
- 6) Í XV. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um kröfur er varða framleiðslu kollagens. Kollagen skal framleitt með vinnsluaðferð sem tryggir að hráefnin fái meðhöndlun með þvotti, pH-stillingu með sýru eða lút og því næst skolun í eitt eða fleiri skipti, síun og útdrætti eða með jafngildri og samþykktri vinnsluaðferð. Önnur vinnsluaðferð, sem leiðir af sér vatnsrofið kollagen, sem ekki er hægt að sprautsjóða, var lögð undir mat hjá Matvælaöryggisstofnun Evrópu. Matvælaöryggisstofnun Evrópu samþykkti 26. janúar 2005 álit um öryggi kollagens og vinnsluaðferð við framleiðslu kollagens. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að framleiðsluferlið, sem lagt er til hér að framan, tryggi jafngott eða betra heilbrigðisöryggi, með tilliti til kollagens, sem ætlað er til manneldis, og það öryggi sem fæst með því að beita stöðlunum sem um getur í XV. þætti. Því ber að breyta skilyrðunum fyrir framleiðslu kollagens.
- 7) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 853/2004 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55, leiðrétt með (Stjótd. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 22. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005 (Stjótd. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 83).

Nr. 104

25. janúar 2010

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 853/2004 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum II. viðauka verði breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Ákvæðum III. viðauka verði breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. nóvember 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Eftirfarandi komi í stað 2. liðar A-hluta 1. þáttar II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004:

- „2. Sé varan hins vegar tekin úr ytri og/eða innri umbúðum eða unnin frekar í annari starfsstöð verður að setja nýtt merki á vöruna. Í slíkum tilvikum skal nýja merkið innihalda viðurkenningarnúmer starfsstöðvarinnar þar sem þessi vinnsla á sér stað.“

—

II. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum IV. kafla I. þáttar er breytt sem hér segir:

a) Í stað 8. liðar komi eftirfarandi:

„8. Skrokkar og aðrir hlutar dýrsins, sem ætlaðir eru til manneldis, skulu flegnir að fullu nema þegar um er að ræða svín, kind-, geita- og kálfshausa, granir og varir á nautgripum og lappir á nautgripum, sauðfé og geitum. Hausa, þ.m.t. granir, varir og lappir, skal meðhöndla á þann hátt að komið sé í veg fyrir mengun.“

b) Í stað a-liðar 16. liðar komi eftirfarandi:

„a) skal fjarlægja hálskirtla nautgripa, svína og hófdýra samkvæmt reglum um hollustuhætti.“

2. Í III. kafla VIII. þætti bætist E-hluti við sem hér segir:

„E. KRÖFUR ER VARÐA FISKLÝSI SEM ÆTLAÐ ER TIL MANNELDIS

Stjórnendur matvælafrirtækja verða að tryggja að hráefni, notað við tilreiðslu fisklýsis, sem ætlað er til manneldis, samræmist eftirfarandi kröfum:

1. það verður að vera úr lagarafurðum sem teljast hæfar til manneldis,
2. það verður að vera frá starfsstöðvum, þ.m.t. fiskiskipum, sem eru viðurkenndar í samræmi við þessa reglugerð,
3. það verður að flytja og geyma til vinnslu við hollustusamleg skilyrði.“

3. Í stað IX. þáttar komi eftirfarandi:

IX. ÞÁTTUR HRÁMJÓLK, BRODDUR, MJÓLKURAFURÐIR OG AFURÐIR AÐ STOFNI TIL ÚR BRODDI

Í þessum þætti er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir,

1. „Broddur:“ vökvi, seyttur úr mjólkurkirtlum kvendýra frá mjólkurframleiðandi dýrum allt frá þrem til fimm dögum eftir got, sem er auðgur af mótfnavökum og steinefnum og kemur á undan framleiðslu hrámjólkur,
2. „afurðir að stofni til úr broddi:“ unnar afurðir sem fást með vinnslu brodds eða með frekari vinnslu slíkra unninna afurða.

I. KAFLI: HRÁMJÓLK OG BRODDUR — FRUMFRAMLEIÐSLA

Stjórnendur matvælafrirtækja, sem framleiða eða, eftir því sem við á, safna hrámjólk og broddi, skulu sjá til þess að kröfum, sem mælt er fyrir um í þessum kafla, séu uppfylltar.

I. HEILBRIGÐISKRÖFUR ER VARÐA FRAMLEIÐSLU HRÁMJÓLKUR OG BRODDS

1. Hrámjólkinn og broddurinn verða að vera úr dýrum sem:

- a) ekki sýna nein merki um smitsjúkdóma sem gætu borist með mjólkinni og broddinum í menn,
- b) eru almennt séð heilbrigð, sýna ekki merki um sjúkdóma sem gætu mengað mjólkina og broddinn og eru, einkum og sér í lagi, ekki með neina kynfærasjúkdóma sem valda útfærð, iðrakveisu með niðurgangi og hita né sýnilega júgurbólgu,
- c) eru ekki með sár á júgrinu sem gætu haft áhrif á mjólkina og broddinn,
- d) hafa ekki fengið óleyfileg efni eða afurðir né ólöglega meðferð í skilningi tilskipunar 96/23/EB,

- e) hafa fengið leyfilegar afurðir eða efni og tilskilinn útskilnaðartími þessara afurða og efna er virtur.
2. a) Að því er varðar öldusótt sérstaklega verða hrámjólk og broddur að vera:
- i. úr kúm eða bufflum sem heyra til hjarðar sem er laus við, eða opinberlega laus við, öldusótt í merkingu tilskipunar 64/432/EBE ⁽¹⁾,
 - ii. úr ám eða geitum á bújörðum sem eru lausar við, eða opinberlega lausar við, öldusótt í skilningi tilskipunar 91/68/EBE ⁽²⁾ eða
 - iii. úr kvendýrum annarra dýrategunda sem tilheyra, þegar um er að ræða tegundir sem eru næmar fyrir öldusóttarsmiti, hjörðum sem eru skoðaðar reglulega með tilliti til þess sjúkdóms samkvæmt varnaráætlun sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt.
- b) Að því er varðar berkla verða hrámjólk og broddur að vera:
- i. úr kúm eða bufflum sem tilheyra hjörð sem opinberlega er laus við berkla í merkingu tilskipunar 64/432/EBE eða
 - ii. úr kvendýrum annarra dýrategunda sem tilheyra, þegar um er að ræða tegundir sem eru næmar fyrir berklasmíti, hjörðum sem eru skoðaðar reglulega með tilliti til þess sjúkdóms samkvæmt varnaráætlun sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt.
- c) Ef geitur eru haldnar með kúm skulu geiturnar skoðaðar og prófaðar með tilliti til berkla.
3. Þó má nota hrámjólk úr dýrum, sem standast ekki kröfurnar í 2. lið, að fengnu leyfi lögbæra yfirvaldsins:
- a) ef um er að ræða kýr eða buffla sem sýna ekki jákvæða svörun í berkla- eða öldusóttarprófun og engin merki um þessa sjúkdóma og eftir að mjólkin hefur verið hitameðhöndluð þannig að hún gefur neikvæða svörun í prófun með basiskum fosfatasa,
 - b) ef um er að ræða ær eða geitur, sem sýna ekki jákvæða svörun í öldusóttarprófun eða hafa verið bólusettar gegn öldusótt innan ramma samþykkrar áætlunar um útrýmingu sjúkdóma og sem sýna engin merki um þann sjúkdóm, annaðhvort:
 - i. til framleiðslu á ostum sem þurfa að þroskast í a.m.k. tvo mánuði eða
 - ii. eftir að mjólkin hefur verið hitameðhöndluð þannig að hún gefur neikvæða svörun í prófun með basiskum fosfatasa og
 - c) ef um er að ræða kvendýr af öðrum tegundum sem sýna ekki jákvæða svörun í berkla- eða öldusóttarprófun og engin merki um þessa sjúkdóma en tilheyra hjörð þar sem berklar hafa greinst við skoðun, sem um getur í iii. lið a-liðar 2. liðar eða ii. lið b-liðar 2. liðar, ef mjólkin er meðhöndluð þannig að tryggt sé að hún er örugg.
4. Ekki má nota til mannelðis hrámjólk og brodd úr dýri sem stenst ekki viðeigandi kröfur í 1.–3. lið, einkum ekki úr dýri sem sýnir jákvæða svörun í leitarprófunum vegna berkla- eða öldusóttar eins og mælt er fyrir um í tilskipun 64/432/EBE og tilskipun 91/68/EBE.

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín (Stjtið. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977/64) Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 21/2004 (Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8).

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 91/68/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með sauðfé og geitur (Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 19). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/932/EB.

- Einangrun dýra sem hafa smitast eða sem grunur leikur á að hafi smitast af einhverjum þeim sjúkdómi, sem um getur í 1. eða 2. lið, skal vera með þeim hætti að komið sé í veg fyrir skaðleg áhrif á mjólk og brodd annarra dýra.

II. HOLLUSTUHÆTTIR Á MJÓLKUR- OG BRODDFRAMLEIÐSLUBÚUM

A. Kröfur er varða húsnæði og búnað

- Mjaltabúnaður og húsnæði, þar sem mjólk og broddur eru geymd, meðhöndluð eða kæld, skulu vera þannig staðsett og með þeim hætti að dregið sé úr hættu á að mjólkinn og broddurinn mengist.
- Verja skal húsnæði til geymslu á mjólk og broddi gegn meindýrum, það skal nægilega aðskilið frá húsnæði þar sem dýr eru geymd og, ef það reynist nauðsynlegt til að fullnægja kröfum sem mælt er fyrir um í B-hluta, búið hentugum kælibúnaði.
- Yfirborð búnaðar, sem er ætlað að komast í snertingu við mjólk og brodd (áhöld, ílát, geymar o.s.frv. til mjalta og söfnunar og flutnings á mjólk), skal vera auðvelt að þrifa og, ef þörf krefur, sótthreinsa og skal haldið í góðu ástandi. Þetta krefst þess að notuð séu slétt og óeitruð efni sem unnt er að gera hrein.
- Eftir notkun skulu þessir fletir þrífir og, ef nauðsyn krefur, sótthreinsaðir. Eins fljótt og unnt er eftir hvern flutning eða röð flutninga, þar sem aðeins líður skammur tími milli tæmingar og næstu áfyllingar, og ávallt a.m.k. daglega skal þrifa og sótthreinsa á viðeigandi hátt öll ílát og geyma, sem eru notuð til að flytja hrámjólk og brodd, áður en þau eru notuð aftur.

B. Hollustuhættir við mjaltir, söfnun og flutning

- Við mjaltir skal fylgja reglum um hollustuhætti og skal einkum sjá til þess:
 - áður en mjaltir hefst, að spenar, júgur og aðliggjandi svæði séu hrein,
 - að sá sem mjólkar athugi mjólkina og broddinn úr hverju dýri með tilliti til afbrigðileika, sem tengist skynmati eða eðlisefnafræðilegum eiginleikum, eða að þetta sé athugað með aðferð sem nær svipuðum árangri og að mjólk og broddur, sem eru afbrigðileg að þessu leyti, séu ekki notuð til manneldis,
 - að mjólk og broddur úr dýrum, sem sýna klínísk einkenni jógursjúkdóms, séu ekki notuð til manneldis nema samkvæmt fyrirmælum dýralæknis,
 - að dýr, sem fá lækni meðferð sem líklegt er að hafi í för með sér efnaleifar í mjólkinni og broddinum, séu auðkennd og að mjólk og broddur úr þessum dýrum séu ekki notuð til manneldis fyrir lok fyrirskipaðs útskilunartíma og
 - að spenadyfur eða -úðar séu aðeins notuð eftir leyfisveitingu eða skráningu í samræmi við þær verklagsreglur sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna⁽¹⁾,
 - að broddur sé mjólkaður sér og honum sé ekki blandað saman við hrámjólk.
- Geyma skal mjólkina og broddinn, strax að loknum mjóltum, á hreinum stað sem er hannaður og búinn þannig að komið sé í veg fyrir mengun.
 - Kæla skal mjólkina tafarlaust þar til hitastig hennar er orðið 8°C eða lægra ef mjólkinni er safnað daglega en 6°C eða lægra ef henni er ekki safnað daglega.
 - Geyma skal broddinn aðskilinn og kæla hann tafarlaust þar til hitastig hans er orðið 8°C eða lægra ef mjólkinni er safnað daglega en 6°C eða lægra ef honum er ekki safnað daglega.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/50/EB (Stjótið. ESB L 142, 30.5.2006, bls. 6).

3. Við flutning skal viðhalda kælingunni og þegar mjólkinn og broddurinn koma í viðtökustarfsstöð má hitastig þeirra ekki vera yfir 10°C.
4. Stjórnendur matvælafyrirtækja þurfa ekki að uppfylla kröfur um hitastig, sem mælt er fyrir um í 2. og 3. lið, ef mjólkinn uppfyllir viðmiðanirnar sem kveðið er á um í III. hluta og:
 - a) mjólkinn er annaðhvort unnin innan tveggja stunda frá mjóltum eða
 - b) hærra hitastig er nauðsynlegt af tæknilegum ástæðum sem tengjast framleiðslu tiltekinna mjólkurafurða og lögbært yfirvald hefur veitt leyfi til þessa.

C. Hreinlæti starfsfólks

1. Þeir sem fást við mjaltir og/eða meðhöndla hrá mjólk og brodd skulu klæðast hentugum og hreinum fatnaði.
2. Þeir sem fást við mjaltir skulu gæta fyllsta, persónulegs hreinlætis. Nauðsynlegt er að viðeigandi aðstaða sé í námunda við mjaltastað þar sem þeir sem mjólka og meðhöndla hrá mjólkina og broddinn geta þvegið sér um hendur og handleggi.

III. VIÐMIÐANIR FYRIR HRÁMJÓLK OG BRODD

1. a) Eftirfarandi viðmiðanir gilda fyrir hrá mjólk uns settar hafa verið fram kröfur innan ramma sértækari löggjafar um gæði mjólkur og mjólkurafurða.
- b) Innlendar viðmiðanir gilda fyrir brodd, að því er varðar líftölu (plate count), frumutölu eða leifar sýklalyfja, uns sett hefur verið sértæk löggjöf Bandalagsins.
2. Úr hrá mjólk og broddi, sem er safnað á mjólkurframleiðslubúí, skal með slembiúrtaki taka þann fjölda sýna sem þarf til að gefa lýsandi mynd af mjólkinni og broddinum og athuga hvort þau séu í samræmi við 3. og 4. lið sé það hrá mjólk og í samræmi við innlendar viðmiðanir, sem um getur í b-lið 1. liðar, sé það broddur. Þetta eftirlit getur verið á hendi eða fyrir hönd:
 - a) stjórnanda matvælafyrirtækisins sem framleiðir mjólkina,
 - b) stjórnanda matvælafyrirtækisins sem safnar mjólkinni eða vinnur hana,
 - c) hóps stjórnanda matvælafyrirtækja eða
 - d) innan ramma innlendrar eða svæðisbundinnar varnaráætlunar.
3. a) Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu gera ráðstafanir til að tryggja að hrá mjólk uppfylli eftirfarandi viðmiðanir:
 - i. þegar um er að ræða hrá mjólk úr kúm:

Líftala við 30°C (í ml)	≤ 100 000 (*)
Frumutala (í ml)	≤ 400 000 (**)

(*) Hlaupandi faldmeðaltal á tveggja mánaða tímabili þar sem tekin eru a.m.k. tvö sýni á mánuði.
 (***) Hlaupandi faldmeðaltal á þriggja mánaða tímabili þar sem tekið er a.m.k. eitt sýni á mánuði nema lögbæra yfirvaldið tilgreini aðra aðferð þar sem tekið er tillit til árstíðabundinna magnsveiflna í framleiðslunni.

- ii. þegar um er að ræða hrá mjólk úr öðrum dýrategundum:

Líftala við 30°C (í ml)	≤ 1 500 000 (*)
-------------------------	-----------------

(*) Hlaupandi faldmeðaltal á tveggja mánaða tímabili þar sem tekin eru a.m.k. tvö sýni á mánuði.

- b) Sé hrámjólk úr öðrum dýrategundum en kúm ætluð til framleiðslu á vörum sem eru unnar úr hrámjólk á annan hátt en með hitameðhöndlun skulu stjórnendur matvælafyrirtækja gera ráðstafanir til að tryggja að hrámjólkin samræmist eftirfarandi viðmiðun:

Líftala við 30°C (í ml)	≤ 500 000 (*)
-------------------------	---------------

(*) Hlaupandi faldmeðaltal á tveggja mánaða tímabili þar sem tekin eru a.m.k. tvö sýni á mánuði.

4. Með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 96/23/EB skulu stjórnendur matvælafyrirtækja gera ráðstafanir til að tryggja að hrámjólk sé ekki sett á markað ef:
- a) hún inniheldur annaðhvort leifar sýklalyfja sem eru, þegar um er að ræða eitthvert efnanna sem um getur í I. og III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2377/90 ⁽¹⁾, yfir leyfilegu magni samkvæmt þeirri reglugerð eða
- b) samanlagt magn leifa sýkladrepani efna í henni er yfir leyfilegu hámarksgildi.
5. Uppfylli hrámjólk ekki ákvæði 3. og 4. liðar skal stjórnandi matvælafyrirtækisins tilkynna það til lögbæra yfirvaldsins og gera ráðstafanir til úrbóta.

II. KAFLI: KRÖFUR ER VARÐA MJÓLKURAFURÐIR OG AFURÐIR AÐ STOFNI TIL ÚR BRODDI

I. KRÖFUR UM HITASTIG

1. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu sjá til þess að þegar komið er á vinnslustöð
- a) sé mjólk kæld hratt niður í 6°C eða lægra,
- b) sé broddur kældur hratt niður í 6°C eða lægra eða geymdur frosinn
- og haldist þannig fram að vinnslu.
2. Þó er stjórnendur matvælafyrirtækja heimilt að geyma mjólk og brodd við hærri hitastig ef:
- a) vinnsla hefst strax að loknum mjóltum eða innan fjögurra stunda frá því að tekið er við henni á vinnslustöð eða
- b) lögbæra yfirvaldið heimilar hærri hitastig af tæknilegum ástæðum sem tengjast framleiðslu tiltekinnar mjólkurafurða og afurða sem eru að stofni til úr broddi.

II. KRÖFUR ER VARÐA HITAMEÐHÖNDLUN

1. Þegar hrámjólk, broddur, mjólkurafurðir eða afurðir, sem eru að stofni til úr broddi, fá hitameðhöndlun skulu stjórnendur matvælafyrirtækja sjá til þess að kröfunum, sem mælt er fyrir um í XI. kafla II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 852/2004, sé fullnægt. Þegar eftirfarandi vinnsluáðferðum er beitt skulu þeir einkum sjá til þess að þær samræmist þeim forskriftum sem kveðið er á um:
- a) Gerilsneyðing á sér stað með aðferð sem felur í sér:
- i. hátt hitastig í stuttan tíma (a.m.k. 72°C í 15 sekúndur),
- ii. lágt hitastig í langan tíma (a.m.k. 63°C í 30 mínútur) eða

⁽¹⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu (Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls 1). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1231/2006 (Stjtið. ESB L 225, 17.8.2006, bls. 3).

iii. hvaða samsetningu tíma og hitastigs sem er til að ná fram sömu áhrifum,

þannig að afurðirnar sýni, eftir því sem við á, neikvæða svörun við prófun með basiskum fosfatasa strax eftir slíka meðferð.

b) Meðferð með leifturhitun (UHT) fæst með meðhöndlun:

i. sem felur í sér stöðugt varmaflæði við hátt hitastig í stuttan tíma (ekki lægra en 135°C ásamt hæfilegum tímamörkum) þannig að engar lífvænlegar örverur eða gró geti vaxið í meðhöndluðu afurðinni þegar hún er geymd í dauðhreinsuðu lokuðu íláti við umhverfishita og

ii. sem nægir til þess að tryggja að afurðirnar viðhaldi örverufræðilegum stöðugleika eftir að hafa staðið í 15 daga við 30°C í lokuðum ílátum eða í sjö daga við 55°C í lokuðum ílátum eða eftir hvaða aðra aðferð sem er sem sýnir fram á að viðeigandi hitameðferð hefur verið beitt.

2. Þegar stjórnendur matvælafyrirtækja ákveða hvort hrámjólk eða broddur eigi að fá hitameðhöndlun skulu þeir:

a) taka mið af þeim verklagsreglum sem eru samdar með hliðsjón af meginreglum um greiningu á hættu og mikilvægum stýristöðum (GáHMSS) samkvæmt reglugerð (EB) nr. 852/2004 og

